

B

**Nr. VII Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 28/4 1977**

G.Br.



GEIRFINNSMÁL

MAPPA : 3

FRUMRIT : Bls. 1001-1318 (1364)

I

B Nr. VII Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 28/4 1977

G.Br.

GEIRFINNSMÁL

MAPPA : 3

FRUMRIT : Bls. 1001-1318 (1364)

I

28. 12. 1976. Undirritaður ásamt Jónasi Bjarnasyni töluðum í dag við Sævar M. Ciesielski, en ekki var gerð formleg skýrsla.

~~Hann fullyrðir, að Guðjón hafi skilið Meðlim eftir á Ásvallagötu áður en farið var til Keflavíkur.~~

Segir, að Kristján og Guðjón hafi tekið undir axlir Geirfinns, en hann sjálfur undir fatur, er þeir voru að koma líkinu fyrir í Vw bifreiðinni í Dráttarbr.'

Á leiðinni frá Keflavík hafi verið rætt um hvað gera ætti við líkið. Kristján eða Guðjón hafi stungið upp á að fara út á Alftanes, en það hafi ekki verið gert. Er þeir hafi verið staddir í Garðahreppi, þá hafi verið ákveðið að fara með líkið heim til Kristjáns.

Þegar líkið var tekið úr bifreiðinni hafi Kristján tekið undir axlir þess, en hann sjálfur undir faturna. Guðjón hafi ekki aðstoðað við að bera líkið úr bifreiðinni. Er Sævar var ítrekað spurður um þetta atriði þá breytti hann framburði og sagði að Guðjón hefði haldið undir líkið meðan Kristján var að opna kjallarahunni. Hann kvaðst ekki muna eftir sendi-bifreiðinni, eða Sigur'i Öttari á Grettisgötunni þessa nótt.

Sævar hafði áður sagt að það hafi verið samantekin ráð að blanda klúbbmönnum í málið. Hann var ítarlega spurður um þetta atriði sérstaklega þátt Guðjóns. Sævar sagði þá að hann hafi nefnt þetta við Guðjón, er þeir voru tveir einir. Guðjón hafi hlustað á þetta, en ekki tekið þátt í að ákveða meinsæri. Hann taldi að þetta hefði gerst á Mokka þann 20. 11. 1974.


Grétar Sæmundsson

lögreglum.

29. 12. 1976. Þar sem Guðjón Skarphéðinsson hafði nefnt opinn skurð við Dalbraut og að hann hafi stungið upp á að koma þar fyrir líki Geirfinns, en jafnframt sagt að þarna hafi verið um að ræða skurð í sambandi við lagningu jarðrafmagnskapals, þá talaði ég við Hersi Oddsson, fulltrúa hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Hann upplýsti að á þeirra vegum hefði jarðkapall verið lagður um Dalbraut sumarið 1973. Mokað hefði verið ofan í skurðinn jafnóðum og verkinu verið lokið það sumar.

Guðjóni var ekki sagt frá þessum upplýsingum.


Grétar Sæmundsson
lögreglum.



RAFMAGNSVEITA
REYKJAVÍKUR

1002 A

Dags.

Orðsending

Viðtakandi	<input type="checkbox"/> Til athugunar
Sendandi	<input type="checkbox"/> Til afgreiðslu
Samrit	<input type="checkbox"/> Til umsagnar
	<input type="checkbox"/>
Málefni	

Eflir því sem nóst. verður
komið eru framkv. málningar á
streng í Dalbraut.

4/6 "73. Strengurinn mældur

7/6 "73 Tengihöllur við Sundl.v.
mældur

ca 14/6 "73 Tengihöllur við
Kleppsvæð mældur

Föstudaginn 7. jan. 1974 var tekin til yfirheyrslu í fangelsinu við Síðumúla gæzlufanginn Sævar M. Ciesielski f. 6. júlí 1955.

Mætti er sérstaklega spurður um hvað hann hafi upp á lagt Geirfinni Einarssyni fyrir fundinn við Hafnarbúðina í Keflavík er hann ræddi við hann í síma. Þ.e. hvort hann ætti að koma ein-samall og hvort hann ætti að koma fótgangandi.

Mætta er kunnug l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli:

Er ég talaði í síma við Geirfinn Einarsson áður en við fórum suður til Keflavíkur 19/11. 1974 sagði ég honum að koma á ~~stefnumótið~~ einn síns liðs og einnig er öruggt að ég bað hann að koma fót-gangandi.

Mætti er sérstaklega spurður um miða þá sem hann skrifaði niður ~~símanúmer~~ nafn Geirfinns á bæði í Klúbbnum og eins heima hjá Guðjóni Særhéðinssyni er hann skrifaði niður símanúmerið.

Hann skýrir svo frá: "Er Geirfinnur Einarsson hafði gefið mér upp nafn sitt í Klúbbnum 17/11. 1974 tók ég upp svarta nokkuð stór, vasa bók sem ég gekk með. Ég skrifaði á lausan miða sem var inn í henni nafn Geirfinns. Kvöldið eftir er ég fékk upp símanúmer hans heima hjá Guðjóni er ég hringdi þaðan í 03. á Lands. Ísl. Þók ég upp þennan sama miða og bætti inn á hann númerinu. Ég fékk Guðjóni miðann en man ekki hvort ég tók við honum ~~og lagði~~ símanúmerið á minnið. Allavega hafði ég númerið er ég hringdi síðan á Geirfinn kvöldið eftir áður en við fórum suður eftir.

Er við vorum fyrir utan Hafnarbúðina þann 19/11 fékk ég Kristján Viðari þeannan miða er hann fór inn til að hringja, en ekki get ég munað hvort ég tók við miðanum þá hjá Guðjóni eða var sjálfur með hann í vasanum. Þegar Kristján fór inn þá ámalgaði ég við hann að segja Geirfinni að koma einum og fótgangandi.

Er Kristján kom út aftur fór ég út úr bifreiðinni svo hann kæmist aftur í. Þá fékk hann mér miðann og er ég var sestur inn og vissi að Geirfinnur var á leiðinni reif ég miðann í sundur, kuðlaði hornum saman og henti honum út um gluggann. Ekki minnst ég þess að hafa skræð nafn eða símanúmer Geirfinns nema á þennan eina miða.

Mætti er sérstaklega spurður um hvað varð um Kápu Erlu sem hann segir að sett hafi verið yfir Geirfinn á leiðinni í Volkswagen-bifreiðinni til Reykjavíkur.

Hann skýrir svo frá: "Eins og ég er búin að segja gleymi ég kápunni heima hjá Bjarna Þór á Bergþórugötunni, 20 eða 21. nóv. 1974. Er ég hugsa betur um þetta man ég að það er ekki rétt hjá mér að ég hafi sótt kápu aftur fljótlega. Hún var þar unz við Erla komum frá Kaupmannahöfn um ~~verið~~. Þá bað hún mig að sækja kápu. Ég fór heim til Bjarna og spurði hann eftir henni. Hann sagði að systir sín Kittý væri með kápu. Nokkrum dögum síðar kom ég aftur til Bjarna. Þá var kápan komin þarna. Hún hékk í fatahengi eða var í skáp til vinstri þegar gengið er inn í íbúðina. Bjarni vísaði mér á kápu. Ég vissi að svartir blettir voru innan í kápunni og fór ~~á~~ skoða þá betur þarna. Ég sá að blettir voru að innan verðu við hettuna og einnig voru blettir á annari erminni. Þar sem ég taldi þetta blóðbletti sem komið hefu ~~við~~ í ferðinni til Keflavíkur fleygði ég kápunni í sorptunnu bak við húsið Bergþórugötu 27 þar sem Bjarni Þór á heima. Ég sagði síðan Erlu að kápan væri týnd!"

Mætti er sérstaklega spurður um hvað mikla peninga hann hafi haft ~~undir~~ undir höndum og hvar hann hafi geymt þá í nóv. 1974.

~~Þann~~ skýrir svo frá: "Í síðara póstsvikamálinu sem var haustið 1974 komumst við Erla yfir kr. 475/- þúsund. Við geymdum þessa peninga heima hjá okkur á Hjallaveginum. 19. nóv. 1974 áttum eftir nálægt kr. 200/- þús. Þá voru peningarnir geymdir í filmuboxi í kápuvasa heima í íbúinni hjá okkur. Það voru 70/ þús sem ég tók með til Keflavíkur í fimm þús kr. seðlum. Þeir voru í búnti og bréfa klemma utan um!"

Jónás Bjarnason

Jóns.lógr.m.

Vottur:

Gretar Sæmundsson

Upplesið staðfest.

Cævar M. Ciesielski

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

Föstudaginn 7.1.1977, kl. 16,15, er mættur á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar, Þórður Ingimarsson tækjastjóri, f. 20.8.1949 tilh. Hátúni 8, Keflavík sími 92-1628. Narnnr. 9516-5494.

Þórður er fyrst spurður um hvort hann geti nánar greint frá því er Geirfinnur sagði honum frá því, að hann væri að fara á stefnumót:

"Þegar ég kom heim til Geirfinns kl. um 20,50 og ætlaði að fá hann með mér í bíó, þá sagði hann mér, að hann gæti ekki komið og að hann væri að fara á stefnumót kl. 22,00.

Hann sagði mér aldrei frá því, hverja hann væri að hitta, en sagðist hafa átt símtal varðandi þetta stefnumót þá nokkru áður, en ekki minnst ég þess, að hann nefndi neinn tíma í sambandi við símtalið.

Ég spurði hann ekkert út í þetta símtal, né heldur hverja hann ætlaði að hitta, en sterklega fannst mér, að Geirfinnur væri að hitta einhverja, sem hann þekkti, eða hefði hitt áður.

Hann nefndi þó engin nöfn, en talaði þannig, að mér fannst sem hann væri að hitta fleiri en einn mann.

Ég man þó ekki hvaða orð hann hafði um þetta, en alla vegna fannst mér, sem hann hefði einhverja hugmynd um það, hverja hann væri að hitta. Einnig man ég, að hann talaði um, að þetta væri allt eitthvað dularfullt og að hann ætti að koma einn og koma gangandi og á leiðinni í bílnum þá talaði Geirfinnur um, að vissara hefði verið að vera vopnaður barefli, en það fannst mér hann segja í gríni.

Mér fannst sem Geirfinnur segði mér þetta í trúnaði og ég man, að hann talaði um, að Guðný mætti ekki vita neitt um þetta.

Á leiðinni var ekki mikið talað, sem ég sérstaklega man eftir annað en þetta með bareflið og áður en við skildum, þá bað hann mig um, að taka sig með þegar ég færi í vinnuna suður í Sandgerði.

Ég sleppti Geirfinni úr bifreiðinni, áður en Hafnarbúðin kom í sjónmál.

Ég man, að Geirfinnur var klæddur kuldaúlpu með hettu. Úlpan var mittisúlpa, blá að lit og minnir mig ~~örugglega~~ að fóður í úlpunni hafi verið appelsínurautt og loðkantur á hettunni, hafi verið gráleitur. Þá man ég, að hann var í grænleitum flauelsbuxum og mig minnir ~~örugglega~~, að hann hafi verið í brúnum lágum vinnuskóm!

Þá er Þórður spurður um, hvort hann kannist við nokkurn mann í Keflavík, eða nágrenni, sem kallaður væri "Geiri" og hvort hann hefði heyrt Geirfinn tala um "Magga" eða þekkti nokkurn með því nafni:

"Ég minnst þess ekki, að þekkja nokkurn mann þarna syðra, sem kallaður er "Geiri" eða hafa heyrt talað um nokkurn "Geira".

Ég tel, að væri þessi "Geiri" einhver miðlari í sambandi við áfengi, þá hefði ég nokkuð örugglega átt að hafa heyrt talað um slíkan mann á mínum vinnustað, en ég minnst þess ekki.

Þá kannast ég ekki við neinn, sem "Maggi" er nefndur og ég minnst þess ekki, að hafa heyrt Geirfinn orða þetta nafn."

Þessu næst er Þórður spurður um, hvenær þeir hófu vinnu þann 18. og 19. nóv. 1974 og hvar unnið var dagana áður:

Ég var búinn að vinna þarna í grjótnáminu við Sandgerði þó nokkuð lengur en Geirfinnur og ég er öruggur um, að við Geirfinnur unnum þarna saman alla vikuna á undan.

Þann 17. nóv. 1974, fórum við Geirfinnur, ásamt Birni Marteinsyni í Klúbbinn, en áður höfðum við farið í bíó í Keflavík kl. 19,00.

Eftir að við komum úr bíóinu, þá kom okkur saman um, að fara til Reykjavíkur og í Klúbbinn. Björn var ölvaður er við fórum í bíóið, en Geirfinnur hafði þá ekki bragðað vín og smakkaði ekki vín, fyrr en á leiðinni til Reykjavíkur, en þá voru Geirfinnur og Björn eitthvað að drekka. Ég ók þeim á bifreið minni.

Ég man ekki nákvæmlega hvenær við komum í Klúbbinn, en held að klukkan hafi verið orðin rúmlega 22,00, en áður en við fórum úr Keflavík, fór Geirfinnur heim og lét vita hvert hann var að fara, að ég held.

Ég man ekki eftir neinu sérstöku þarna í Klúbbnum, en ég var oftast einhversstaðar í námunda við Geirfinn og ég man, að Geirfinnur varð fljótt töluvert ölvaður. Hann var ekki sjálfur með peninga, en ég lánaði honum peninga og man, að hann drakk þó nokkur glös. Ég man, að eitt sinn er við vorum þarna á rölti, þá hittu Geirfinnur mann í stiganum, sem er af 2. hæð og upp á 3. hæð og þeir tóku tal saman og mér virtist, sem þeir þekktust og sjálfum fannst mér, sem ég hefði séð manninn áður, en get ekki komið honum fyrir mig. Ég beið smá stund, en Geirfinnur og maðurinn settust í stigaprep, en ég heyrði ekkert hvað þeir ræddu.

Ég fór síðan upp, en þeir sátu þá þá í stiganum, en Geirfinnur kom rétt á eftir mér. Við ræddum ekkert um þennan mann.

Þessi maður kom mér þannig fyrir sjónir, að hann væri um

25-30 ára að aldri, grannvaxinn og mér fannst hann vera hávaxinn þar sem hann sat, en ég veitti honum ekki nána athygli í fyrstu.

Ég man, að hann var frekar ljóshærður, eða skolhærður, en ekki man ég eftir klæðnaði hans. Ég man ekki hvort þessi maður var ölvaður, en ég man örugglega, að Geirfinnur var ekki orðinn mikið ölvaður þarna og hlýtur þetta því, að hafa verið nokkuð snemma um kvöldið. Annað man ég ekki sérstaklega, en við vorum þarna um tíma við borð með fleiri Keflvíkingum og vorum reyndar við það borð, mikinn tíma kvöldsins.

Ég ók Geirfinni og Birni síðan heim um nóttina og morguninn þann 18. fór ég í grjótnámið og byrjaði að moka kl. 08,00 og mokaði til kl. 10,00, en þá tók Geirfinnur við, en mig minnir, að hann kæmi rétt áður. Hann mokaði síðan til kl. 12,00 og tók ég þá við og mokaði til kl. 15,30, en þá tók Geirfinnur við og mokaði til kl. um 19,00, en þá var hætt.

Á þriðjudagsmorguninn þá ~~er þetta líka einn af þeim dögum sem ég minnst best~~ mættum við í áhaldahúsinu upp úr kl. 07,00, en þann morgun byrjaði Geirfinnur að moka kl. 08,00 og var til kl. 10,00, en ég tók þá við og mokaði til kl. 12,00. Geirfinnur mokaði frá kl. 12,00 og til kl. 15,30, en ég vann síðan við moksturinn til kl. um 19,00.

Ég get ekki svarað því, hvernig Geirfinnur fór heim, en venjan var sú, að við húkkuðum okkur far og fórum þá út á veg, eða að við tókum rútuna, sem fór venjulega um kl. 17,00.

Ég hefi svo greint frá því, sem ég veit frá þessu kvöldi þann 19. nóv. 1974.

Morguninn eftir þann 20. nóv. 1974, kom ég heim til Geirfinns um kl. 07,45, eins og um hafði talast á milli okkar kvöldið áður.

Ég beið fyrst úti og flautaði, en fór síðan og hringdi dyra-þjöllunni og þá kom Guðný til dyra og var hún á náttslöpp.

Hún sagði mér þá, að Geirfinnur hefði ekki komið heim um nóttina og spurði hvert ég hefði ekið honum kvöldið áður og hvort ég vissi, hvað hann hefði ætlað. Hún sagði mér þá, að hann hefði komið heim kvöldið áður, eftir að ég ók honum, en farið aftur skömmu síðar. Ég man ekki hvað okkur fór meira á milli, en hún var með miklar áhyggjur man ég. Ég held, að ég muni ekki eftir neinu sérstöku öðru, en því, sem fram er komið."

Yfirheyrslu lauk kl. 17,55.

Vottur:
Sigrbj. Viðir Næggertsson
lögreglum.

Ival Hannesson
lögreglum.

Upplesið staðfest,

Þórður Ingimarsson.

Laugardaginn 8. jan. 1977 kl. 13,10 mætti hjá rannsóknarlögreglunni Lára Helga Gunnarsdóttir forstöðukona t.h. Mávahlíð 42 Reykjav. f: 17/6. 1916. (N.nr. 5988-1639)

Mætta er eigandi Fíatbifreiðarinnar R 16706 sem Guðjón Skarphéðinss. sögist hafa verið með er Sævar Ciesielski sótti hann vestur á Lambhól að kvöldi þess 19/11. 1974 áður en lagt var af stað í ferðina til Keflavíkur.

Mætta sem er fyrrverandi tengdamóðir Guðjóns er sérstaklega spurð um hvort hún telji að hann hafi haft bifreiðina að láni umræddan dag og einnig hvort hún hafi tekið mold eða öðrum óhreinindum á eða í bifreiðinni er hún fékk hana í hendurnar aftur. Eins er hún spurð hvort Guðjóni hafi verið sett einhver skilyrði af hennar hálfu er hann fékk bílinn að láni.

Hún skýrir svo frá áminnt um sannsögli: "Ég fékk Fíatbifreiðina R 16706 í okt. þá nýja. bifreiðin er af gerðinni 127, karrý-gul að lit.

Ég var síðan til heilsunnar þetta haust og ók því bifreiðinni lítið en Guðjón fékk hana oft lánaða. Ég get alls ekki munað hvort ég lánaði Guðjóni bifreiðina 19. nóv. 1974 og ef svo hefur verið/^{eða} þá hvenær ég hefi fengið hana til baka.

Ekki get ég muðan að bifreiðin væri meira óhrein í eitt skiptið öðru frekar og aldrei veitti ég því athygli að mold væri inni í bifreiðinni á gólfinu eða aftur í farangursgeymslunni, en það munu hafa liðið mánuðir milli þess sem ég opnaði hana.

Ekki man ég eftir að hafa sett Guðjóni nein sérstök skilyrði fyrir láninu er varðaði bifreiðina, en ég var þarna ~~há~~ nýbúin að fá hana nýja og því sárt um hana.

Það kann að vera að ég hafi síður viljað að hann léti bifreiðina standa fyrir utan húsið á Ásvallagötunni því að sonur minn Gunnar var stundum að biðja að fá bifreiðina að láni og láta unnustu sína aka því hann var ekki með ökuréttindi, en mér var ver við það og það kann að vera að ég hafi heldur síður viljað að hann sægi þá að ég væri að lána Guðjóni bifreiðina. Um þetta leiti þurfti ég' að fara næstum daglega til læknis og þá fékk ég Guðjón venjulega til að flytja mig á milli á bifreiðinni. En ég get alls ekki munað þarna einn dag öðrum frekur, en í nóv. 1974 fór ég næstum daglega til læknis"

Jónas Bjarnason

Rannsóknarlögreglun.

Upplesið staðfest.

Lára Gunnarsdóttir

1009 Reykjavík, 9. jan. 1977.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

Í dag fór ég undirritaður, ásamt Ragnari Vigni forstöðumanni tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, á Hvolsvöll í Rangárvallasýslu. Tílefnið var, að þar er nú Land-Rover bifreið sú, sem Sævar Ciesielski og Erla Bolladóttir áttu í nóvember 1974.

Meðan bifreiðin var í þeirra águ hafði hún skrásetningarnúmerin R-42679 og munu þau hafa eignast bifreiðina (samkvæmt bifreiðaskrá) þann 14. nóv. 1974.

Þann 7. júlí 1975 eru þau Sævar og Erla talin hafa selt bifreiðina og er kaupandinn þá Finnbogi Ástvaldsson, Stóragerði 16 á Hvolsvelli. Þá fekk bifreiðin skrásetningarnúmerin L-1096, sem hún hefur enn.

Þann 8. júlí 1976 seldi svo Finnbogi bifreiðina Jóni Smára Lárussyni, Indriðakoti, Vestur Myjafjallahrepp í Rangárvallasýslu.

Áður en við Ragnar fórum höðan úr bofginni hafði ég símasamband við Jón Smára og tjáði hann mér, að bifreiðin stæði við aðsetur vegagerðar ríkisins á Hvolsvelli og væri ógangfær. Okkur væri heimiligt að fara þangað og rannsaka bifreiðina eftir þörfum. Á Hvolsvelli höfðum við samband við lögreglumanninn á staðnum, sem aftur talaði við verkstjóra vegagerðar ríkisins þar og fórum við síðan allir fjórir ~~á~~ þangað sem bifreiðin stóð. Henni var síðan ýtt inn í verkstæðishúsnæði og þar rannsakaði Ragnar bifreiðina að innan með tilliti til hugsanlegra ummerkja eftir blóð. Aftur í bifreiðinni innaná báðum hliðum var rautt teppi, en gólfið sjálft bert járn. Jón Smári kom þarna á staðinn og veitti hann okkur fúslega leyfi til þess að fjarlægja teppin innan af hiðunum og hafði Ragnar búтана með sér hingað til borgarinnar.

Ég talaði við Finnboga í síma. Hann tjáði mér, að þegar hann keypti bifreiðina, þá hefði einnig verið teppi á gólfinu aftur í bifreiðinni. Það sagði hann, að hefði verið mjög óþrifalegt og hann því fyrir hingu fleygt því og væri ómögulegt að segja um nú hvar það kynni að vera niðurkomið. Hann sagði, að á um það bil miðju teppinu hefði verið blettur, ~~á~~ ca. 40 cm í þvermál. Ekki vissi Finnbogi herskonar blettur þetta var, en hann hefði verið heldur dekkri, en teppið sjálft, sem var rautt.

E. N. Bjarnason
Lögreglum.

RANNSÓKNARNEFNDIN REYKJAVÍK.

Föstudaginn 14. janúar 1977, kl. 16:00, er mættur til skýrslutöku, Kristján Viðar Viðarsson, f. 21.4.1955, núverandi gæzlufangi. Honum er kunnugt um tilefni skýrslutökunnar, sem er vitneskja hans og þátttaka í hvarfi Geirfinns Einarssonar 19. nóvember 1974. Gætt er l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: Ég var einu sinni í Klúbbnum með Sævari Ciesielski þegar hann bað mig að ganga að manni sem hann benti mér á og spurja hann hvort hann vildi selja, eða kaupa spíra. Ég man ekki hvort spurningin var, að selja, eða kaupa, en þó minnir mig frekar kaupa. Eins man ég ekki fyrir víst, hvaða dag þetta gerðist, en það er hugsanlegt, að það hafi verið 17. nóvember 1974, en þó minnir mig, að það hafi verið fyrr. Þegar Sævar bað mig um þetta, vorum við staddir á stigapallinum á 2 hæð, en maðurinn stóð við glervegg, þar rétt fyrir innan. Maðurinn virtist verða undrandi á þessari spurningu minni og sagði ég honum þá, að ég væri að gera að gamni mínu, en meira varð ekki úr samtali okkar á milli. Ég hélt, að þarna hefði ég verið að bera á milli eitthvað dulmál, sennilega varðandi hass. Mér fannst Sævar vera að gera mig að fífla með þessu og var ég því höstugur við hann þegar ég kom til hans aftur. Ég tek það fram, að ég gaf mig ekki á tal við manninn fyrr en Sævar hafði margítrekað það við mig og lét ég þá undan. Sævar sagði mér ekki í hvaða tilgangi ég átti að segja þetta við manninn, en mér finnst hugsanlegt að maðurinn hafi verið Geirfinnur Einarsson. Ég yfirgaf Sævar þarna á stigapallinum og veit því ekki hvort hann talaði eitthvað við manninn, eftir að ég fór, en hafi svo verið, veit ég ekki hvað þeim fór á milli. Ég hittí Sævar í húsinu, síðar um kvöldið en hann minntist ekkert á þetta við mig, svo að ég lét það kyrrt liggja. Ekki man ég eftir öðru sérstöku, sem gerðist þetta kvöld, eða samskiptum Sævars við aðra þarna í húsinu.

Það var svo mánudaginn 18. nóvember 1974, að Sævar hringdi til mín, að Laugavegi 32 og bað mig að koma með sér suður með sjó, þar sem hann ætlaði í einhvern "spíraleiðangur". Ég spurði Sævar í gríni, hvort hann ætlaði að stela spíra og svaraði hann því játandi. Hann spurði mig þá hvort ég gæti útvegað sendibreið, til að flytja spírann og nefndi hann Sigurð Óttar

Hreinsson í því sambandi, en ég sagðist mundi athuga málið. Ég man líka að Sævar spurði hvort ég gæti kannað með hugsanlega kaupendur að spíra og sagðist ég atla að athuga það.

Daginn eftir, eða þann 19. kom Sigurðu Óttar til mín, á Laugaveg 32 og spurði ég hann hvort hann gæti útvegað sendibifreið um kvöldið, en hann sagðist skyldi gera það, ef hann gæti. Ég sagði Óttari ekki hvað hann ætti að flytja, en sagði honum aðeins, að um "flutning" væri að ræða. Ég sagði honum að koma á Vatnsstíg á ákveðnum tíma, sem hann gerði, þá um kvöldið. Ekki man ég hvaða tíma ég nefndi við Óttar, en það var einhvern-tíma á bilinu milli kl. 20:00 og 20:30.

Um kvöldið kom Sævar til mín á Laugaveg 32 og sagði mér, að koma í bíl út á Vatnsstíg. Ég sótti jakkann minn, sem var svartur leðurjakki og fór svo út. Sævar fór aðeins á undan og var hann seztur inn í bifreiðina, þegar ég kom að. Í þessu kom Sigurður Óttar á gulum, frambyggðum Mercedes-Benz sendibíl og stöðvaði hægra megin, nokkru neðar á Vatnsstígnum. Við Sævar gengum að sendibifreiðinni og að beiðni Sævars, sagði ég Óttari að aka til Keflavíkur. Ég var allmikið undir áhrifum lyfja og átti erfitt með að átta mig á leiðbeiningum Sævars, svo að Sævar vísaði sjálfur Óttari til vegar. Síðan gengum við Sævar að fólksbifreiðinni aftur. Þetta var ljósblá Volkswagen-bifreið og sat Guðjón Skarphéðinsson undir stýri, en Erla Bolla-dóttir sat í aftursætinu, vinstra megin. Ég settist í aftur-sætið hægra megin, en Sævar í framsætið, við hlið Guðjóns.

Síðan var ekið til Keflavíkur, en Óttar hafði ekið af stað, eftir að hafa fengið leiðbeiningar Sævars. Ég man, að á leiðinni suðureftir vorum við að gá að sendibifreiðinni, en ég man ekki til þess, að við höfum komið áuga á hana. Ég get ekki munað greinilega hvað talað var í bifreiðinni á leiðinni, en ég man, að einhverntíma í bifreiðinni töluðu þeir Sævar og Guðjón um einhvern sem gæti verið erfiður. Einnig man ég, að tekið var benzin á bifreiðina og gæti það vel hafa verið í Hafnarfirði.

Þegar við komum til Keflavíkur, sáum við hvar sendibifreið Óttars stóð kyrrstæð við gatnamót nálægt Aðalbílastöðinni. Við stöðvuðum aftan við sendibifreiðina og ég fór út og sagði Óttari að aka í Dráttarbrautina, en hann sagðist ekki vita hvar hún væri. Ég sagðist ekki vita það heldur, en Sævar hafi sagt, að

hún væri innst í kaupstaðnum. Óttar ók þá af stað, en við ókum að Hafnarbúðinni, en ég held að klukkan hafi þá verið um 22:00. Við stoppuðum í námunda við Hafnarbúðina og ég og Sævar gengum út og fórum inn í búðina. Sævar keypti þar sígarettur og súkkulaði og ég man að hann sagði, að við skyldum láta sem við þekktumst ekki. Við fórum svo út í bifreiðina aftur og þá var ekið að Dráttarbrautinni. Þar var stöðvað einhversstaðar á svæðinu milli húss Dráttarbrautarinnar og pípugerðar, sem þarna er og ég hljóp niður í Dráttarbraut, til að gå að Óttari. Sævar hafði sagt mér að flýta mér, því við hefðum lítinn tíma. Ég kom að Óttari í sendibifreiðinni, þar sem hann hafði lagt henni neðarlega í brautinni, niður undir bryggjunni. Ég man að Óttar var óþolinmóður og ég sagði honum að bíða rólegum. Síðan flýtti ég mér aftur að bifreið okkar og þá var ekið til baka. Þá var stöðvað við "sjoppu" þar sem Sævar fór út úr bifreiðinni og sagðist ætla að hringja. Hann kom aftur skömmu síðar og sagðist ekki hafa getað hafa hringt, þar sem svo margt fólk var í "sjoppunni". Ég get ekki gert mér fyllilega grein fyrir hvar þessi "sjoppa" er, en hún er einhversstaðar við aðalgötuna, sem liggur gegnum kaupstaðinn.

Þegar Sævar var seztur aftur inn í bifreiðina, var ekið að Hafnarbúðinni. Þar sá ég Guðjón skrifa miða, sem hann rétti Sævari, en hann lét mig fá miðann. Á miðanum var símanúmer og að ég held nafn Geirfinns, en mig minnir fastlega, að Guðjón hafi skrifað miðann eftir fyrirsögn Sævars. Sævar sagði mér að fara inn í Hafnarbúðina og hringja til Geirfinns og segja honum "að við værum komnir" og að Geirfinnur ætti að "koma einn og vera gangandi". Ég fór inn og fékk lánaðan síma og ég man, að ég átti einhver orðaskipti við afgreiðslustúlka, sem var í bláum sloppi.

Ég hringdi í símanúmerið og barn kom í símann. Ég spurði eftir Geirfinni og ég heyrði barnið kalla "pabbi". Þá kom karlmaður í símann og ég spurði: "Ert þú Geirfinnur". Hann svaraði því játandi og ég sagði honum það sem fyrir mig hafði verið lagt. Geirfinnur spurði þá: "Er Maggi þarna?". Ég svaraði: "Það er enginn hérna, ég er hérna einn". Hann spurði mig þá hvar ég væri og ég sagðist vera í einhverri "sjoppu". Hann spurði mig þá hver ég væri, en ég svaraði, að það skipti ekki máli og lagði símtólið á. Ég man ekki hvað varð um miðann, sem Sævar lét mig fá, en ég held, að annarhvor okkar hafi eyðilagt hann.

Eftir þetta fór ég aftur að bifreiðinni og Sævar hleypti mér í aftursætið, en sat áfram í framsætinu. Síðan ókum við aðeins frá og biðum. Stuttu síðar sagði Guðjón: "Þarna kemur hann!" Sævar fór þá út og hleypti Geirfinni inn og settist hann hægra megin við mig, þannig að ég sat milli hans og Erlu. Það var þegar ekið af stað og Sævar fór að ræða við Geirfinn. Ég blandaði mér ekkert í samræðurnar og man ekkert sérstakt úr því, en ekið var í átt að Dráttarbrautinni. Ég sá að Sævar tók upp seðlabúnt og sýndist mér það vera eingöngu 5000 krónu seðlar. Hann rétti Geirfinni seðlabúntið, en hann virtist tregur til að taka við þeim. Hann tók þó við seðlunum, en kastaði þeim svo á gólfið milli framsætanna. Ég sagði þá við Geirfinn: "Hvaða fíflalæti eru þetta, hvað á þetta að þýða?". "Ef þú ætlar að láta eins og fífl hérna skaltu koma þér út". Þegar þarna var komið, var bíllinn stöðvaður og Sævar fór út, Geirfinnur á eftir honum og síðan við Guðjón, en Erla sat eftir inni. Þá lá eitthvað af peningunum eftir á gólfinu. Rifrildið hélt áfram, eftir að við komum út úr bifreiðinni og ég man, að Geirfinnur sagði eittvað á þá leið, að hann þekkti Sigurbjörn, Magnús Leopoldsson og Klúbbmenn.

Þegar þarna var komið, ætlaði Geirfinnur að fara burtu, en ég stóð í vegi fyrir honum. Ég heyrði að Guðjón sagði: "Við skulum taka hann í gegn". Geirfinnur hrinti mér frá, en ég sló til hans með hnefanum og held ég að höggið hafi komið á vinstri kjálka hans, en þó er ég ekki viss um það atriði. Sævar sló hann líka, en ég veit ekki hvar högg hans lentu, þar sem þetta gerðist svo snögglega. Geirfinnur greip þá Sævar og kastaði honum langt frá sér og Guðjón blandaði sér í átökin. Annarhvort ég eða Guðjón tók Geirfinn hálstaki, en ég man ekki hvernig að því var staðið, né hvor okkar það var. Kom þá Sævar með spýtu, u.þ.b. 80 sm. langa, ferkantaða, en ekki mjög svera og sló Geirfinn 2 eða 3 högg, að ég held framan á fótleggina. Ég held, að ég hafi haldið hálstakinu, þegar Sævar sló, og staði aftanverðu og til hliðar við Geirfinn. Ég man, að ég sleppti takinu, greip spýtuna, sem Sævar hafði fleygt frá sér, og sló Geirfinn mikið högg þvert yfir brjóstið, en þá var ég orðinn mjög reiður. Við höggið féll Geirfinnur afturábak, lá á vinstri hliðinni og heyrði ég að hann gaf frá sér sársaukastunur. Ég sló þá Geirfinn tvisvar eða þrisvar með spýttunni í brjóst og höfuð, þar sem hann lá og mig minnir, að Guðjón hafi eitthvað veizt að honum líka, en er þó ekki fullviss um það atriði. Átökin gerðust af svo miklum ofsa og gengu svo fljótt yfir, að ég á ekki gott með að glöggva mig á atburða-

rásinni. Þegar átökin voru yfirstaðin, sagði ég við Sævar, að fara til Erlu og segja henni að fara burtu, og gerði Sævar það, en ég vildi ekki að Erla lenti í vandræðum, ef lögreglan mundi koma. Þegar þarna var komið, gerði ég mér ekki grein fyrir því, hvort Geirfinnur væri lífs eða liðinn, en þegar Sævar kom aftur frá því að tala við Erlu fór hann að athuga hvort lífsmark væri með honum. Ég þreypfaði á Geirfinni líka, en Sævar fullyrkti að hann væri látinn. Geirfinnur lá um stund á jörðinni, meðan við ræddum um hvað gera ætti. Ég vildi skilja hann eftir og hélt að hann myndi kannske rakna við, en Sævar vildi setja hann inn í Volkswagenbifreiðina. Það varð úr og hjálpuðimst við að koma Geirfinni fyrir í bifreiðinni og ég man, að ég hélt undir axlir hans. Hann var settur í sitjandi stellingu vinstra megin í aftursætið og látinn hallast aftur og til vinstri að hliðarrúðunni. Ég sá að Geirfinnur var með áverka á vinstra gagnauga og á vinstri kinn, eða kjálka. Þegar búið var að koma Geirfinnifyrir í aftursætinu, var einhver flík breidd yfir höfuð hans. Mig minnir að það hafi verið kápa, sem Erla hafði gleymt í bifreiðinni, þegar hún fór. Ég vil bæta því við, að áður en við settum Geirfinn inn í bifreiðina, gekk ég niður að bryggjunni, þar sem Óttar beið í sendibifreiðinni. Ég sagði honum að fara, þar sem ekkert yrðu úr flutningunum, sem fyrirhugaðir voru. Óttar var orðinn mjög óþolinmóður og hafði einhver orðu um, að hann væri reiður vegna tilstandsins. Bifreið Óttars var hvorki í sjónmáli við bifreið okkar, né vettvanginn sem átökin áttu sér stað og var því útilokað fyrir hann að vita hvað gerzt hafði, enda lá hann útaf í framsætinu þegar ég kom að. Þegar ég kom til baka frá Óttari og Geirfinni hafði verið komið fyrir í Volkswagenbifreiðinni, fórum við Sævar að svipast um eftir Erlu, þarna í nágrenninu. Reyndist það árangurslaust og var þá haldið til Reykjavíkur.

Ég man, að það var rætt um það á leiðinni, hvað gera ætti við Geirfinn, en við vorum allir flemtri slegnir, því enginn hafði búizt við þessum málalokum. Það var rætt um, að fela hann einhversstaðar á Álftanesi og einnig var rætt um hitaveitustokk í því sambandi. Að lokum var þó afráðið að fara með hann í kjallarann, heima hjá mér, að Grettisgötu 82. Var bifreiðinni ekið inn í sundið, sem liggur með húsaagörðunum bak við húsið. Ég fór þar út úr bifreiðinni, fór yfir tvo garðveggi og út á Grettisgötuna gegnum sund á milli húsa nr. 76 og 78. Ég fór svo inn um aðaldyrnar heima, niður í kjallarann og opnaði garðdyrnar innanfrá. Við hjálpuðimst allir við að bera Geirfinn

1915

út úr bifreiðinni og inn í kjallarann. Þar settum við hann upp á lágt rimlaborð sem stendur undir glugganum í vaskahúsinu. Þar breiddi ég grænt teppi yfir Geirfinn, en teppi þetta hékk uppi við enda gangsins, við vaskahúss- og geymsludyrnar. Ég hafði ekki ^{lykil} að/geymslunni og varð því að spyrna upp hurðinni. Það var mikið af dóti í geymslunni og tók ég svartan plast-eða leðurlíksdúk ofan af stafla af dóti og hjálpuðumst við Guðjón við að vefja honum utan um Geirfinn, eftir að hafa flutt hann í sameiningu úr vaskahúsinu og inn í geymsluna. Sævar tók ekki þátt í þessu, en var þó viðstaddur. Ég man, að áður en við Guðjón vöfðum dúknum utan um Geirfinn, tók ég seðlaveski hans. Mig minnir, að það hafi verið í brjóstvasa innanverðum, en mig minnir, að Geirfinnur hafi verið klæddur í dökka úlpu og dökkar buxur. Mér finnst eins og hann hafi verið í jakka innanundir úlpunni, en ég er þó ekki viss um þetta atriði. Veskið sem ég tók, var dökkt leður- eða leðurlíkisveski og í því var einn 5000 króna seðill og eitthvað af persónuskilríkjum. Einnig voru í því einhverjar nótur eða miðar, en ég man ekkert nánar varðandi þá, enda las ég þá ekki. Síðar reif ég bæði veskið og innihald þess, utan peningaseðilinn, niður í klósettið á Laugavegi 32 og skolaði því niður. Einnig tók ég úr vasa Geirfinns svartan skrúfblyfant, en hann hefi ég nú afhent lögreglunni.

Við lögðum Geirfinn endilangan í gangveg í geymslunni, en háir staflar af dóti voru sitthvoru megin og ég man, að höfuð hans snéri að glugganum, en fætunir að dyrunum. Að þessu loknu læsti ég geymslunni, en læsingin hafði ekki bilað við að spyrna upp hurðinni, heldur hafði dyrastafurinn gefið eftir og fallið aftur í samt lag.

Þegar þarna var komið, fórum við allir upp í herbergi mitt á hæðinni fyrir ofan, en Guðjón fór skömmu síðar. Við Sævar ræddum saman nokkra stund og ég gaf honum eitthvað af róandi lyfjum, Valíum að ég held, en hann bað mig um það. Einnig tók ég sjálfur allmikið af lyfjunum. Þegar þetta gerðist, var Óttar ekki kominn, en hann bjó þarna í herbergi mínu, um þetta leiti, þar sem ég hélt að mestu til að Laugavegi 32. Sævar fór síðan út, en skömmu eftir að hann fór kom Óttar. Ég veit ekki hvort hann var á sendibifreiðinni þá, en mig minnir, að hann hafi sagt, að hann hafi farið að skila bílnum. Nokkru eftir að Óttar kom, kom Sævar aftur og ég man að hann sagði eitthvað á þá leið, að hann treysti sér ekki til að fara heim. Óttar fór

að spurja mig nánar hvað gerzt hafi í Dráttarbrautinni, en ég vildi ekkert segja honum, enda höfðum við Sævar ákveðið það. Hann reiddist mér og fór að sofa, en við Sævar dottuðum í litlum sófa þarna í herberginu.

Við Sævar urðum svo samferða út úr húsinu morguninn eftir og gengum vestur Grettisgötu, en á mótis við hús nr. 74 skildum við, Sævar snéri við, en ég fór niður á Laugaveg 32.

Seinnihluta fimmtudagsins 21. nóvember 1974, hringdi Sævar til mín á Laugaveg 32 og sagðist ætla að koma og sækja mig og við yrðum samferða að Grettisgötu 82, heim til mín. Ég sagði honum að ég myndi ganga og mæltum við okkur mót þar. Hann og Erla komu á Land-Roverbifreið Sævars og lögðu henni í sundinu við bakdyrnar. Erla fór upp í herbergi mitt, en við Sævar tókum Geirfinn út úr geymslunni og settum hann á gólfíð í vaskahúsinu, framan við rimlaborðið. Við létum dúkinn vera utanum hann, en hnýttum þar yfir með hvítu nylonbandi. Við vöfðum bandinu alloft utanum og hnýttum svo í endann. Síðan hjálpuðumst við við að bera hann að bakdyrunum, en þar tók ég Geirfinn í fangið og bar hann að afturhurð Land-Roverbifreiðarinnar, en Sævar opnaði hurðina. Ég man greinilega eftir tveimur skóflum, sem stóðu upp við bakið á framsætinu og sköftin studdust upp við aðra hlið bifreiðarinnar. Ég man ekki nákvæmlega hvernig skóflurnar litu út, en ég man þó, að þar voru báðar með odd á blaðinu, en ekki þverar að framan. Ég fór og sótti Erlu og hún ók svo bifreiðinni áleiðis að Rauðhólum. Þegar Sævar kom, virtist hann vera búinn að ákveða hvað gera skyldi við Geirfinn, en ég var því fegnastur að losna við hann úr geymslunni, enda var ég búinn að hafa orð á því, að ekki væri hægt að hafa hann þar lengi. Ég man, að ég mótmælti því, að flytja hann í Rauðhólana, en Sævar fullyrti, að þetta væri friðað svæði og að enginn mundi hrófla við því. Ég lét þetta kyrrt liggja, því ég vildi fyrir alla muni losna við Geirfinn úr geymslunni. Það var komið við á benzinafgreiðslunni á Ártúnshöfða og annaðhvort Erla eða Sævar keypti benzin á 4-5 lítra plastbrúsa. Síðan var ekið upp að Rauðhólum og beygt til hægri inn í hólana. Við ókum nokkurn spöl og stöðvuðum við allháan, þverhníptan rauðamaburvegg. Þar byrjuðum við Sævar að grafa, en hættum við vegna hættu á grjóthruni úr veggnum og færðum okkur stuttan spöl frá. Þar grófum við c.a. 80 sm. djúpa gryfju og lögðum Geirfinn þar ofaní í umbúðunum. Land-Roverbifreiðin stóð þarna skammt frá og Erla við hana. Eftir að við lögðum böggulinn í gryfjuna tók

annarhvor okkar benzinbrúsann og helti úr honum yfir Geirfinn og Sævar tók eldspýtu og kveikti í. Það gaus upp allmikill logi, en dró svo fljótlega úr honum. Ég man að það kom óþefur sem ég get ekki lýst og mér fannst sem Geirfinnur hreyfði sig og hafði ég orð á því við Sævar. Ég tel að bruninn hafi ekki verið mikill, enda logaði eldurinn stutt og við Sævar mokuðum þá yfir. Við dreyfðum úr umframefninu og sléttuðum yfir, svo að sem minnst ummerki sæust.

Að þessu loknu ókum við í bæinn, en ég man ekki hvar ég yfirgaf bifreiðina.

Ég minnst þess ekki, að talað hafi verið um, að ef til yfirheyrlna kæmi, vegna hvarfs Geirfinns ætti að blanda Kúbbmönnum og fleirum inn í málið. Hafi svo verið hefi ég algjörlega gleymt því.


Ég vil einnig taka það fram, að í júní s.l. fullyrti ég um þátttöku fjögurra manna í atburðum þessum. Það var rangminni hjá mér varðandi Ólaf Sigurgeirsson, Guðmund Birgisson og Sigurð Guðjónsson, en Guðjón Skarphéðinsson hefur játað aðild sína að málinu, að mér er sagt. Ég vil leggja áherzlu á, að það var rangminni, en ekki gert af illvilja, né til að flækja málið. Ég vil einnig taka fram, að skýrsla þessi er gerð eftir bestu vitund og er í alla staði rétt. Þau atriði, í fyrri framburðum sem ekki eru í samræmi við skýrslu þessa, eru ekki rétt.

Ég vil þó leiðrétta tvö atriði. Sævar fullyrti við mig, að Geirfinnur væri látinn, eftir að ég kóm frá Óttará eftir að hafa sagt honum að fara til Reykjavíkur. Varðandi högginn sem ég sló Geirfinn með spýtunni, þar sem hann lá, þá sló ég hann tvisvar í brjóstið og einu sinni í höfuðið og voru það ekki þung högg.

Skýrslutöku lauk kl. 00:10.

Kristján Viðari er ljóst, að skýrslutaka þessi hefur farið fram úr 6 klst. en var lokið að eigin ósk.

Vottur: 
Jón Svanþórsson.

Upplesið, staðfest,
~~Kristján Viðar Viðarsson~~
Kristján Viðar Viðarsson

Háraldur Arnason
ranns.lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavíkur.

Rvík. 30. nóv. 1976.

Í samprófun verða yfirheyrðir:

a. Kristján Viðar Viðarsæon,

b. Guðjón Skarphéðinsson.

Þeir segja eftirfarandi:

Spurning til a: Kristján hafði þér séð þennann

(b) mann við samprófunina?

a: Svar já.

Hvaða númer var maðurinn með í höndinni?

a: Svar, númer 3.

Hvar hafði þér séð manninn þann 19. nóv. 1974 ?

a: Svar, á Vatnshlí og í Dráttarbrautinni.

Getið þér munað eftir því að hafa talað við manninn.

a: Svar, já.

Hvað sagði hann við yður ?

a: Svar, hann spurði okkur Sævar hvort við hefðum verið til sjós og svaraði ég því játandi.

Spurning til b:

Þér hafði heyrt hvað Kristján sagði, hvað segið þér við því?

b: Svar, ég þekki hann ekki.

Þér hafði sagt áður að þér þekkið ekki Kristján. Viljið þér segja að gæti verið mögulegt að þér hafið talað við Kristján án þess að þekkja hann í Dráttarbrautinn, án þess að þekkja hann?

b: Svar, það gæti verið möguleiki.

Hafið þér spurt Kristján og Sævar, hvort þeir hafi verið til sjós?

En
 b: Svar, ~~það er ekki til staðar~~ ég minnst þessi ekki að hafa sagt þetta við Kristján og Sævar.

Spurning til a:

Getið þér munað eftir einhverju öðru í sambandi við Guðjón í Dráttarbrautinni?

a: Svar, hann sagði mér að koma með sér og fórum við upp að bát og þar sagði hann mér að bíða.

S Spurning til b:

Hvað viljið þér segja við þessu?

b: Svar, ég minnst þess ekki.

Spurning til a:

Ert þvú alveg viss um að það sé rétt, sem þú sagðir áðan?

a: Svar, já. ég er alveg viss, nema að maðurinn eigi tvífara, sem myndi þá þurfa að líta nákvæmlega eins út og Guðjón.

b: Ég ætla ekkert að bæta neinu við, nema að því að ég man ekkert eftir því að hafa séð manninn áður.

Spurning b: til a:

Ég við fá að vita hvort þú hafir séð mig einhvern tíman fyrir þennann tíma (fyrir 19. nóv. 1974.)

Svar a: Nei. Ég hef aðeins talað við hann í síma, það er að segja, hann svaraði sem Guðjón Skarphéðinsson í síma.

Upplesið, staðfest:

Kristján Viðar Viðarsson.
 Kristján Viðar Viðarsson
 Guðjón Skarphéðinsson.
 Guðjón Skarphéðinsson

[Handwritten signature]

Miðvikudaginn 5. jan. 1977 kl. 13,25 mætti á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Baldur Skaptason leigubifr.stjóri t.h.
 Álftamýri 30 Reykjav. f:21/7. 1939 í Reykjav. (Nr.n. 6929 3973.)

Hann er kallaður til yfirheyrslu þar sem Sævar Marinó Ciesielski telur að Baldur sé leigubifreiðastjórinn sem hafi haft á orði við sig á haustið 1974 að maður að nafni Geiri í Keflavík væri viðriðin sprúttisölu eða milliliður með smýglaðan spíritus, En það kemur framm í lögregluskýrslu sem tekin var af Sævari 9. des. 76.

Mætti skýrir svo frá ámyntur um sannsögli, eftir að hafa verið kunnbert tilefni skýrslutökunnar.

"Það er alveg öruggt að ég hefi aldrei kannast við neinn mann í Keflavík sem kallaður hefur verið Geiri og ég er alveg viss um að hafa ekki þekkt neinn mann þar sem verið hefur með spíra til sölu eða haft með spíra að gera.

Ég þekki ekki Sævar Ciesielski í sjón en það kann að vera að hann hafi farið í bíl hjá mér sem farþegi án þess ég tæki sérstaklega eftir honum. En ég þekki Tryggva Rúnar Leifsson og einnig er ég Kristjáni Viðari Viðarssyni smávegis kunnugur!"

Jónas Bjarnason

ranns.lögreglum.

Upplesið staðfest.

Baldur Skaptason

Vottur:

Ivar Hannesson
 rannsóknarl.m.

Fýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja játningar.

Varðar:

Sævar hefur borið að þann 18.11.74 hafi hann hringt í Geirfinn úr íbúð Guðjóns. Barn hafi komið í símann og sagt, að pabbi sinn væri ekki heima.

2) Rannsóknarleiðir:

Reyna þarf að fá öruggar upplýsingar um það

að barnið hafi tekið á móti þessu símtali.

Var eiginkona Geirfinns viðstödd þá?

Man hún eftir þessari símhringingu?

Er möguleiki á því að barnið hafi verið eitt

í íbúðinni þegar það svaraði í símann?

Er hægt að afla fleiri upplýsinga varðandi

þetta símtal?

Geta Sævar eða Guðjón sagt nokkurnveginn til

um hvað klukkan hafi verið þá?

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

8.1.1977. Í dag fór undirritaður, ásamt Jónasi Bjarnasyni rannsóknarlögreglum, til Keflavíkur. Erindið þangað var að ræða við Sigurð Jóhann Geirfinnsson og móður hans, Guðnýju Sigurðardóttur tilh. Hólabraut 10, Keflavík, sími 92-3157.

Þau voru sérstaklega spurð um símtal, sem á að hafa átt sér stað þann 18.11.1974:

Sigurður Jóhann Geirfinnsson f. 13.8.1964 sagðist ekki muna eftir því að hafa svarað í símann þann 18.11.1974 og svarað því til, að faðir hans væri ekki heima.

Hann sagði hinsvegar að all oft hefði það komið fyrir, að hringt hefði verið í símann og spurt eftir föður hans, en hann þá ekki verið heima og þá verið í vinnunni, eða eitthvað brugðið sér frá.

Hann sagðist ekki geta fullyrt neitt um, á hvaða tímum þessi símtöl hefðu verið og sagðist því ekki geta sagt neitt um það, hvort hringt hefði verið þann 18.11.1974 eða hvenær á öðrum tímum.

Sigurður sagðist hafa verið í skólanum alla virka daga frá kl. 08,00 til kl. 12,00 og stundum í aukatímum eftir hádegið og taldi hann nokkuð víst, að hann hefði oftast á þessum tíma, verið kominn inn um kl. 17,00 til 18,00, en upp úr því hefði faðir hans venjulega komið úr vinnu.

Þessu næst ræddum við, við Guðnýju Sigurðardóttur f. 19.12. 1948. Guðný sagðist ekki minnst, þess, eða geta fullyrt, að Sigurður hefði svarað í símann þann 18.11.1974, en hinsvegar hefði hann mjög oft svarað í símann, eins og barna væri vani og þá stundum minnst hún þess, að spurt hefði verið eftir Geirfinni og hann þá ekki verið heima.

Hún sagðist hinsvegar ekki minnst þess, að ókunnugir sérstaklega, hefðu hringt, en aðallega hefðu það verið kunningjar og vinnufélagar Geirfinns, sem hringdu og eins vinnuveitandi hans. Þó hefði komið fyrir, að hún t.d. hefði ekki kannast við þá, sem hringdu, en ekki hefði hún gert sér neina rellu út af því og ekkert spurt Geirfinn út í það. Þessi skipti taldi hún hafa verið ~~sára fá~~ sára fá. Guðný sagðist ekki hafa unnið úti á þessum tíma og því oftast verið heima við, enda hefði Geirfinnur venjulega komið heim úr vinnu á tímabilinu kl. 18,00 til kl. 19,00 og þá borðað. Hún sagðist ekki minnst þess, að hafa farið út neinna sérstakra erinda þann 18.11.1974, nema þá út í verslanir til innkaupa fyrir heimilið.

Guðný sagði, að í slíkum tilvikum, hefði Sigurður Jóhann og systir hans stundum verið ein heima, en oftast þó, komið með henni í verslanir.

Ivar Hannesson
lögreglum.

Ivar Hannesson

Ivar Hannesson
lögreglum.

Ivar Hannesson

10.1.1977. Í dag fór undirritaður í fangelsið í Síðumúla, ásamt Jónasi Bjarnasyni rannsóknarlögreglum. Ræddum við þar við gæslufangann, Sævar Marínó Ciesielski f. 6.7.1955, tilh. Grýtu-
bakka 10, Reykjavík.

Við spurðum Sævar um símtalið úr íbúð Guðjóns þann 18.11.1974 og hvenær hann hefði hitt Guðjón og farið heim með honum.

Sævar sagðist hafa hitt Guðjón um kl. 17,00, er Guðjón lauk vinnu sinni. Hann sagðist halda, að þeir hefðu farið beint heim til Guðjóns.

Sævar sagðist hafa hringt frá Guðjóni, fyrst í 03 og fengið þannig uppgengið símanúmer Geirfinns Einarssonar og síðan strax á eftir hafa hringt í númerið og hefði þá barn svarað og sagt að pabbi sinn væri ekki heima.

Sævar sagðist halda, að Guðjón hafi ekki verið hjá honum er hann hringdi ~~í~~.

Sævar sagðist hafa komið heim til Guðjóns um kl. 17,30 og hringt fljótlega upp úr því.

Ivar Hannesson
lögreglum.

Ivar Hannesson

Ivar Hannesson
lögreglum.

Ivar Hannesson

1975

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

10.1.1977, kl. 16,20, er mættur til skýrslutöku í fangelsinu í Síðumúla, Guðjón Skarphéðinsson f. 19.6.1943 að Marðarnúpu A. Húnavatnssýslu, tilh. Rauðarárstíg 32, Reykjavík.

Mætti er gæslufangi í fangelsinu í Síðumúla.

Mætti er spurður um það, hvenær dagsins þann 18.11.1974 Sævar Marinó, hafi hringt út síma í íbúða hans.

Gætt er ákv. l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli, skýrir mætti svo frá:

"Þennan umrædda dag, vann ég til kl. 17,00. Ég man ekki hvar það var, sem ég hitti Sævar.

Sævar kom með mér heim í íbúð mína á Ásvallagötu 46 og fékk hann þar afnot af síma mínum. Hann hringdi eitthvað, en hvert veit ég ekki. Ég var ekki hjá honum er hann hringdi og veit því ekki hvort hann hringdi eitt eða fleiri símtöl.

'Þegar' við komum heim, mun klukkan hafa verið um 17,30 og það var litlu síðar, sem hann hringdi."

Yfirh. lauk kl. 16,55.


Vottur:

Upplesið staðfest,




Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Guðjón Skarphéðinsson.


Ivar Hannesson
lögreglum.

10.1.1977. Þegar kom að því að Guðjón var beðinn um að skrifa undir þennan framburð sinn, þá neitaði hann að skrifa undir. Hann segðist hafa greint frá þessu atriði áður.

Grétar Sæmundsson var viðstaddur yfirheyrsluna.


Ivar Hannesson
lögreglum.

Pýðing / re

Rannsórnarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja játningar.

Varðar:

a) Samkvæmt framburði Guðnýjar, eiginkonu Geirfinns, hafi Geirfinnur stuttu eftir símtalið - sem fram fór um kl.22.15- farið út. Áður hafi hann farið í úlpu.

b) Í skýrslunni, sem tilkynnir hvarf hans, er að finna nákvæm lýsing á öllum klæðnaði hans.

2) Rannsóknarleiðir:

a) Að skrá nákvæmlega klæðnað Geirfinns þann 19.11.74 eftir kl. 22.00.

b) Að spyrja þá ákærðu

Sævar, Kristján, Erlu og Guðjón nákvæmlega um klæðnað Geirfinns.

Ennfremur ber að rannsaka eftir hverju ákærðu tóku sérstaklega í bílnum, þegar slagsmálin áttu sér stað og þegar gengið var frá líkinu í kjallara hússins á Grettisgötunni.

Að rannsaka, hvort ákærðu tóku eftir einhverju sérstöku, þegar reynt var að brenna líkið (t.d. í sambandi við fatnað).

hafa veitt því eftirtekt, að nokkur löng stund leið frá því að hurðin skelltist og þangað til maður þessi kom í ljós, þá þegar hann gekk að símanum. Kveðst mætta oftast líta upp og athuga hver gengur í salinn, þá þegar hún heyrir hurðina opnast. Mætta segist oft dvelja á Hafnarbúðinni á kvöldin. Kveðst mætta eins og fyrr segir hafa veitt athygli gulbrúnum leðurjakka með belti sem maður þessi var klæddur, jakkinn var niður í sniði og var hann óhnepptur og beltið lafði niður. Kveðst hún minnst þess, að hafa séð að maðurinn var með belti við buxur sínar. Ekki kveðst hún minnst litar á skyrti eða hvort hann hafi verið með hálsbindi. Kveðst hún ekki heldur vera fullviss um lit á buxum mannsins. Mætta segir að maðurinn hafi verið mjög stutt í símanum gengið síðan að afgreiðsluborði og telur hún að hann hafi greitt símtalið eftir að hann notaði símann. Hafi hann því næst gengið rakleitt út úr Hafnarbúðinni. Þá kveðst hún hafa séð örstutta stund framan í manninn. Mætta kveðst eiga óhægt með að lýsa manninum, en hún var þó sammála lýsingu Guðlaugar, en hún telur sig fullvissa um að endurþekkja manninn ef hún sjái hann aftur.

Lögreglan lýsti eftir fólki sem var í Hafnarbúðinni á þessu tímabili, og gáfu sig fram eftirtaldir aðilar, Hrefna Óskarsdóttir, Hringbraut 45, Jóhann Pétursson, Sólvallagötu 4, Jóhann Guðfinnsson frá Grindavík. [Nokkrar athuganir hafa farið fram á högum Geirfinns öllum og hefur það ekkert komið fram sem óeðlilegt gæti talist.]

Lögreglan í Keflavík lýsti eftir Geirfinni í útvarpi, fimmtudaginn 21. þ.m. og hljóðaði lýsingin svo: Frá lögreglunni í Keflavík, lýst er eftir Geirfinni Einarssyni, Brekkubraut 15, Keflavík, sem fór að heiman frá sér kl. 22.30 á þriðjudagskvöld, en síðan hefur ekkert til hans spurt. Geirfinnur var [REDACTED]

[REDACTED] Hann er um 175 cm. að hæð, meðalmaður á vöxt, skolhærður, hann er um 30. (32 ára fæddur 7.9. 1942 nnr. 2549-9646). Þeir sem gátu gefið upplýsingar um ferðir Geirfinns Einarssonar eftir kl. 22.30 s.l. þriðjudagskvöld vinsamlega gerið lögreglunni í Keflavík viðvart. Þetta var birt í útvarpinu eins og fyrr segir 21. þ.m. 2 sinnum kl. 09.30 og 2 sinnum kl. 12.00. Leit hefur farið fram af Geirfinni og að henni hafa staðið björgunarsveitin Stakkur í Keflavík og hjálparveit skáta

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

8.1.1977. Í dag fór undirritaður til Keflavíkur, ásamt Jónasi Bjarnasyni rannsóknarl.m. Kæddum við þar við Guðnýju Sigurðardóttir f.19.12.1948, nafnr.3174-7279, tilh.Hólabraut 10, Keflavík, sími 92-3157.

Við báðum Guðnýju, að greina nákvæmlega frá fatnaði Geirfinns er hann fór að heima, eftir kl.22,00 þann 19.11.1974 og hvort hún vissi til þess, að hann hefði verið með einhverja muni í fórum sínum:

Guðný sagði okkur, að Geirfinnur hefði verið eins klæddur í bæði skiptin, þ.e. þegar hann fór með Þórði og þegar hann síðan fór einn.

Hann hefði verið í blárri mittisúlpu með áfastri hettu og á hettunni, hefði verið grár loðkantur. Innan í hettunni, hefði verið gráblátt loðfóður og hún sagðist halda, að nær öruggt væri, að úlpun hefði verið fóðruð með samskonar fóðri og í hettunni.

Á úlpunni hefði verið rennilás og að skávasar hefðu verið á hliðum úlpunnar. Þá sagði hún, að á v.ermi, hefði verið lítill vasi, sem á hefði verið rennilás.

Hann hefði verið í flöskugrænum flauelsbuxum með rennilás í buxnaklauf og tölu í buxnastrang.

Hann hefði verið í skyrtu, grænköflóttri, hálferma, hnepptri að framan og ~~kjukur~~^{fall} hefði verið í bakstykki skyrtunnar og sagðist Guðný hafa saumað fallið saman og þrengt þannig skyrtuna.

Þá sagðist hún hafa tekið sauma í skyrtuna undir höndum og þrengt hana þannig.

Hann hefði verið í stuttum nærbuxum, mislitum úr "Crepe".

Hann hefði verið í dökkum sokkum úr "Crepe"

Hann hefði verið í millibrúnum leðurskóm, sem hefðu náð upp á miðjan lenn og rennilás hefði verið á þeim, innanfótar.

Á skónum hefði verið frekar þunnur sóli (Um ein tomma) og hällinn, hefði verið aleins hærri en sólinn.

Guðný sagði, að Geirfinnur hefði verið með svart seðlaveski og sagðist ekki hafa vitað til þess, að hann hefði verið með peninga. Í veskinu hefði hann ávalt verið með 3 ökuskírteini, þ.e. gamalt skírteini, nýrra skírteini og skírteini varðandi gröfu-réttindi. Þá sagðist hún halda, að í veskinu hefði verið nafn-skírteini hans.

Hann hefði verið með reykjarpípu, sem hefði verið með nokkuð stórum háus, aðeins bogin og munnstykki bogið. Munnstykkið hefði verið svart og hausinn svartur eða allavega dökkur á lit.

Hann hefði verið með píputóbak, Raleigh. Hann hefði verið með armbandsúr, stálúr með ljósleitri skífu, úrið hefði verið nokkuð gamalt, en tegund sagðist hún ekki vita.

Á úrinu hefði verið leðuról, svört, sem hefði verið breið og komið undir úrið. Hún sagðist halda, að nær öruggt væri, að á ólinni, hefðu verið málmbólur.

Guðný sagði okkur að Geirfinnur hefði ekki verið nema meðalmaður á hæð, eða um 175 sm. hann hefði svarað sér vel á vöxt, hvorki verið grannur, né feitur og verið um 80 kg. á þyngd.

Hann hefði verið skolhærður og hár aðeins liðað og sídd hársins, hefði verið um eyru og bartar hefðu einnig verið um eyru. (Hár og bartar námu við eyrnasnepla)

Hann hefði verið með nær allar sínar tennur og hefði tannlæknirinn í Keflavík, Garðar Ólafsson, gert við tennur hans.

Garðar tannlæknir, hefði sent Geirfinn til einhvers sérfræðings í Reykjavík, sem hefði skorið í tannholdið, vegna þess, að tennur Geirfinns hefðu losnað. Ekki sagðist Guðný muna, hvenær það hefði verið.

Ivar Hannesson
lögreglum.

Ivar Hannesson

10.1.1977. Í dag fór undirritaður í fangelsið í Síðumúla, ásamt Jónasi Bjarnasyni rannsóknarl.m. Ræddum við þar við Sævar Marinó Ciesielski gæslufanga, f.6.7.1955, tilh.Grýtubakka 10, Rvík.

Við báðum Sævar um, að greina nákvæmlega frá fatnaði Geirfinns Einarssonar þegar þau hittu hann í Keflavík, þegar hann var borinn inn á Grettisgötu 82 og þegar líkið var brennt.

Sævar sagðist muna greinilega, að Geirfinnur hefði verið klæddur í bláa kuldaúlpu þegar hann kom í bílinn við Hafnarbúðina. Ekki sagðist hann þó muna sídd úlpunnar. Hann sagðist einnig muna, að Geirfinnur hefði verið í dökkum flauelsbuxum, en ekki muna litinn. Ekki sagðist hann hafa tekið neitt eftir skófatnaði.

Hann sagðist ekki muna neitt sérstakt í sambandi við fatnað Geirfinns á leiðinni úr Hafnarbúð og í Dráttarbrautina, en í bílnum hefði hann átt orðaskipti við Geirfinn og hefði Geirfinnur ekki sagt mikið, en virtist aðallega hlusta, eftir því, sem hann hafði að segja.

Sævar sagði, að þegar Guðjón hefði stöðvað bifreiðina í Dráttarbrautinni og þau verið komin út og átökin verið byrjuð, myndi hann eftir því, að rennilásinn á úlpu Geirfinns, hefði verið hálf upp renndur. Hann sagðist ekki muna neitt meira eftir fatnaði þarna, enda hefði birta verið léleg.

Hann sagðist heldur ekki muna neitt eftir fatnaði þegar líkið var sett inn í bifreiðina, né heldur þegar það var borið inn í kjallarann á Grettisgötu 82.

Hann sagðist hafa haldið undir fætur, en Kristján undir herðar, þegar líkið var borið úr bílnum, en Guðjón hefði gengið til hliðar og taldi Sævar, að er þeir komu að dyrunum, hefði Guðjón, tekið undir herðarnar, meðan Kristján opnaði og síðan hefðu Kristján og Guðjón, báðit haldið undir herðarnar inn að geymslunni, en þar hefði Kristján síðan tekið undir herðar, eftir að hafa opnað og dregið líkið inn í geymsluna og sett við dót, eða ofan á dót, h.megin við dyrnar. Mjög mikið dót, hefði verið í geymslunni. Þar hefði Kristján sett eitthvað tau yfir líkið.

Sævar sagði okkur, að þegar síðan líkið hefði verið tekið úr geymslunni, hefði hann gert það, ásamt Sævari. Hann sagðist muna það frekar óljóst, en halda, að Kristján hefði þá verið búinn, að vefja tauinu eitthvað meira utan um líkið.

Ekki sagðist hann minnst þess, að neitt hefði þá sést í fatnað. Þeir hefðu þá bundið band utan um tauið og halda að

það band, hefði verið ljós trolltvinni, eða eitthvað svipað band.

Eitthvað sagði hann að sig rámaði í, að Kristján hefði verið búinn að taka úlpuna af líkinu, en sagðist þó ekki þora að slá neinu föstu um það atriði og ekki hefði hann séð þarna í geymslu-
nni eða þvottahísinu, neina úlpu, eða annað, sem gæti hafa tilheyrt líkinu.

Sævar sagði, að hann og Kristján hefðu síðan borið líkið út í Land-Roverinn og síðan hefðu þeir kallað á Erlu, sem hefði ekið.

Eftir, að þeir síðan voru búnir að moka gryfjuna, hefði líkið verið sett þar í, hellt yfir bensíni og kveikt í.

Hann sagðist hafa kveikt í og líklega hellt bensíninu yfir.

Sævar sagðist ekki minnst þess, að hafa séð neitt í fatnað, eða í líkið eftir íkveikjuna. Þetta hefði logað illa og síðan hefðu þeir mokað yfir.

Sævar sagðist muna eftir því, að einhverjir áverkar hefðu verið á andliti Geirfinns. Sagðist halda, að hann hefði tekið eftir því í Dráttarbrautinni í Keflavík.

Ivar Hennesson
lögglum.

[Faint handwritten text]

[Faint handwritten text]

Ivar Hennesson
lögglum.

[Faint handwritten text]

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

10.1.1977, kl. 17, 20, er mættur fil skýrslutöku í fangelsinu í Síðumúla, gæslufanginn, Guðjón Skarphéðinsson f. 19.6.1943 að Marðar-
núpi, A-Húnavatnssýslu, tilh. Rauðarárstíg 32, Reykjavík.

Mætti er beðinn um, að lýsa nákvæmlega fatnaði Geirfinns Einarssonar þann, 19.11.1974.

Þetta er ákv. l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli, skýrir mætti svo frá:

"Ég dreg í efa, að ég hafi nokkuð um þetta atriði að segja, alla vega með nokkurri vissu. Ég veit ekki hver Geirfinnur Einarsson var og hafði þá aldrei heyrt hann nefndan á nafn.

Í Keflavík urðu einhver mannaskipti í bifreiðinni, sem ég ók, og hvort þar kunni, að hafa komið í bifreiðina, Geirfinnur Einarsson, get ég ekkert um sagt, enda heyrði ég ekki minnst á það nafn þanna. Ég get ekkert lýst fatnaði þess manns, sem þarna kann, að hafa komið í bifreiðina.

Um atburðinn í Dráttarbrautinni, hefi ég takmarkað að segja og hefi áður greint frá því óljósa, sem ég þar man. Ég hefi enga lýsingu á manninum þar þó ég muni óljóst, að þar hafi skeð einhver voðalegur atburður.

Einasta lýsingin, sem ég hefi á fatnaði er lýsing, sem ég las í Morgunblaðinu frá þessum tíma, er greint var frá hvarfi Geirfinns Einarssonar, en þar man ég, að talað var um að hann hefði verið klæddur í kuldaúlpu, að mig minnir grábláa. Annað man ég ekki úr blaðinu, Ég þori þó ekki að slá þessu föstu, hvort þetta úr blaðinu er í huga mínum, eða hvort þar er um að ræða lýsingu á manninum, sem kann að hafa komið í bílinn."

Yfirh. lauk kl. 18, 10.

Vottur:

Grétar Sæmundsson
Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,

Guðjón Skarphéðinsson.

Ivar Hannesson
lögreglum.

10.1.1977. Þegar kom að því, að Guðjón var beðinn um að skrifa undir framburð sinn, þá neitaði hann því. Hann sagðist áður vera búinn að tjá sig um þessi atriði.

Grétar Sæmundsson lögreglum. var viðstaddur yfirheyrsluna.

Ivar Hannesson
lögreglum.

Ivar Hannesson

11.1.1977. Í dag kl.11,45,mætti á skrifstofu rannsóknar-
lögreglunnar,Erla Bolladóttir f.19.7.1955,tilh.Stóragerði 29,
Reykjavík. Undirritaður ræddi við Erlu og var Sigurbjörn Víðir
Eggertsson rannsóknarl.m.viðstaddur.

Erla var beðin um,að greina nákvæmlega frá fatnaði Geir-
finns Einarssonar er þau hittu hann í Keflavík og frá því þegar
kveikt var í líkinu í Rauðhólum.

Erla sagðist ekki muna eftir fatnaði Geirfinns þegar hann
kom í bifreiðina við Hafnarbúðina. Hún sagði að Geirfinnur
hefði setið í aftursætinu,að hún taldi örugglega á milli hennar
og Kristjáns. Á leiðinni í Dráttarbrautina,hefðu karlmennirnir
allir,að hún tald,rætt við Geirfinn og talið hefði snúist um
spíra. Hún sagðist hafa séð Sævar rétta Geirfinni peninga,en
Geirfinnur hefði hent peningunum á milli framsætanna.

Þetta taldi Erla,að hefði skeð í Dráttarbrautinni og þar
hefðu síðan allir farið út. Strax hefðu þar orðið átök.

Hún sagðist þar hafa tekið eftir fatnaði Geirfinns og
muna örugglega,að hann hefði verið í dökkri kuldaúlpu,en mundi
ekki sídd úlpunnar. Ekki sagðist hún muna neitt eftir öðrum
fatnaði og ekki hafa tekið eftir skófatnaði.

Erla sagðist hafa farið á burtu,samkvæmt skipum Sævars,
en þá hefðu enn átt sér stað átök.

Erla sagði okkur að líklega hefði það verið 2 dögum síðar,sem
hún og Sævar fóru að Grettisgötu 82. Hún sagðist hafa farið
með Sævari upp í íbúð Kristjáns,en Sævar og Kristján hefðu farið
frá og sagt henni að bíða. Þeir hefðu síðan eftir nokkurn
tíma sótt hana og hefði hún þá farið út í Land-Roverinn,sem
hún áður hafði ekið að kjallaradyrunum.

Þá hefði hún séð,að innpakkaður strangi lá á gólfinu aftur
í bifr. Þá hefði verið ekið í Rauðhóla og þar hefðu Sævar og
Kristján grafið gryfju. Þeir hefðu síðan tekið strangann úr
bifreiðinni,sett hann í gryfjuna,þellt yfir bensíni og Sævar
síðan kveikt í. Logað hefði illa og Sævar og Kristján hefðu
síðan mokað yfir. Erla sagðist ekki hafa séð þarna í fatnað,
enda hefði verið mikið myrkur.

Hún sagði,að umbúðirnar utan um líkið,hefðu verið eitthvað
tau og eitthvað hefði verið bundið utan um

Ívar Hannesson
lögglum.



13.1.1977. Í dag fór undirritaður í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, ásamt Haraldi Arnasyni rannsóknarl.m. Ræddum við þar við gæslufangann, Kristján Viðar Viðarsson f.21.4.1955, tilh. Grettisgötu 82, Reykjavík.

Við báðum Kristján um, að greina nákvæmlega frá fatnaði Geirfinns Einarssonar þegar þau hittu hann í Keflavík, þegar hann var borinn inn á Grettisgötu 82 og þegar líkið var brennt.

Kristján sagði okkur, að Geirfinnur hefði verið klæddur dökkri kuldaúlpu og dökkum buxum er hann kom í bifreiðina við Hafnarbúðina. Hann sagðist ekki þó muna litina, eða hvernig kuldaúlpan var í sniðinu. Ekki sagðist hann hafa tekið neitt eftir skófatnaði.

Í bifreiðinni, hefði Sævar nær eingöngu, að hann taldi, rætt við Geirfinn og umræðuefnið hefði verið spíri. Kristján sagði okkur, að Sævar hefði látið Geirfinn hafa peninga, en Geirfinnur hefði eitthvað orðið æstur og hent peningunum á gólfið í bifreiðinni að hann taldi, á gólfið við framsætisbökin, eða á milli framsæta.

Þá hefðu þau verið komin í Dráttarbrautina.

Sævar hefði fyrstur farið út og þeir Guðjón og Geirfinnur á eftir honum. Hann sagðist ekki hafa séð Erlu fara úr bifri.

Strax hefðu þá byrjað átök. Ekki sagðist Kristján muna neitt sérstakt eftir fatnaði Geirfinns í sambandi við átökin, annað en það, að Geirfinnur var í dökkri kuldaúlpu.

Ekki sagðist hann heldur muna neitt sérstakt í sambandi við fatnað er þeir settu Geirfinn inn í aftursæti bifreiðarinnar.

Þegar síðan komið var til Reykjavíkur, hefði Guðjón ekið að Grettisgötu 82 og inn á baklóðina við húsið.

Kristján sagðist hafa haldið undir herðar Geirfinns og annaðhvort, Guðjón, eða Sævar, undir fætur. Hann sagðist ekki muna hvor þeirra. Þegar þeir hefðu komið að dyrunum, sagðist hann hafa farið þarna yfir vegg og yfir í port við næsta hús fyrir ofan, en þar hefði hann farið um sund og komist þannig að aðalinngangi Grettisgötu 82, farið þar inn og opnað síðan kjallarann fyrir hinum. Síðan hefðu þeir borið Geirfinn inn í þvottahúsið og lagt hann þar á rimlabekk við útvegg og sett teppi þar yfir hann, en ekki hefði verið hægt að læsa þvottahúsinu og hefði þá orðið að ráði, að fara með Geirfinn inn í geymslu, beint á móti þvottahúsinu. Þar hefðu hann og Guðjón, sett eitthvað utan um Geirfinn, að hann taldi eitthvað plast, en hann sagðist þó ekki vera viss um þetta, en sig rámaði í, að skrjáfað hefði í umbúðunum. Hann sagðist halda, að teppi

hefði orðið eftir inni í geymslunni. Þarna í geymslunni, sagðist Kristján hafa tekið seðlaveski úr buxnavasa Geirfinns og einnig penna. Hann sagðist hafa tekið úr veskinu kr,5.000-en veskið sagðist hann hafa rifið og skolað því niður í salerni á Laugavegi 32, strax daginn á eftir. Hann sagði, að í veskinu hefðu verið nokkur skilríki og eitthvað af pappírur, sem einnig hefði verið rifið og sett í salernið. Kristján sagðist ekki muna litinn á veskinu, en það hefði örugglega verið dökkt.

Pennann hefur hann afhent rannsóknarlögreglunni.

Kristján sagði okkur, að þegar hann og Sævar hefðu síðan tekið líkið úr geymslunni, hefðu þeir bundið einhverju bandi utan um umbúðirnar og síðan borið líkið út í Land-Roverinn.

Erla hefði þá verið uppi í íbúðinni, en komið að því loknu og ekið þeim upp í Rauðhóla.

Þar hefðu þeir Sævar síðan mokað gryfju og sett líkið þar í. Hann sagði að sig minnti, að þá áður, hefðu þeir tekið umbúðirnar af líkinu.

Síðan hefði bensíni verið hellt yfir og Sævar hefði síðan kveikt í. Fatnaðurinn hefði eitthvað logað illa og hann sagðist muna að líkið hefði sigið saman, eftir að eldurinn var borinn að því. Þeir hefðu því ausið sandi á eldinn og síðan mokað yfir.

Kristján sagði, að þarna hefði verið svarta myrkur og lítið sést.

Hann sagðist áður vera búinn að greina ~~eið~~ nákvæmlega frá því, hvar þeir hefðu grafið líkið og ekkert geta um það sagt meira.

Þá sagði hann okkur, að hann myndi eftir því, að eitthvað blóð hefði verið á andliti Geirfinns, þegar þeir settu hann inn í bifreiðina í Dráttarbrautinni.

Ivar Hannesson
Lögreglum




1936

RANNSÓKNARNEFNDIN REYKJAVÍK.

R. 10. jan. 1977.

Í dag talaði ég undirritaður við Lilju Jónsdóttur, f. 19.12.'28, til heimilis að Arlandi 8, R, Sími 81568, en hún var talin hafa borið, að Geirfinnur Einarsson hafi á áberandi hátt krafizt drykkja á bar í veitingahúsinu Klúbbnum og ekki greitt fyrir þá, en Lilja er starfsstúlka í veitingahúsinu Klúbbnum.

Lilja neitaði með öllu, að þetta væri eftir henni haft og sagðist ekki hafa heyrt á þetta minnst. Hún sagði jafnframt, að þegar ljósmynd af Geirfinni birtist í dagblöðum hafi starfsfólk veitingahússins rætt málið sín á milli og sagði hún, að enginn sem hún vissi til, teldi sig hafa séð, eða veitt Geirfinna athygli meðal gesta Klúbbsins.


H. Arnason.

lýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja jätningar.

Varðar:

Sævar hefur borið að hann hafi reynt að

hringja í Geirfinn úr sjoppu í Keflavík.

En hann hafi horfið frá því þegar hann tók

eftir því hversu mannmargt var í sjoppunni.

2) Rannsóknarleiðir:

Komast þarf að því um hvaða sjoppu hafi

verið að ræða. Var hún opin það kvöld?

Var þar margt um manninn? Er sími þar?

Getur yfirleitt ókunnugur maður fengið símann

þar lánaðan gegn borgun?

Man eigandinn eða afgreiðslumaðurinn eftir

Sævari?

Frekari rannsókn eftir eigin mati.

10.1.1977. Í dag fór undirritaður í fangelsið í Síðumúla, ásamt Jónasi Bjarnasyni rannsóknarl.m. Ræddum við þar við gaslufangann, Sævar Marínó Ciesielski f.6.7.1955, tilh. Grýtubakka 10, Reykjavík.

Við spurðum Sævar um sjoppuna í Keflavík og báðum hann um að greina frá því hvar hún væri og hvernig þar hefði hagað til.

Sævar sagði, að þegar þau hefðu komið úr Dráttarbrautinni frá því, að kanna aðstæður þar, hefði hann ætlað að hringja í Geirfinn. Hann sagðist hafa haft orð á þessu í bifreiðinni og Guðjón hefði síðan ekið að sjoppunni, sem er við Aðalstöðina og stendur aðeins frá stöðvarhúsinu, nær Njarðvíkunum.

Sævar sagði, að Guðjón hefði stöðvar bifreiðina á stæði þarna við sjoppuna, en mundi þó ekki hvar. Hann sagðist hafa tekið eftir 2 bensíndælum, sem væru staðsettar beint fyrir framan dyr sjoppunnar.

Sævar sagðist **strax** hafa séð er inn kom, að hann gæti ekki hringt, enda hefði verið mannmargt þarna inni og hefði hann því farið út aftur.

Hann sagðist muna, að afgreiðsluborð var á vinstri hönd er komið var inn úr dyrunum. Plássið hafi verið lítið þarna inni.

Sævar sagðist hafa sagt frá því í bifreiðinni, að hann hefði ekki hringt.

Guðjón hefði þessu næst ekið að Hafnarbúðinni og þar hefði Kristján Viðar síðan hringt.

Ivar Hannesson
lögreglum.



Rannsóknarnefndin Reykjavík.

10.1.1976, kl. 17,05, er mættur til skýrslutöku í fangelsinu í Síðumúla, gæslufanginn Guðjón Skarphéðinsson f. 19.6.1943 að Marðar-núpu A-Húnavatnssýslu, tilh. Rauðarárstíg 52, Reykjavík.

Mætti er spurður um sjoppuna, sem Sævar Marinó ~~for~~ inn í, í Keflavík þann 19.11.1974.

Mætt er ákv. l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli, akýrir mætti svo frá:

"Þegar við komum úr Dráttarbrautinni í fyrra sinnið, þá var ekið til baka og framhjá Aðalbílastöðinni í Keflavík og stöðvað við sjoppu, sem er nokkru nær Njarðvíkunum.

Ég man þar eftir 2 bensíndælum. Þarna fór Sævar Marinó inn, en ekki veit ég hverra erinda. Ég man, að margt var um manninn þarna inni. Ég sá ekki hvað Sævar aðhafðist þarna inni og get því ekkert borið um erindi hans þar."

Yfirheyrslu lauk kl. 17,12.

Vottur:

Upplesið staðfest,

Grétar Sæmundsson

Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Guðjón Skarphéðinsson.

Ivar Hannesson
Ivar Hannesson
lögreglum.
Ivar Hannesson

10.1.1977. Þegar kom að því, að Guðjón var beðinn um að skrifa undir þenna framburð sinn, þá neitaði hann að skrifa undir. Hann sagði að þetta atriði væri búið að koma fram áður í framburðum hans. Grétar Sæmundsson lögreglum. var viðstaddur yfirheyrsluna.

Ivar Hannesson
Ivar Hannesson
lögreglum.
Ivar Hannesson

11.1.1977. Í dag kl.12,00 mætti á skrifstofu rannsóknar-
lögreglunnar, Erla Bolladóttir f.19.7.1955, tilh. Stóragerði 29,
Reykjavík. Undirritaður ræddi við Erlu og var Sigurbjörn
Víðir Eggertsson rannsóknarl.m.viðstaddur.

Erla er spurð um það, hvort Sævar hafi farið í sjoppu í
Keflavík og ætlað að fá þar lánaðan síma og hvaða sjoppa það
hafi verið.


Erla segir okkur, að Sævar hafi farið inn í sjoppu, sem er
við hliðina á Aðalstöðinni í Keflavík. Hann hafi talað um, að
hringja þar. Ekki segist Erla muna, hvort það var eftir að þau
voru búin að fara í Dráttarbrautina í fyrra skiptið, eða hvort
það var, er þau komu til Keflavíkur.

Hún sagði, að Sævar hefði verið mjög stuttan tíma þarna
inni og talað um það, er hann kom í bifreiðina, að of margt hefði
verið þarna inni og hann því ekki hringt.

Erla sagði, að bifreiðin hefði staðið á plani við sjoppuna,
en sagðist ekki minnst þess, að hún hefði séð inn í sjoppuna.

Ertir að Sævar síðan kom aftur, sagðist hún halda, að nær
öruggt væri, að Guðjón hefði ekið að Hafnarbúðinni.

Ivar Hannesson
lögreglum.



13.1.1977. Í dag fór undirritaður í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, ásamt Haraldi Árnasyni rannsóknarl.m.

Ræddum við þar við Kristján Viðar Viðarsson gæslufanga, f.21.4.1955, tilh.Grettisgötu 82, Reykjavík.

Við spurðum Kristján um sjoppuna, sem Sævar fór í, í Keflavík og hvort hann vissi, hvar sú sjoppa væri.

Kristján sagði okkur, að eftir að þau hefðu farið í Dráttarbrautina og sagt Óttari, hvar hann ætti að bíða, hefði Sævar talað um, að hringja.

Guðjón hefði þá ekið að einhverri sjoppu, sem væri við aðalgötuna inn í Keflavík. Hann sagðist vera ókunnugur í Keflavík og ekki geta staðsett þetta nánar.

Kristján sagði, að Sævar hefði farið þarna inn einn, en þau hin, hefðu beðið í bifreiðinni á meðan og verið stutt frá sjoppunni. Ekki sagðist Kristján hafa fylgst með Sævari og ekki séð inn í sjoppuna.

Sævar hefði strax komið aftur og talað um, að of margir hefðu verið þarna inni.

Guðjón hefði síðan ekið að Hafnarbúðinni þar sem Kristján sagðist hafa farið inn og hringt í Geirfinn.

Ivar Hannesson
lögglum.

Ivar Hannesson

11.1.1977. Í dag fór undirritaður til Keflavíkur, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarl.m.

Ræddum við þar við Magnús Jónsson, f.17.9.1913, nafnr. 6268-4259, tilh. Framnesvegi 18, Keflavík, sími 92-1465 og v.s. 92-1515. Magnús er afgreiðslumaður í sölubúðinni (sjoppunni) og bensínafgreiðslunni við Aðalstöðina í Keflavík.

Við spurðum Magnús hvort ókunnugir fengju afnot af síma í sjoppunni, hvort hann hefði verið að vinna þann 19.11.1974 og hvort hann myndi eftir nokkrum sérstökum, sem hefði komið inn og farið síðan.

Magnús sagði okkur, að opið væri til kl.23,00 á hverju kvöldi. Töluvert sé um það, að fólk komi og fái afnot af síma og þá gegn borgun.

Magnús sagðist hafa verið að vinna til kl.23,00 þann 19.11.1974 og lagði hann fram, því til sönnunar, dagatal, sem hann hefur merkt á vinnudaga sína.

Magnús sagði okkur, að töluvert væri um það á kvöldin, að fólk kæmi þarna inn og þá einkum í sambandi við símann og væru þá oft nokkrar manneskjur inni í einu.

Hann sagðist ekki muna neitt frá kvöldinu 19.11.1974 og alls ekki geta sagt til um það, hverjir hafi komið þarna inn þá.

Umrædd sjoppa er lítil að flatarmáli og er afgreiðsluplássið um 1,50x2,50m. (gólfflötur) fyrir framan afgreiðsluborðið.

Afgreiðsluborðið er á vinstri hönd þegar komið er inn úr dyrum og sími er uppi á vegg andspænis inngöngudyrum og yfir enda afgreiðsluborðsins.

Ivar Hannesson
Lögreglum

Ivar Hannesson

Pýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

- 1) Atriði sem styrkja játningar.

Varðar:

Þann 7.1.77 var Ellert Skúlason mættur á skrifstofu rannsóknarlögreglu og sagði hann þá eftirfarandi: Í samtölum við konu sína hefði komið í ljós að í kringum þann 19.11.74 hefði hún fengið upphringingu frá ókunnugum manni. Sá hefði spurt um símanúmer Geirfinns. Vegna þess að hún hefði ekki vitað um símanúmer hans og þessavegna ekki getað látið manninum það í té hefði hringjandinn

- 2) brugðist ergilegur við og sagt eitthvað á þá leið:
Rannsóknarleiðir: "Ekki einu sinni símanúmer starfsfólks ykkar vitið þið."



Spyrja eiginkonu Ellerts varðandi þetta atriði. E.t.v. hefur Sævar hringt í hana áður en hann hringdi í Landsímamann, líka getur Guðjón hafa verið sá sem hringdi til heimilis Skúlasonar. Eftir því hvað eftirgrennslan leiðir í ljós á líka að spyrja Sævar um þetta atriði. Hvernig vissu S. og G. (ef hringingin kom frá þeim), að Geirfinnur ynni hjá E. Skúlasyni.

10.1.1977. Í dag fór undirritaður í fangelsið í Síðumúla, ásamt Jónasi Bjarnasyni rannsóknarlögreglum. Ræddum við þar við gæslufangann, Sævar Marinó Ciesielski f.6.7.1955, tilh. Grýtu-
bakka 10, Reykjavík.

Við spurðum Sævar þess, hvort hann hefði vitað hvar Geirfinnur Einarsson vann og hvort hann, eða Guðjón, hefðu hringt heim til Ellerts Skúlasonar og spurt um símanúmer Geirfinns.

Sævar sagðist ekki hafa haft hugmynd um það hvar Geirfinnur vann og neitaði algjörlega, að hafa hringt heim til vinnuveitanda Geirfinns. Hann sagðist ekki vita til þess, að Guðjón hefði hringt þangað. Sævar sagðist einungis hafa vitað nafn Geirfinns og heimilisfang og ekkert meira um hann og því hafa hringt í upplýsingar Landssímans 03 og fengið símanúmer hans.

Ivar Hannesson
lögreglum.



11.1.1977. Í dag fór undirritaður til Keflavíkur, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglum. Ræddum við þar við eiginkonu Ellerts Skúlasonar, Elínu Guðnadóttur f.25.3.1938, nafnr.1956-1151, tilh.Grundarvegi 21, Ytri-Njarðvík sími 1880.

Við spurðum Elínu um símtal, sem Ellert greindi Schüts frá þann 7.p.m.

Elín sagði okkur, að þau hjónin hefðu mikið rætt um þetta Geirfinnsmál og núna fyrir nokkru, hafi rifjast upp fyrir henni, að einhverntíma í kring um þann 19.11.1974, hafi hringt heim til hennar maður, sem hefði spurt hvort hún gæti gefið honum upp símanúmer Geirfinns. Hún sagðist hafa svarað manningnum því, að hún vissi ekki símanúmer Geirfinns og hefði maðurinn þá orðið hranalegur og látið falla einhver ónot og sagt í framhaldi af því, að það væri óvenjulegt, að vinnuveitandi vissi ekki símanúmer manna sinna. Síðan hefði maðurinn skellt símanum á. Hún sagðist halda, að þessi maður hefði fyrst spurt um "Geira", en kunningjar og vinnufélagar hefðu nefnt hann "Geira".

Elín sagðist ekki muna rödd þessa manns, en sagðist halda, að þetta hefði verið ungur maður og taldi, að hann hefði ekki verið ölvaður.

Þá sagðist hún halda, að þetta hefði verið um kl.17,00 og að hugsuðu máli, telja að þetta hefði verið einhverjum dögum, fyrir þann 19.11.1974, en ekkert þó geta fullyrt um það.

Ivar Hannesson
lögreglum.

Ivar Hannesson

1046

19. 1. 1977 talaði ég undirritaður, ásamt Jónasi Bjarnasyni, lögreglumanni, við Guðjón Skarphéðinsson, gæslufanga.

Guðjóni var bent á, að í kring um 19. 11. 1974 hefði verið hringt heim til vinnuveitanga Geirfinns. Erindið hefði verið að fá uppgefið símanúmer Geirfinns.

Guðjón sagðist ekki hafa hringt þetta símtal og ekki vita til að neinn annar hafi gert það.

Þá var Guðjón spurður, hvort hann hefði í sambandi við Keflavíkurferðina heyrt nefnt nafnið "Geiri".

Guðjón sagðist ekki muna til að hann hafi heyrt þetta nafn, en tók fram að Sævar hafi rætt óljóst um þetta mál. Hann geti því allsekki munað fyrir víst hvað Sævar talaði áður en til Keflavíkur var komið. Hugsanlega hafi Sævar nefnt þetta nafn, en hann kvaðst ekki muna eftir því.



Grétar Sæmundsson

lögreglum.

Pýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík, **10. 1. '76**

1) Atriði sem styrkja játningar.

Varðar:

Sævar hefur borið að þegar hann hafi sagt Guðjóni frá því að til stæði að fara til Keflavíkur til þess að útvega spíra og að borga ætti Geirfinni fyrir hann, hafi Guðjón verið samþykkur því að leggja fram fé til þessa. Hinsvegar hafi ekki komið til þess vegna þess að Guðjóni hafi ekki tekist að útvega peninga.

2) Rannsóknarleiðir:

Að spyrja Guðjón þar að lútandi.

Hvað gerði hann til þess að reyna að ná í peninga?

Eru einhver vitni að þessu?

Hefur hann um þetta leyti talað við aðra um að fá lánaða peninga sem ættu að notast á þennan hátt?

Yfirheyra hugsanleg vitni þar að lútandi.

1046

19. 1. 1977 talaði ég undirritaður og Jónas Bjarnason, lög-
reglumaður, við Guðjón Skarphéðinsson, gæslufanga.

Guðjón var spurður hvort Sævar hefði þann 18. 11. 1974 beðið
hann að leggja fram peninga í sambandi við Keflavíkurferðina.

Guðjón sagðist ekki minnst þess að Sævar hafi þennan dag
sagt sér nákvæmlega hvað til stæði að gera í Keflavík. Hann
sagðist heldur ekki muna til að Sævar hafi beðið sig að leggja
fram peninga í sambandi við Keflavíkurferðina, en þetta gæti
hafa gerst þótt hann myndi ekki eftir því. Hann hefi enga
peninga haft handbæra um þetta leyti. Hann sé viss um að
hann hafi ekki reynt að útvega peninga og hann hafi allsenga
peninga lagt fram í sambandi við þessa ferð.

Fram hefur komið við yfirheyrslur yfir bæði Guðjóni og Sævari,
að þeir hafi verið tveir einir í íbúðinni heima hjá Guðjóni,
þann 18. 11. 1974, er rætt var um Keflavíkur ferðina.


Gretar Samundsson
lögreglum.

Þýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja játningar.

Varðar:

Sævar hefur borið að hann hafi boðið Geirfinni 70.000.- krónur. Í bílnum á leiðinni til Dráttarbrautarinnar hafi hann (Geirfinnur) tekið við þessum peningum en þeim síðan kastað á gólf bifreiðarinnar.

2) Rannsóknarleiðir:

Eftirfarandi ber að rannsaka:

Hvaðan komu Sævari þessir peningar?

(Fá helst sönnun fyrir því)

Hvar voru þessar 70.000.- krónur geymdar fram til 19.11.74? (Í íbúðinni eða í banka?)

Hver vissi um geymslustað þeirra? (Erla?)

Hvað vita Kristján eða Guðjón e.t.v. um þessa peninga, hvaðan þeir komu og hvar þeir voru geymdir?

2000

1050

Dýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

10/1

- 1) Atriði sem styrkja jätningar.

Varðar:

Óttar Hreinsson hefur borið að hann hafi
sofið í herbergi Kristjáns eftir komuna
frá Keflavík. Hann (Óttar) hafi tekið
eftir því þegar hann (Kristján) kom heim.

Sævar hefur líka borið, að hafa sofið hjá
Kristjáni þá nótt. Óttar vill ekki kannast
við að hafa orðið var við Sævar.

- 2) Rannsóknarleiðir: hafi verið í öðru herbergi).

Spyrja Sævar um þetta.

Spyrja Kristján um þetta.

Mánudaginn 10. jan. 1977 var tekin til yfirheyrslu í fangelsinu í Síðumúla gæzlufanginn Sævar M. Ciesielski dæddur 6/7. 1955.

Mætti er sérstaklega spurður um hvar hann hafi verið aðfaranótt 20/11. 1974 er hann kom frá Keflavík, en nokkuð mistæmi hefur þar komið framm hjá sakborningum í málinu.

Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli: "Er við höfum komið líki Geirfinns fyrir í kjallarun á Grettisgötu 82, fórum við þrír saman, þ.e. Eg Guðjón og Kristján Viðar upp í innri ganginn að íbúð Kristjáns. Þar man ég eftir að Kristján gaf mér nokkrar róandi töflur sem ég tók inn, en ekki man ég hvaða tegund það var. Eg get alls ekki munað fyrir víst hvort ég fór þarna inn í íbúðina til Kristján og gisti þar um nóttina eða hvar ég svaf þessa nótt, en ég kom ekki heim til mín á Hjallaveginnum fyrr en kl. 10 til 10,30 um morguninn og kom þá í leigubifreið. Það sem ég hefi fullyrt áður að ég hafi gist hjá Kristjáni er engan veginn öruggt þar sem ég man ekki eftir nóttinni, en ég taldi líklegast að ég hefði gist þar. Ekki varð ég var við Sigurð Óttar Hreinsson þarna á Grettisgötunni!"

Mætti er spurður um af hverju hann hafi fengið lánað skóflur hjá Guðjóni Skarphéðinssyni, þar sem skóflur munu hafa verið til heima hjá Kristjáni Viðari á Grettisgötunni:

Hann skýrir svo frá: "Er ég hitti Guðjón á Mokka 20/11. 1974 þá var talað um að fela líkið og Guðjón sagðist hafa skóflur. Eg man ekki sérstaklega að hverju skóflur voru ekki teknar hjá Kristjáni. Skóflunum var síðan skilað nokkrum dögum eftir að við notuðum þær en ekki man ég hvaða dag það var. Mig minnir að við Erla höfum far - ið með þær vestur á Ásvallagötuna og sett þær við dyr á geymslu sem er undir kjallaratröppunum. Þá kom ég ekki inn í íbúðina en talaði eitthvað smávegis við Guðjón í dyrunum!"

Mætti er spurður um hvort teppi hafi verið á gólfinu í Land Rover bifreiðinni.

Hann skýrir svo frá: "Mig minnir að einhver teppisrenningur hafi verið á gólfinu aftur í, en man það ekki vel. Ekki man ég að neitt blátt væri þar sjánlegt eftir flutninginn á líkinu þó ekki man ég hvort renningur þessi var þarna í bílnum er við seldum hann!"

Sævar er spurður hvort fleiri en hann og Erla hafi vitað að hann væri með peninga eftir Póstsvikin, og þá hverjir ?

Hann segist hafa sagt Guðjóni frá póstsvikunum. Ekki kvaðst hann vita hvort Kristján Viðar hafi vitað um það mál, en telja það líklegt. Viðstaddur yfirheyrslu þessa var Ívar Hannesson ranns.lögreglumaður.

Jónas Bjarnason
ranns.lögr.m.

Þiðvikudaginn 12. jan. 1977 spurði ég undirritaður ásamt Grétari Sæmundssyni ranns.lögreglum. Sævar. M. Ciesielski sérstaklega eftir hvort hann hafi séð bát við bryggjuna í slyppnum í Keflavík (dráttarbrautinni) að kvöldi þess 19/11. 1974.

Hann svaraði því til að hann hefði engan bát séð þar og sögurnar um bátinn væru uppspuni og ósannar.

Jónas Bjarnason
ranns.lögreglum.

Samkvæmt lögregluskýrslu (mál 5188/74) hefur Kristján Viðar Viðarsson verið tekin til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 11. des. 1974 og spurður um vitneskju sína í Póstsvikamálinu.

Þar greinir hann frá að hann hafi vitað um fyrra málið sem var í ágúst 1974, en ekki vitað um það síðara sem var í okt. sama ár. JB.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu (mál nr. 5117 /74) tókst þeim Erlu Bolladóttir og Sævari M. Ciesielski að svíkja út úr Póst og Síma kr. 475 þúsund, sem þau fengu greiddar á Sel-fossi 22. okt. 1974. Meðfylgjandi afrit af ávísun með nafninu Guðrún S. Jónsdóttir er falsað af Erlu Bolladóttir.

Jónas Bjarnason
ranns.lögreglum.

Fýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

- 1) Atriði sem styrkja játningar.

Varðar:

Sum hinna kærðu hafa borið að aðfaranótt
20.11.74 hafi trilla legið við bryggjuna
í Dráttarbrautinni.

- 2) Rannsóknarleiðir:

Reyna þarf að finna fólk sem gæti gefið
upplýsingar um hvort og hvenær trilla hafi
legið við bryggjuna.

E.t.v. spyrjast fyrir um það í Dráttar-
brautinni.

Getur Dráttarbrautin lagt fram gögn um það að
bátur hafi legið þar eitt kvöld og eina nótt
til að bíða þess að vera dreginn í slipp?

Leyfa aðstæður slíkt með tilliti til flóðs og fjöru?
Ef þessar eftirgrenslanir bera ekki árangur,
spyrjast fyrir hjá hafnaryfirvöldum, skipa-
tryggingarfélagum o.s.frv.

Þýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja játningar.Varðar:

Kærðu greiddu Geirfinni högg með bareflum

(spýtum). Hvaðan koma þessar spýtur.

Kærðu hafa látið að því liggja, að

þær hefðu legið á við og dreif um

Dráttarbrautina.

2) Rannsóknarleiðir:

Spyrja stjórnendur Dráttarbrautkarinnar

um, hvort slíkt geti komið til greina.

Er svæði Dráttarbrautiarinnar hreinsað öðru

hvoru og spýtur keyrðar í burtu í leiðinni?

Átti það sér einnig stað skömmu eftir 19.11.74?

Getur verið að 19.11.74 hafi hafi virkilega

legið spýtur á við og dreif um svæðið?

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 11. jan. 1977.

Í dag fór ég undirritaður, ásamt Ívari Hannessyni lögreglu-
manni til Keflavíkur til þess að kanna ýmis atriði í Dráttar-
brautinni, svo sem hvort bátur eða trilla hafi verið við bryggjuna
þann 19/11 1974 eða hvort hægt sé að geyma þar bát eða trillu
næturlangt, með tilliti til flóðs og fjöru. Einnig hvernig
hreinsun á umráðasvæði Dráttarbrautarinnar sé háttað og hvenær
hafi verið hreinsað þar á árinu 1974.

Við ræddum við tvo starfsmenn Dráttarbrautarinnar, þá
Kristinn Gunnlaugsson, yfirverkstjóra, f. 12/7 1934 nafnr:
5813-3159 til heimilis að Ásgarði 11, Keflavík, og Nikulás
H. Brynjólfsson, f. 9/9 1936 nafnr: 6633-2926 til heimilis að
Smáratúni 25, Keflavík, en hann sér um að taka báta upp og
sjósetja hjá Dráttarbrautinni.

Kristinn og Nikulás sögðu það útilokað að bátar(eða trillur)
væru geymdir við bryggjuna næturlangt, vegna þess að þar væri
mikill munur á flóði og fjöru og alltaf væri einhver hreyfing
við bryggjuna vegna sjávarstrauma. Þeir sögðust ekki muna til
þess að bátar hefðu verið geymdir við bryggjuna, nema rétt á
meðan verið væri að undirbúa þá fyrir upptöku í Dráttarbrautina.
Þeir sögðu að starfsmenn Dráttarbrautarinnar hefðu eldrei geymt
bát við bryggjuna næturlangt.

Varðandi hreinsun í Dráttarbrautinni sögðu Kristinn og
Nikulás að öðru hvoru væri safnað saman spítnadrasli og það þá
oft borið niður í fjöru og kveikt í því, en flesta daga væri þó
eitthvað að spítum í Dráttarbrautinni, þar sem þar færi fram
viðgerð á trébátum og væru það aðalega eikar spítur. Þeir sögðu
að einstaka sinnum væri þó gerð alsherjar hreinsun og þá væri
draslinu ekið burtu af staðnum.

Samkvæmt upplýsingum frá Arna Björgvinssyni, starfsmanni á
skrifstofu Dráttarbrautarinnar, f. 21/10 1953 nafnr: 0505-9933
var hreinsað til í Dráttarbrautinni í maí 1974 og síðan ekki fyrr
en í maí 1975, en þess á milli hafi verið tekið til og rusli
brennt í Dráttarbrautinni. Árni kvaðst hafa þessar upplýsingar
af vinnukortum þeirra manna, sem hefðu unnið við hreinsunina í
umrædd skipti.

Árni sagði ennfremur að samkvæmt bókhaldi fyrirtækisins hefðu eftirtalin skip verið í Dráttarbrautinni þann 19/11 1974:

Á efribrautinni, næst húsunum:

m/b Sigurpáll GK- 375

m/b Manni KE- 99

m/b Muninn GK- 342.

Á neðribraut, fjær húsunum:

m/b Gullþór KE- 85.

Á efribraut, fjærst húsunum:

m/b Jón Oddsson (sem er ónýtur)

m/b Sigurbjörg KE- 14.

Árni sagði að samkvæmt bókhaldi hefði enginn bátur verið tekinn upp í Dráttarbrautina í nóvembermánuði 1974. Bátur hefði verið sjósettur þann 2/11 1974 og hefði það verið m/b Glaður KE-67 og síðan hefði ekki verið nein hreyfingi fyrr en 14/12 1974, en þá hefði m/b Gunnar Hámundarson verið tekinn upp í Dráttarbrautina.

Sigurbj. V. Eggertss.
 Sigurbj. V. Eggertss.
 lögreglum.

Þýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja játningar.

Varðar:

Sævar hefur borið að hann hafi í nóvember 1974 komið að því að maður að nafni "Geiri" frá Keflavík hafi stundað sprúttölu eða tekið þátt í henni.

Hugsanlega hefur hann átt tal við leigubílstjóra varðandi þetta. (~~Sævar~~ Að leigubílstjóri hafi sagt honum frá þessum Geira.)

2) Rannsóknarleiðir:

a) Meyna að hafa upp á hugsanlegum leigubílstjóra og spyrja hann eða yfirheyra.

b) Yfirheyra Loftsson sjómann um það, hvort rétt sé að hann þekki "Geira" frá Keflavík eða hafi talað við aðra um hann.

Er Loftssyni kunnugt um aðrar persónur, sem þekkja hugsanlega til "Geira" eða hafa um hann heyrt?

Í lögregluskýrslu sem gefin er af Hauki Guðmundssyni ranns.lögr. manni í Keflavík 3. jan. 1975, er greint frá að "Upplýsingar- aðili" hafi sagt honum að Guðlaugur Loftsson matsveinn á m/s Urriðafossi hafi hefði haft orð á því við skipsféлага sína að einhver maður í Keflavík væri orðin of dýr. Hann taldi að nafnið Geiri hefði komið framm í sambandi við það.

Þriðjudaginn 11. jan. 1977 náði ég tali símleiðis af Guðlaugi Loftssyni (f:28/8. 1948. t.h. Böðvarsgötu 3 Borgarnesi) en hann var þá staddur í Feneyjum á Ítalíu og ekki von á honum til Íslands fyrr en í vor.

Guðlaugur sagði að hér mundi vera um algeran misskilning að ræða. Hann hafi aldrei þekkt neinn Geira eða mann með svipuðu nafni í Keflavík, eða átt viðskipti við mann þar.

Hann kvaðst telja misskilninginn liggja í því að á árinu 1974 tók hann þátt í að smygla til landsins áfengi og þá fengið mann að nafni Jón Arnason til að sækja áfengi fyrir sig á trillubát út á sjó. Hann hafi ekki farið nema eina ferð eftir áfengi þar sem hann hafi verið of dýr.

Lögregluskýrsla var tekin af Guðlaugi Loftssyni hjá rannsóknar- lögreglunni í Reykjavík 5/2. 1975 þar sem hann greinir frá við- skiptum sínum við Jón Arnason í sambandi við skyglaða áfengið.

Lögregluskýrsla var einnig tekin af Jóni Arnasyni, 6/1. 1975 þar sem hann greinir frá viðskiptum sínum við Guðlaug Loftsson.

Jónás Bjarnason
ranns.lögreglum.
Jónás Bjarnason

14.12.1976. Eftir að Sævar Marinó Ciesielski hafði greint frá því, að hann hefði heyrð talað um "Geira" í Keflavík, hafði ég samband við rannsóknarlögreglumennina í Keflavík og við lögreglumenn þar, svo og lögreglumann í Grindavík.

Ekki hafði neinn lögreglumannanna upplýsingar um það, við hvern hér kynni, að vera átt.

Rannsóknarlögreglumennirnir, Haukur Guðmundsson og John Hill, sögðust hafa haft til meðferðar marga menn, vegna áfengissölu, áfengissmygls og vegna fíkniefnamála, undangengin ár og sögðust þeir ekki minnst þar nei ~~as~~ eins manns, sem þetta gæti átt við, en sá væri, Ásgeir Ebenesir Þórðarson, (kallaður "Geiri frændi") en sá væri fluttur nú til Reykjavíkur.

Umræddur Ásgeir hefði þó nær eingöngu verið nefndur í sambandi við fíkniefni.

Ivar Hannesson
lögreglum.



Pýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja játningar.

Varðar:

Sævar hefur borið að Geirfinnur hafi gefið honum nafn sitt og heimilisfang meðan þeir töluðu saman í klúbbnum. Hann (Sævar) hafi skráð það hjá sér.

Auk þess hafi hann (Sævar) spurzt fyrir um símanúmer Geirfinns hjá Landsímanum og skráð það hjá sér.

Eftir komuna til Keflavíkur hafi hann látið Kristján fá miðann með símanúmerinu, svo að hann gæti hringt til Geirfinns.

2) Rannsóknarleiðir:

Rannsaka þarf, hvort miðarnir eða að minnsta kosti annar þeirra séu enn til og ef svo er að koma þeim í vörzlu.

Hafa þessi minnisatriði e.t.v. verið skráð í minnisbók, sem enn er til?

Veit Erla nánar um þetta?

Afhenti Kristján seðilinn til baka eftir að hann steig aftur inn í bílinn?

Þriðjudaginn 11. jan. 1977 mætti á skrifstofu rannsóknarlögr.
Erla Bolladóttir t.h. Stóragarði 19 Reykjav. f: 19/7. 1955.

Hún er sérstaklega spurð um fjárhag sambýðismanns síns Sævars
Giesielski 19/11. 1974. En Sævar hefur greint frá í lögregluskýrslu
9. des. 1976 að hann hafi þá átt um kr. 200 þúsund í peningum.

Erla skýrir svo frá áminnt um sannsögli, að í okt. 1974 hafi þau
komist yfir kr. 475. þúsund hjá Pósti og Síma og mikið af þeim
peningum hafi verið óeytt á umræddum tíma.

Erla kvæst telja að þau hafi eytt af upphæðinni um kr. 20. þús.
í hótélkostnað, um kr. 20. þús í fatnað og telur að þau hafi
greitt um kr. 50. þús upp í Land Rover bifreið sem þau keyptu
14/11. 1974.

Hún kvað Sævar hafa geymt peningana og hún ekki fylgst með hvernig
þeim var eytt en telja öruggt að 19. nóv. , 74 hafi verið eftir af
peningum þessum milli kr. þrju og fjögur hundr. þúsund. Eitthvað
hafi verið geymt af þeim í sloppvasa inn í skáp í íbúðinni sem þau
höfðu á Hjallavegi þar hafi hún rekist á þá, en ekki kvæst hún
vita frekar um geymslustaði, nema að þeir hafi ekki verið geymdir
í banka.

Erla er spurð um hvort hún hafi fengið bifreið leigða í bifr.leigu
Karnabæjar gegn því að taka til hjá starfsmanni leigunnar.

Hún svaraði því til að einhverntíma í nóv. 1974 hafi hún fengið
þar Volkswagenbifreið lánaða og í staðinn tekið til hjá afgreiðslu-
manninum Guðmundi (heima hjá honum) Ekki kvaðst hún
muna dagsetninguna, en þetta geti hafa verið 19. nóv. 1974. Hún
kvaðst ekki vita hvort Sævar greiddi manninum peninga fyrir bif-
reiðina.

Erla er spurð um hvort hún hafi orðið vör við að Sævar væri með
miða með nafni og símanúmeri Geirfinns. ~~og hvort hún hefði séð~~

Hún kvaðst ekki vita það eða geta svarað því. Viðstaddur yfirheyrsluna
var Sigurbjörn Viðir Eggertsson.

Jónas Bjarnason

Rannsóknarlögr.

Þýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja játningar.

Varðar:

Ekki er nægilega upplýst hvar dvalarstaður Erlu var aðfaranótt 20.11.74.

Samkvæmt framburði hefði hún átt að dvelja í svokallaða "rauða húsinu" frá um kl.22.30 til næsta morguns.

Þessa nótt var hitastig um + 6^o á Celsius.

2) Rannsóknarleiðir:

Hafa samband við eigendur eða umsjónarmenn hússins. Taka af þeim skýrslu.

Var húsið opið á þessum tíma? Var þá húsið að innan í sama ástandi og nú? Hverju hefur hugsanlega verið breytt síðan? Hverju nákvæmlega? Gat Erla gert sér grein fyrir því þegar hún gekk fram hjá húsinu að það væri ekki lokað? (Var e.t.v. hurðin opin?)

Láta ef með þarf, ná rannsóknina til fleiri persóna, sem gætu viðt upplýsingar.

Láta jafnvel Erlu sýna staðinn einu sinni enn, sem hún segist hafa dvalið á. (Sigarettustubbar, æla?)

11.1.1977. Í dag fór undirritaður til Keflavíkur, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglum. Þæddum við þar við Þorkel Indriðason verkstjóra f.29.11.1925, nafnr.9661-0548, tilh.Melteigi 4, Keflavík, sími 92-1536 og v.s.92-1196.

Þorkell er verkstjóri hjá Keflavík h/f og umsjónarmaður með svokölluðu "rauða húsi".

Við þáðum Þorkel um að greina okkur frá því, hvort húsið kynni að hafa verið opið þann 19.11.1974, hvort einhverju hafi verið breytt þar eftir þann tíma og þá hverju?

Þorkell greindi okkur frá því, að hann nær eigöngu, væri sá verkstjóri, sem gengi um þetta umrædda hús.

Hann sagði að þar væru einungis geymd veiðarfæri á 1.hæðinni og hefði svo verið í um 10 s.l.ár.

Þorkell sagði, að engin breyting hefði farið fram á húsneðinu þau 10 ár, sem hann hefði unnið hjá fyrirtækinu.

Hann sagðist koma þarna oft og afhenda sjómönnunum veiðarfæri og ávalt sjá um það.


Þá sagði hann okkur, að mjög algengt væri, að húsið stæði opið, enda væri því ekki læst og frágangurinn á dyrum væri þessi, að þar væru negldar aftur og því væri venjulega opnað með því að draga úr naglana, eða spyrna dyrunum upp.

Hann sagðist oft hafa komið að húsinu opnu og væri því mjög líklegt, að húsið kynni að hafa verið opið þann 19.11.1974.

Þorkell sagðist hafa komið þarna oft haustið 1974 og eins veturinn 1975 og ekki minnst þess, að hafa séð þar neitt óvenjulegt eins og t.d.vindlingastubba, eða ælu.

Þá sagði Þorkell okkur, að í janúar eða febrúar 1976, hefði Haukur Guðmundsson rannsóknarl.m.í Keflavík óskað eftir því, að hann kæmi með honum í umrætt hús. Haukur hefði þá gert þar einhverjar athuganir og sagðist Þorkell ekki minnst þess að neitt hefði þá verið þar athugunarvert.

Ivar Hannesson
lögreglum.



Föstudaginn 13/1. 1977 bárust til rannsóknarnefndarinnar þær upplýsingar ~~á~~ frá Hauki Bjarnasyni ranns.lögreglumanni að hann hefði frétt að göngufólk er verið hefði á ferð í Rauðhólunum austan Reykjavíkur 23. nóv. 1974, hafi séð einhverja grunsamlega menn þar.

Undirritaður kannaði þetta nánar með hliðsjón af því að þetta var nokkrum dögum eftir að Geirfinnur Einarsson hvarf og sakborningar í því máli hafa borið að þeir hafi grafið hann í Rauðhólum.

Við athugun töldu þrír aðilar af umræddu fólki sig hafa orðið vara við menn þarna og ræddi ég því sérstaklega við þá.

Þorbjörg Hildbertsdóttir Stóragerði 3 Rvík f: 13/4. 1939 s:30297 N.nr: 9446 6350, kvað hér vera um gönguklúbb að ræða og sýndi hún mér dagbók sem hún hélt yfir gönguferðir. Hún sagðist ekki geta ~~sagt~~ ~~um~~ með vissu hvort umrædd ferð var farin 23/11. 1974 eða 1. nóv. 1975. Hún kvaðst hafa ekið eftir veginum upp í gegnum Rauðhólana og stoppað til að bíða eftir fólki sem var von á á eftir. Þá hafi hún veitt athygli þremur mönnum sem voru þarna í hólunum skammt vestan vegarins ekki langt frá stórum vélkrana eða jaröyty sem þar hafi staðið. Hún kvað sig minna að dökkleit stadion bifreið hafi verið þarna rétt hjáx þeim. Ekki kvaðst hún hafa séð þá með neinar skóflur eða verax neitt að róta til, en muni síðar er hún hafi séð í dagblöðum um leit lögreglunnar í Rauðhólum hafa haft orð á því að hún hafi séð umrædda menn. Hún kvaðst oft ganga um Rauðhólasvæðið og algengt væri að sjá fólk þar. Er hún hafi verið þarna á ferð hafi verið bjartur dagur og gott veður.

Einnig talaði ég við Sigríði Ólafsdóttir Rauðagerði 27 Rvík f:26/9 1912 sími: 34551 N.nr. 7651 7665. Hún var með í umræddri ferð. Sigríður kvaðst hafa verið á ferð upp í gegn um Rauðhólana og stoppað eins og Þorbjörg. Þá hafi hún séð tvo menn þarna skammt frá veginum og bifreið sem hún taldi tilheyra þeim, upp á veginum. Það hafi verið fólksbifreið. Skammt frá mönnum þessum hafi verið vélgrafa. Ekki kvaðst hún hafa talið menn þessa neitt grundamlega.

Ég talaði einnig við Jóhannes Guðmundsson Stóragerði 3. Rvík f: 2.5. 1931 N.nr. 5077 6123. Hann var í umræddri ferð. Hann kvaðst mynnast þess að hafa séð menn þarna í Rauðhólunum eins og hitt fólkið hefur greint frá en ekki talið neitt athugasvert við þá eða veitt þeim neina sérstaka athygli. Halda að þeir hafi verið tveit eða þrír og skammt frá þeim hafi að sig minni staðið grá Mercedes Bens fólksbifreið.

1965

Mánudaginn 17. jan. 1977 fór ég með Þorbjörgu Hildbertsdóttir upp í Rauðahóla þar sem hún sýndi mér hvar hún hefði verið er hún sá umrædda menn og eins hvar menn þessir hefðu verið.

Staður sá sem hún sagði þá hafa verið á var um 100 til 150 m. frá veginum og blasti við þeim sem þar fóru um. Hún sagði að þetta hefði verið um kl. 14,00 að degi til í snjólaus og góðu veðri að hana minnti.

Hiðað við aðstæður þarna og tíma tel ég útilokað að umræddir menn hafi verið þarna í sambandi við mál það sem um ræðir.

Jónas Bjarnason

rannsóknarlögr. m.

1966

Vegna framburðar sakborninga í máli Geirfinns Einarssonar um að þeir hafi grafið lík hans í Rauðhólum var ákveðið í rannsóknarnefndinni að ~~hafa~~ leita ráða varðandi leit og uppgröft hjá manni sem væri vanur vinnu og uppgreftri við svipaðar aðstæður og barna eru.

Talað var við Ellert Björn Skúlason verktaka (með ámokstursvélar og jarðýtur) Grundarvegi 21 Y.Njarðvík f: 9/10. 1935.


Undirritaður fór með Ellert upp í Rauðhóla þar sem hann skoðaði svæði það sem sakborningarnir hafa bent á og nokkur leit hefur þegar farið framm á.

Eftir að hafa kynnt sér aðstæður kvaðst hann telja óráðlegt að grafa frekar á svæðinu fyrr en frost væri farið úr jörðu þar sem jarðklaki er orðinn þarna mjög mikill. Eins er vatn það sem torveldaði leitina verulega í des. s.l. orðið botnfrosin íshella.

Að lokinni ofangreindri athugun talaði Ellert við K. Schutz ranns.lögreglumann og tjáði honum að hann væri tilbúin að láta gera ítarlega leit á umræddu svæði strax og aðstæður væru fyrir hendi.

Reykjav. 18. jan. 1977.

Jónas Bjarnason
ranns.lögreglum.



1967

Þiðvikudaginn 19. 1. 1977 talaði ég við gæslufangann Sævar A. Ciesielski og lagði fyrir hann spurningar varðandi misræmi sem framman kemur í skýrslu sem tekin var af honum ~~og~~ 9. des. 1976 og skýrslu sem tekin var af gæslufanganum Kristjáni V. Viðarsyni 14. jan. 1977 um ferðina til Keflavíkur 19/11. 1974. Viðstaddur yfirheyrsluna var Magnús Magnússon ranns.lögreglumaður.

Sævar er áminntur um sannsögli og spurður hvort hann hafi orðið var við Mercedes Bens sendiferðabifreiðina sem Sigurður Óttar Hreinsson ók umrætt kvöld, frá því að ekið var frá Vatnsstíg í Reykjavík og þar til í dráttarbrautinni í Keflavík.

Sævar svarar því til að hann muni að sendiferðabifreiðin hafi beðið eftir þeim Reykjavíkurmegin við Keflavík. og telur það vera við "Sjoppu" sem erkvið aðalgötuna þegar ekið sé í gegn um Ytri-Njarðv. Þeir hafi þar báðir farið út hann og Kristján og sagt Óttari hvert hann ætti að fara en það hafi verið í gegnum Keflavíkurbæinn og þar niður að slippnum og bíða.

Undirr. spurði Sævar hvort tekið hefði verið bensín á Volkswagen-bifreiðina á leiðinni til Keflavíkur.

Hann svaraði því til, að ekki hefði verið komið við á bensínstöð á leiðinni suður eftir. Alla vega ~~m~~índi hann þá alls ekki eftir að svo hafi verið.

Í greindri skýrslu Kristjáns Viðars Viðarssonar segir hann að á leið til Keflavíkur hafi verið talað um í bifreiðinni að taka manninn "í gegn" (Þ.e. Geirfinn) ef hann reyndist erfiður.

Þetta átriði er lagt fyrir Sævar og hann spurður um hvort þetta sé rétt.

Hann svarar því til, að hann muni ekki hvort komist hafi verið þannig að orði. Það hafi verið talað um að pressa manninn til að gefa upplýsingar (þ.e. um spíra) og hann yrði kannske erf-iður, en að sinni hálfu þá hafi ekki verið átt við líkamlegt of-beldi og um þannig ofbeldi hafi ekki verið rætt.

Sævar er beðin að skýra nákvæmlega frá hver væri ástæðan fyrir því að Geirfinnur Einarsson lézt í átökunum í dráttarbrautinn 19/11. 1974, og hvernig dauða hans bar að.

Hann svarar því til að hann geti ekki lýst því nánar en hann hafi gert í fyrrgreindri skýrslu frá 9. des. s.l. Þegar hann hafi komið frá því að segja Erlu að fara í burtu hafi maðurinn legið á jörðinni og þeir báðir hann og Kristján komist að þeirri niðurstöðu að hann væri látinn. Kristján hafi breiðað eftir hjartslætti ~~inn~~ á hann en hann sjálfur ^{faði} þreif eftir puls á úln-
lið en engan fundin og því talið manninn látinn.

Kristján Viðar segir í greindri skýrslu að er þeir hafi farið með lík Geirfinns í Rauðahóla til að grafa það hafi þeir fyrst birjað að grafa en síðan fært sig á annan stað vegna hættu á hruni yfir þá.

Sævar er ~~spurður~~ ^{spurður} hvort þeir hafi verið byrjaðir að grafa í umrætt sinn en fært sig af einhverjum sökum og grafið á öðrum stað.

Hann svarar því til að er þeir komu í Rauðhólana hafi þeir í fyrstu eitthvað smávegis athugað í kring um sig, þar sem þeir stoppuðu hvar hentugast væri að grafa, en ekki muni hann til að þeir færðu sig eftir að þeir voru byrjaðir að grafa.

Jónas Bjarnason
ranns.lögfræðingur.

Jónas Bjarnason

Pýðing / re

Rannsóðnarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja jätningar.

Varðar:

Sævar og Erla hafa borið (og ber þeim saman um það atriði) að þau hefðu þann sama dag og þau fluttu líkið í Rauðhólana farið til Bjarna og beðið hann um að líta á benzín-dælu Landróversins.

2) Rannsóknarleiðir:

Spyrja þarf Bjarna þar að lútandi. Er framburður þeirra beggja réttur?

Pýðing / re

Rannsóðnarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja jätningar.

Varðar:

Sævar hefur borið, að hafa sótt kápuna hennar Erlu til hans Bjarna. Kápa þessi hefði áður verið notuð til að breiða yfir höfuð Geirfinns. Vegna þess að svartir blettir hefðu verið í henni (blóð?) hefði hann fleygt henni í ruslunnu heima hjá Bjarna.

2) Rannsóðnarleiðir:

Kanna þarf hvort þessi framburður Sævars sé réttur.

Getur það verið að hann hafi komið kápunni fyrir á þennan hátt?

Hefur einhver séð þessa kápu? Nágrannar?

Hvar verður öskutunnan tæmt, sem stendur við heimili Bjarna?

Er það út í hött, að leita á öskuhaugunum?

Miðvikudaginn 19. jan. 1977 talaði ég við Bjarna Þór Þorvaldsson Bergþórugötu 27 Reykjav. vegna þess að í skýrslu Sævars Ciesielski sem tekin var af honum 9. des. s.l. segir hann að fimmtudaginn 21. nóv. 1974 hafi hann komið á Land Rover bifreið sinni ásamt Erlu Bolladóttir heim til Bjarna og beðið hann að gera við bensíndælu bifreiðarinnar. Erla Bolladóttir segir það sama í lögregluskýrslu sem tekin er af henni í sama mánuði.

Undirritaður spurði Bjarna að því hvort hann kannaðist við umrætt atvik. Hann svaraði því til að hann gæti alls ekki munað hvort Sævar hefði komið til sín umræddan dag til að fá gert við bílinn. Það hafði nokkrum sinnum komið fyrir að hann kæmi þangað með bílinn til að fá eitthvað smávegis lagfært, en ekki kvaðst hann sérstaklega munað að þá hafi verið um lagfæringu á blöndung eða ^{dælu}hensingjum að ræða.

Bjarni var einnig spurður að því hvort möguleiki væri á að Sævar hefði komið kápunni fyrir í sorptunnu er hann sótti hana.

Bjarni kvað það vel mögulegt að hann hefði fleygt kápunni í sorptunnu á bak við húsið.

Undirr. athugað að á bak við nefnt hús eru venjulegar sorptunnur sem hægt er að ganga að. Þær hafa að sjálfsögðu verið losaðar í þar til gerðan sorpbíl á sínum tíma og efnið flutt í sorpeyðingarstöðina á Ártúns höfða og kápan þar eyðilagst hafi henni verið hent í tunnuna.

Sævar segir í umræddri skýrslu að Bjarni Þór hafi sagt sér er hann hafi komið síðla vetrar 1975 heim til hans og spurt um kápu, hafni hann sagt að Kittý systir sín væri með hana.

Undirritaður talaði við Kittý (Hún heitir Kristín Sigurðardóttir t.h. Bergþórugötu 27 f: 19958 N.nr.578o 7555) og spurði hana eftir kápunni.

Hún sagðist ekki muna neitt eftir umræddri kápu og aldrei hafa verið með hana eða farið í hana. Hún sagði að stundum hefði komið fyrir að Sævar kæmi með Landróverbifreiðina þarna heim til að fá hana lagfærða.

1972

Ég talaði einnig við Helgu A. Vigfúsdóttir ~~fx~~ Bergþórugötu 27
Rvík. f: 18/9. 1933. N.nr. 3943 8801) Hún er móðir þeirra
Bjarna Þórs og Kittýar.

Í lögregluskýrslu sem tekin var af henni 20. okt. 1976 segir hún
frá vitund sinni um umrædda kápu þarna heima hjá þeim.

Ég spurði hana sérstaklega hvort hún hefði orðið vör við bletti
í kápunni. t.d. blóðbletti.

Hún svaraði því til að kápa þessi hefði verið dökk að lit og
því gæti hún ekki svarað þessu af neinni vissu. Hún hafi ekki
tekið eftir neinum blettum í káðunni en þó hefðu uppþornaðir
blóðblettir getað verið í henni án þess hún veitti því athygli.

Jónas Bjarnason
ranns.lögreglum.



Rannsóknarnefndin Reykjavík.

R. 21. jan. 1977.

Í dag kl. 13:30 kom í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar, Erla Bolladóttir, 19/7 1955 í Reykjavík til heimilis að Stóragarði 29, Reykjavík.

Mættu er kunnugt um til efni yfirheyrslunnar, en það er varðandi nokkur atriði í máli þessu. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá:

Ég sá Sævar hringja frá Grýtubakka 10, á heimili móður hans, þegar við vorum þar stödd þann 19/11 1974 og átti þetta símtal sér stað á mikli kl. 19:00 og 19:30. Ekki heyrði ég hvað Sævar sagði í síman og veit því ekki við hvern hann talaði eða um hvað hann talaði.

Varðandi ferðina til Keflavíkur þann 19/11 1974, þá vissi ég ekkert um undirbúning hennar og vissi ekki hvert erindið var, fyrr 'en eftir að ég heyrði samtalið milli Sævars og Guðjóns í bifreiðinni, á leiðinni til Keflavíkur sem ég hef áður skýrt frá. Ég dró þá alýktun, af því samtali að í Keflavík ætti eitthvað að ske, þar sem þeir ræddu um mann sem væri erfiður og þyrfti að beita hann fullri hörku. Sævar hafði ekkert sagt mér um tilgang fararinnar og nefndi það heldur ekki í bifreiðinni við mig.

Varðandi dauða Geirfinns, þá veit ég að hann lennti í átökum við Sævar, Kristján og Guðjón í Dráttarbrautinni, eins og ég hef áður skýrt frá. Ekki veit ég á hvern átt hann lét lífið, en mig minnir að Sævar hafi sagt mér seinna, að hann hafi látist í átökunum.

Yfirheyrslu lauk kl: 14:25.

Upplesið, staðfest,

Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir.

Vottur:

Greitar Sæmundsson
Greitar Sæmundsson.

Sigurbj. V. Eggertsson
Sigurbj. V. Eggertsson.
Lögreglum.

1074

Fimmtudaginn 21. jan. 1977 talaði ég undirritaður ~~við~~ ásamt Ivari Hannessyni ranns.lögreglum. við gæzlufangann Sævar M. Ciesielski í fangelsinu við Síðumúla.

Við spurðum hann sérstaklega um fyrstu samskipti hans af Geirfinni Einarssyni í Klúbbnum að kvöldi þess 17. nóv. 1974 og bentum honum á framburð Kristjáns V. Viðarssonar í skýrslu þeirri sem hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni 14/1. 1977. og jafnframt bentum við honum á misræmi það sem framm kæmi þar ~~eg~~ í framburði hans sjálfs frá því 9. des 1976.

Sævar skýrði svo frá ~~áminntun~~ um sannsögli að efnislega geti skýrsla Kristjáns V. Viðarssonar verið rétt um þetta atriði. Þeir hafi notað alls konar aðferðir til að komast í samband við menn sem þeir ætluðu að ræna og því væri mjög líklegt að þarna hefði hann fengið Kristján til að fara til manns þess sem þeir ætluðu að ræna og sagt eitthvað við hann í þá átt hvort ~~han~~ hann vildi viðskipti með áfengi, enda rámaði sig í að þessi aðferð væri notuð í þetta skiptið. Sævar sagðist muna að Kristján hefði verið með einhverja fýlu við sig í sambandi við þetta ~~og~~ og hann farið sjálfur til mannsins og farið að tala við hann um að þeir þekktust og hefðu verið saman til sjós og spurt hann að heiti, en þetta hefði verið ein af mörgum aðferðum til að komast í kynni við menn og þetta sama kvöld hefðu þeir verið búnir að ræna einn mann þarna í Klúbbnum á svipaðan máta.

Þegar maður þessi kynnti sig sem Geirfinn og vera frá Keflavík kvaðs Sævar hafa látið sér detta í húp að þetta væri "Geigi í Keflavík" sem hann hafði áður heyrt nefndan í sambandi við spíra. Þá hafi hann hætt við hugmyndina að ræna hann og í þess stað kynnt sig og sagst heita magnús Leopoldsson og spurði hann hvort þeir getu ekki átt viðskipti saman um áfengi. Sævar segir að síðan hafi þeir rætt saman um það mál eins og hann sé búin að greina frá í skýrslunni frá 9. des. s.l.

Ég ~~vit~~trekaði þá spurningu við hann hvort ekki sé mögulegt að hann hafi komið við á bensínstöð á leiðinni til Keflav. 19/11. 1974. Sævar kvaðst ekki geta svarað þessari spurning á annan máta en hann væri búinn. Hann hefði oft að kvöldlagi komið á bensínstöðvar við Hafnarfjörð til að taka bensín, en ekki muna þetta sérstaklega.

Jónas Bjarnason
ranns.lögreglum.

1075

Í jan. 1977 hafði ég samband við Veðurstofu Íslands og talaði þar við Öddu Báru Sigfúsdóttir veðurfræðing og óskaði umsagna hennar um hvort frost hefði verið í jörðu í Rauðhólum 21. nóv. 1974.

25. sama mán barst rannsóknarlögreglunni skýrsla hennar um þetta ásamt meðfylgjandi töflu um frost í jörðu í okt og nóv. 1974.

J. Bjarnason
ranns.lögreglum.

Í des. 1976 er undurritaður ofl. rannsóknarlögr.menn hófu leit og uppgröft í Rauðhólum vegna máls þessa hafði jörð verið alveg snjólaus sem af var vetrar. Frost var þá búið að vera allmikið öðru hvoru og hafði farið sumar næturnar niður í 12 til 16 stig við jörðu samkvæmt upplýsingur veðurathugunarmannsins á Hólmi v/ Suðurlandsveg.

Þarna reyndist jörð mjög mismikið frosin. Þar sem rauðamölin var sand eða leirborin var komið það mikið frost í jörðu að illmögulegt var að vinna á henni með vélskóflu.

Þar sem um hreina rauðamöl var að ræða og einhver halli þannig að vatn hafði ekki safnast fyrir var alveg eða nær því alveg ófrosið og auðvelt að grafa með handverkfærum eftir því sem gerist í rauðamöl.

Jónas Bjarnason
ranns.lögreglum.

Líkur á frosti í jörð í Rauðhólum 21. nóvember 1974

Jarðvegshiti er mældur við hús Veðurstofu Íslands á Bústaðavegi 9. Þar var hiti yfir frostmarki í öllum mældum dýptum eins og meðfylgjandi ljósrit sýnir, fram til 16. nóvember, en þá fer hiti aðeins niður fyrir frostmark í 5 cm dýpt.

Samanburður á hitamælingum á Hólmi og í Reykjavík sýnir, að meðalhiti í skýli í 2. m hæð var rösklega einu stigi lægri á Hólmi dagana 17.-21. nóvember. Hann var 1.6° í Reykjavík en 0.4° á Hólmi.

Lágmarksmælingar við jörð voru sem hér greinir dagana 17.-21. nóvember.

<u>Dag.</u>	<u>Reykjavík</u>	<u>Hólmur</u>
17.	-10.1	-12.0
18.	-2.5	-3.5
19.	-2.5	-4.0
20.	-2.8	-4.7
21.	-4.6	-10.0

Með hliðsjón af þessum athugunum verður að teljast líklegt að frost hafi komið í jörð á þessu tímabili í Rauðhólum.

Reykjavík, 24. janúar 1977,

Adda Bára Sigfúsdóttir
Adda Bára Sigfúsdóttir

Sakadómur Reykjavíkur
Reykjavík

BÚVEDURFRÆÐIMÆLINGAR Í GRASREIT

mánuður: *Oktober*ár: *1974*Stöð: *Vesturstofan*

Tími morgunnah.	Jarðvegshiti												Lofthiti				Vindur tejar <i>Rithugas</i>			
	5 cm dýpt				10 cm dýpt				20 cm dýpt				20 cm hæð		5 cm hæð					
	kl. 3	kl. 9	kl. 15	kl. 21	kl. 3	kl. 9	kl. 15	kl. 21	Hám.	Lág.	kl. 9	Hám.	Lág.	kl. 9	Hám.	Lág.		kl. 9	Hám.	Lág.
1. T.R.	4.2	4.6	5.1	5.2	5.2	5.2	4.3	4.3	4.3	4.3	3.0	4.3	3.0	4.3	8.8	3.4	2.7	7909601		
2. G.H.	5.4	5.4	5.7	6.1	6.1	6.1	5.3	5.6	5.6	5.6	4.3	5.1	4.3	5.1	10.5	3.7	2.4	1010406	<i>notur</i>	
3. G.H.	5.5	5.3	5.4	5.6	6.1	6.1	5.3	5.4	5.4	5.4	5.4	5.4	5.4	5.4	7.7	5.2	4.7	1010466		
4. G.H.	5.3	4.9	4.8	4.6	5.6	5.6	4.6	3.4	3.4	3.4	5.2	5.2	5.1	5.0	7.4	3.0	2.0	1011942	<i>notur</i>	
5. R.K.	4.2	3.4	3.4	3.6	4.6	4.6	3.6	2.9	2.9	2.9	2.9	2.9	2.9	2.9	9.2	-1.4	-3.4	1015327		
6. R.K.	3.2	2.9	2.9	3.2	3.6	3.6	2.9	2.3	2.3	2.3	2.2	1.8	2.0	2.1	4.2	-1.8	-4.0	1017725	<i>purur</i>	
7. K.H.	3.0	2.3	3.2	3.4	3.4	3.4	3.9	3.1	3.1	3.1	3.7	3.4	3.8	4.0	4.3	2.0	-0.3	1018747	- "	
8. K.H.	3.2	3.1	3.4	3.9	4.1	4.1	3.9	3.1	3.1	3.1	3.6	3.4	3.7	3.8	4.0	0.7	-0.8	1019313	<i>notur</i>	
9. K.H.	3.4	3.3	3.5	4.1	4.1	4.1	4.1	3.3	3.3	3.3	4.3	4.3	4.7	5.0	5.0	3.5	2.1	1019834	- "	
10. K.H.	4.6	4.6	5.0	5.1	5.1	5.1	4.6	4.6	4.6	4.6	4.3	4.3	4.7	5.0	5.0	5.0	3.7	1021708	<i>notur</i>	
11. K.H.	5.3	5.6	5.8	5.9	5.9	5.9	5.9	5.1	5.1	5.1	5.1	5.2	5.4	5.4	5.2	4.0	3.1	1022614		
12. R.K.	5.7	5.3	5.5	5.7	5.9	5.9	5.3	5.3	5.3	5.3	5.2	5.2	5.2	5.2	5.4	5.6	5.4	1025176		
13. R.K.	6.6	6.5	6.8	7.4	7.4	7.4	7.4	7.0	7.0	7.0	4.8	5.0	5.8	4.8	6.4	6.1	7.0	1028825	<i>notur</i>	
14. R.H.	7.4	7.2	7.0	7.0	7.4	7.4	7.0	7.0	7.0	7.0	5.8	6.9	7.0	7.0	7.0	5.8	6.2	1033710	- "	
15. K.H.	6.2	6.1	6.0	5.4	7.0	7.0	5.4	5.4	5.4	5.4	5.5	6.4	6.2	6.2	6.5	3.6	2.5	1038229	- "	
16. K.H.	5.0	4.8	4.9	4.9	5.4	5.4	4.9	4.9	4.9	4.9	5.2	5.1	5.0	5.0	5.8	2.9	1.9	1042499	- "	
17. H.M.	5.8	5.8	5.8	5.6	5.8	5.8	5.8	5.8	5.8	5.8	5.4	5.4	5.4	5.4	5.6	6.2	3.0	2.3	1044816	- "
18. K.H.	4.2	4.0	4.0	4.0	5.6	5.6	4.0	4.0	4.0	4.0	5.4	4.3	4.2	4.2	5.2	1.3	0.0	1044816	- "	
19. K.H.	3.7	3.6	3.6	3.6	3.6	3.6	4.0	3.6	3.6	3.6	4.7	4.3	4.2	4.2	4.8	5.9	1.3	1.0	1046785	- "
20. K.H.	2.8	2.6	2.9	2.8	3.6	3.6	3.6	2.6	2.6	2.6	3.7	3.3	3.6	3.2	4.4	7.2	-0.5	3.6	1048036	- "
21. K.H.	2.4	2.0	2.0	1.9	2.8	2.8	2.8	1.9	1.9	1.9	3.0	2.9	2.9	2.6	4.2	8.2	-2.0	-6.1	1048346	<i>helastu</i>
22. K.H.	1.8	1.6	1.9	2.4	2.4	2.4	2.4	1.6	1.6	1.6	2.2	2.2	2.6	2.9	3.6	9.0	-2.3	-4.8	1048819	<i>purur</i>
23. K.H.	2.9	4.1	4.9	5.6	5.6	5.6	2.4	2.4	2.4	2.4	4.0	5.3	5.6	5.6	4.4	10.6	3.5	3.5	1052608	<i>notur</i>
24. K.H.	3.9	3.4	2.9	3.0	5.6	5.6	3.0	3.0	3.0	3.0	4.3	4.0	3.9	3.8	4.8	10.5	0.7	0.2	1059650	- "
25. K.H.	3.2	3.2	3.2	3.2	3.2	3.2	3.2	3.0	3.0	3.0	3.6	3.3	3.4	3.3	4.2	5.3	0.4	-0.8	1061467	<i>purur</i>
26. K.H.	3.8	3.9	3.8	3.8	3.8	3.8	3.8	3.2	3.2	3.2	4.8	4.0	3.9	3.9	4.2	7.8	2.5	2.0	1065125	<i>notur</i>
27. K.H.	2.7	2.1	1.9	1.4	3.8	3.8	1.4	2.6	2.6	2.6	3.1	2.8	2.6	2.0	4.0	6.0	-0.8	-1.6	1069994	<i>purur</i>
28. K.H.	0.9	0.8	0.9	0.5	1.4	1.4	0.5	1.4	1.4	1.4	1.9	1.4	2.5	2.3	3.0	1.7	-7.9	-10.4	1071795	- "
29. K.H.	0.4	0.4	0.4	0.4	0.6	0.6	0.4	0.4	0.4	0.4	0.9	0.8	0.7	0.8	2.2	3.5	-7.0	-8.9	1073631	<i>notur</i>
30. K.H.	2.3	2.8	3.1	3.1	3.1	3.1	3.1	2.0	2.4	2.4	2.0	2.2	2.4	2.4	2.4	7.5	2.8	2.6	1074652	- "
31. K.H.	1.9	1.5	1.6	1.8	3.1	3.1	1.5	1.9	1.9	1.9	1.9	1.8	1.9	2.0	2.7	6.8	0.0	-1.8	1075266	- "

BÚVEÐURFRÆÐIMÆLINGAR Í GRASREIT

Stöð: *Veðurstofan*

mánuður: *Nóvember*

ár: *1974*

Tími morgunah.	Jarðvegshiti												Lofthiti			Vindur		
	5 cm dýpt			10 cm dýpt			20 cm dýpt			50 cm dýpt			20 cm hæð		5 cm hæð		Há. 9	Vindur teigari
	Hám.	Légm.	kl. 9	kl. 15	kl. 21	Hám.	Légm.	kl. 9	kl. 15	kl. 21	Hám.	Légm.	kl. 9	kl. 15	kl. 21	Hám.		
1.	1.8	1.7	1.6	1.8	1.8	1.6	1.8	1.7	1.9	1.8	2.0	1.7	2.6	6.5	0.4	-0.2	1076359	<i>vetur</i>
2.	1.6	1.6	1.6	1.5	1.5	1.5	1.4	1.6	1.3	1.1	1.8	1.1	2.6	6.0	0.5	-1.0	1077126	<i>vetur</i>
3.	1.1	0.9	0.9	1.0	1.0	0.9	1.3	1.2	1.2	1.2	1.3	1.2	2.3	3.9	-1.2	-3.5	1077224	<i>hélátur</i>
4.	1.1	2.4	3.0	4.1	4.1	1.0	1.2	1.8	2.8	3.8	3.8	1.2	2.4	5.9	-1.3	-3.4	1079089	<i>vetur</i>
5.	4.6	4.2	4.1	3.9	4.6	3.9	4.0	4.0	4.0	4.0	4.0	3.8	3.9	9.3	3.7	3.2	1084232	-"
6.	3.4	3.2	3.2	3.1	3.9	3.1	3.3	3.2	3.3	3.2	4.0	3.2	3.7	6.0	2.4	2.0	1089486	-"
7.	3.1	3.7	4.0	4.1	4.1	3.1	3.1	3.1	3.2	3.3	3.3	3.1	3.4	5.8	1.0	0.3	1092861	-"
8.	3.7	3.6	3.6	3.4	4.1	3.4	3.4	3.4	3.4	3.4	3.4	3.3	3.7	6.0	2.6	2.5	1094432	-"
9.	1.9	1.6	1.5	1.4	3.4	1.4	2.9	2.4	2.2	2.2	3.4	2.2	3.3	5.0	0.0	-1.0	1096031	<i>rabur</i>
10.	1.1	1.3	1.2	1.2	1.4	1.2	1.5	1.3	1.3	1.1	2.2	1.1	2.8	2.3	-3.0	-6.2	1097098	<i>snjór</i>
11.	1.1	1.0	1.3	1.3	1.3	1.0	1.4	1.4	1.9	1.8	1.8	1.1	2.5	2.7	-3.5	-5.5	1099809	<i>þurr</i>
12.	1.3	1.1	1.1	0.7	1.3	0.7	1.7	1.3	1.3	1.3	1.8	1.3	2.3	3.4	-3.6	-5.3	1104037	<i>hélátur</i>
13.	0.6	0.5	0.5	0.5	0.7	0.5	0.9	0.8	0.9	0.9	1.3	0.9	2.0	4.4	-3.4	-5.8	1105752	<i>þurr</i>
14.	0.4	0.4	0.4	0.3	0.5	0.3	0.6	0.6	0.6	0.4	0.9	0.4	1.7	3.0	-0.6	-1.6	1109214	-"
15.	0.4	0.4	0.4	0.4	0.4	0.3	0.5	0.5	0.5	0.4	0.5	0.4	1.4	3.9	-0.9	-2.1	1112288	-"
16.	0.2	0.2	0.2	-0.2	0.4	-0.2	0.4	0.4	0.3	0.2	0.4	0.2	1.5	3.5	-1.5	-3.8	1115790	-"
17.	-0.2	0.0	0.0	0.0	0.0	-0.2	0.0	0.2	0.2	0.2	0.2	0.0	1.3	1.7	-6.6	-10.1	1116596	-"
18.	0.0	0.1	0.2	0.0	0.2	0.0	0.2	0.2	0.2	0.2	0.2	0.2	1.2	1.4	-1.7	-2.5	1116596	<i>vetur</i>
19.	-0.2	0.0	0.1	0.1	0.1	-0.2	0.2	0.2	0.3	0.3	0.3	0.2	1.2	3.8	-1.8	-2.5	1117631	<i>þurr</i>
20.	0.9	0.1	0.4	0.7	0.4	0.1	0.2	0.2	0.3	0.2	0.3	0.2	1.2	5.6	-1.0	-2.8	1120313	<i>hélátur</i>
21.	0.1	0.2	0.2	0.1	0.2	0.1	0.1	0.2	0.2	0.1	0.2	0.1	1.2	4.9	-3.1	-4.6	1121004	<i>þurr</i>
22.	0.1	0.0	0.0	-0.1	0.1	-0.1	0.1	-0.1	0.0	0.0	0.1	0.0	1.1	2.4	-1.4	-3.0	1122774	-"
23.	0.0	0.0	0.0	-0.1	0.0	-0.1	0.2	0.1	0.1	-0.2	0.2	-0.2	1.0	3.5	0.5	-0.3	1124694	<i>móta</i>
24.	0.0	0.0	-0.2	-0.4	0.0	-0.4	0.1	0.1	0.1	0.1	0.1	-0.2	1.0	4.5	-1.2	-4.2	1125847	-"
25.	-0.1	0.1	0.3	0.3	0.3	-0.4	0.1	0.1	0.2	0.2	0.2	0.1	1.0	3.5	-0.9	-4.1	1125870*	<i>vetur</i>
26.	0.1	0.1	0.1	0.1	0.3	0.0	0.2	0.1	0.2	0.1	0.2	0.1	1.0	3.1	-2.2	-5.9	1125870*	<i>þurr</i>
27.	0.0	-0.1	-0.1	0.0	0.1	-0.1	0.0	-0.1	0.0	0.0	0.1	-0.1	0.5	0.1	-4.5	-7.0	1126927	-"
28.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.8	1.5	-5.0	-7.0	1127025	-"
29.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	-0.1	0.0	0.0	0.0	-0.1	0.0	-0.1	0.8	1.9	-2.8	-3.2	1128591	<i>vetur</i>
30.	-0.1	-0.2	-0.2	-0.1	0.0	-0.2	0.2	-0.2	-0.2	-0.2	-0.1	-0.2	0.4	3.0	0.0	0.0	1132789	<i>Geautu</i>
31.																		

*18/11 Meðir stoppið tekinn inn og smurður 25.09.20/11 Meðir þrotinn

Þýðing / re

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík, 10. 1. '76

1) Atriði sem styrkja játningar.

Varðar:

Guðjón hefur borið að hann hafi lánað
Sævari tvær skóflur sem átti að nota
til að grafa líkið.

2) Rannsóknarleiðir:

Hvar eru skóflurnar?

Ef þær finnast, ber að fara varlega með
þær vegna þess að jarðvegsleifar á
skóflunum gætu gefið vísbendingar.


10. 1. 1977 talaði ég undirritaður við Einar Jónsson, gjaldkera til heimilis að Grænuhlíð 17, Reykjavík, fæddan 29. 7. 1913, n.nr. 1816-4639.

Guðjón Skarphéðinsson hafði sagt, að hann hefði í nóv. 1974 fengið lánaðar skóflur hjá Einari. Þess skal getið að tengdadóttir Einars Jónssonar er systir Guðjóns.

Einar skýrði svo frá, að síðarihluta árs 1974 hefði Guðjón fengið lánaða hjá sér eina skóflu. Hann sagðist minnst þess, að um þetta leyti hefði Guðjón verið að flytja úr íbúð í Laugarneshverfi og í aðra íbúð. Í nýju íbúðinni hefði verið einhvers konar leki og hefði hann fengið skófluna til að grafa eitthvað í því sambandi. Nokkru seinna hefði hann hitt Guðjón og þá spurt hann um skófluna og Guðjón þá sagt, að hann væri búinn að nota hana. Skóflan hefði verið hjá honum í um tveir vikur uns hann skilaði henni aftur.

Einar afhenti skófluna og er hún geymd hjá rannsóknarlögreglunni. Þarna er um að ræða skóflu með kúptu blaði og löngu skafti.

Einar sagði, að hann hefði sjálfur notað þessa skóflu talsvert í garðvinnu bæði sumarið 1975 og 1976. Auk þess myndi einnig hafa verið mokað snjó með henni eftir að Guðjón hafði hana að láni.


Grétar Samundsson
lögreglum.

1081

19. 1. 1977 talaði ég undirritaður við Guðjón Skarp-
héðinsson, gæslufanga, að viðstöddum Jónasi Bjarnasyni,
lögreglumanni.

Guðjóni var bent á, að hann hefði sjálfur talið sig hafa
haft tvær skóflur að láni frá Einari Jónssyni, Grænuhlíð 17,
í nóv. 1974. Hins vegar hefði Einar fullyrt, að hann hefði
lánað Guðjóni aðeins eina skóflu.


Guðjón sagði, að þetta myndi vera rétt hjá Einari. Hann
kvaðst muna, að skófla, sem hann fékk lánaða hjá Einari, hafi
verið með löngu skapti, kúptu og spýssmynduðu blaði.

Tekið skal fram, að þessi lýsing kemur heim við skóflu þá
er Einar kveðst hafa lánað Guðjóni, en hún er í vörslu rann-
sóknarlögreglunnar.

Guðjón segir, að sig minni fastlega, að hann hafi á þessum
tíma einnig verið með stunguskóflu að láni. Sig hafi minnt
að Einar hafi átt báðar, en hann geti ómögulega áttað sig á
hvar hann hafi fengið þessa skóflu lánaða. Hann hafi örugg-
leka skilað skóflunum báðum.

Hann kveðst í nóv. byrjun 1974 hafa þurft að grafa skurð í
lóðinni að Ásvallagötu 46. Skóflurnar hafi verið notaðar við
það verk.

Hann segir sennilegt að Sævar hafi vitað af, að hann hefði
skóflur til umráða. Ekki kvaðst hann muna fyrir víst hvenær
kom til tals, að Sævar fengi skóflurnar lánaðar, né heldur
kveðst hann muna hvenær hann fékk skóflurnar. Þetta hafi þó
ekki gerst síðar en er þeir hittust á Mokka þann 20. 11. 1974.


Grétar Samundsson
lögreglum.

1982

22. 1. 1977. Undirritaður, ásamt Jónasi Bjarnasyni lögreglumanni, talaði við Sævar M. Ciesielski í dag. Hann var spurður um skóflur, sem hann hefur áður skýrt frá, að hafi verið notaðar er lík Geirfinns Einarssonar var grafið.

Sævar skýrði svo frá, að hann hafi beðið Guðjón Skarphéðinsson um að fá skóflurnar lánaðar, er hann hittti Guðjón á Mokka þann 20. 11. 1974. Hann hafi sótt skóflurnar heim til Guðjóns með hans leyfi. Ekki kveðst hann muna hvort Guðjón hafi afhent skóflurnar eða verið viðstaddur þegar hann (Sævar) tók þær. Hann kveðst nokkrum dögum síðar hafa skilað skóflunum. Man ekki hvort Guðjón tók við þeim, en telur sig hafa skilið þær eftir í horninu við innganginn í íbúð Guðjóns. Segir að hann og Erla hafi verið á Land Rover bifreiðinni bæði er hann sótti skóflurnar og skilaði þeim.

Hann segir, að skóflurnar hafi örugglega verið tvær. Önnur hafi verið með löngu skapti, en hin með stuttu skapti og handfangi eða það sem kallað er stunguskófla. Hann veit ekki hver á skóflurnar eða hvar þær eru nú.


Grétar Sæmundsson

Lögreglum.

26. 1. 1977. Undirritaður hefur margítrekað spurt Guðjón Skarphéðinsson um hvar hann hafi fengið stunguskófluna, eða hvar hún sé nú niðurkomin. Hann hefur ekki getað gefið neinar nánari upplýsingar um þetta atriði.

Ég hefi talað við Jón Sigurjónsson, Ásvallagötu 46, Rvík., en hann var sambýliðmaður Guðjóns á sínum tíma. Jón kvaðst muna að Guðjón hafi grafið skurð í lóðinni haustið 1974. Hann kvaðst ekkert vita um skóflur sem notaðar voru við það verk. Hvorki hver átti þær né hvar þær eru nú.

Þá talaði ég við Guðrúnu Egisdóttur, fyrrverandi konu Guðjóns, en þau bjuggu saman í íbúðinni á Ásvallagötu 46. Hún kvaðst muna eftir að umræddur skurður var grafinn í lóðina haustið 1974, en hún kvaðst ekki muna hvar Guðjón fékk lánaðar skóflur til verksins.

Ekki hefur því tekist að finna nema aðra skófluna, sem atla má að hafi verið notuð til að grafa lík Geirfinns Einarssonar.


Grétar Sæmundsson

lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja játningar.Varðar:

Þann 19.11.74 voru í Hafnarbúðum auk þjónustustúlkna nokkrir gestir (ein kona og tveir menn).

Til þessa hafa þau ekki verið spurð um það hvort hár maður eins og Kristján hafi komið inn. Einnig ber að líta til þess að Sævar segist hafa verið í fylgd með honum og keypt sígarettur og súkkulaði.

2) Rannsóknarleiðir:

Hafa ber upp á og spyrja fólk, sem við sögu geta komið.

Athygli hefði átt að vekja, ef tveir svo ólíkir menn að stærð hefðu komið inn í Hafnarbúðina stuttu eftir kl.22.00.

Til greina kemur að leggja myndir fyrir spurðu.

VARÐSTJÓRI

1085

NS?

sp. XIII 299-6

VII 146

Upplýsingar vegna Geisþins Þinssonar
Óskast skráðar hér.

NAFN, HEIMILISTANG OG SIMI ÞEIRRA
SEM TELJA SIG GETA GEFID
UPPLÝSINGAR. HAFT MUN VERÐA SAMBAND
VIÐ ÞESSA ADILA SÍÐAR EF PURFA ÞYKIR.

— 11 —

Þvefna Óskastætti, Þringbraut 45.

sát í Hlafrarkeið frá kl. 21⁰⁰ ásmítt

Jóni Þ. ^{Salvallaag 44.} ~~Þinsson~~ og Jóhanni ^{Grindavík.} ~~Þinsson~~
og fórum aftur út um kl. at um 23⁰⁰

Þittum við alhygli einum fjórum mannum
sem þuget að þringja á líttinu á
þessum tíma og þá síðasti rétt áttur
er við fórum heurtu.

Ég held at allir þessir menn hafi
verið yfir svíðugaldri.

Þá er síðast þringdi minni mig at
þá er verið frekar yfir meðallag í hat
og svarati sér nokkur at þrekka þis
þar þarinn dökkhorvur met illa um-
hítt hátt, ekki sitt, kladdur í brinnu
þaujakka og bláar gallaburur.

Maturinn snéri at áttur andliti meðan
þarinn álaði í síman, og virðist mér

andlit hans urva eins og uturlovis
 en ekki sérstakt efdisktanent
 vit þat. Ekki heyrði eg rödd hans
 Hann var einn þarna við síman
 og talati frekar stutt, þar sit hann
 fór út aftur.

2. - Einu þeirra sem hringdu var
 kladdur í dökkláan jakka með
 hvidum teinnum (vöndum)

3. - Einu þeirra hafði sést þarva
 inni frá þri ^{eg} ~~sit~~ ~~komu~~ inn
 og fékk að hringja eftir ca 1. Klst.
 og talati stutt og settist svo aftur
 þar sama borð og áður en fór
 svo ítt eftir ca. 15. min.

Matur þessi, sem var einn var kladdur
 í bláa kuldauþpa með hettu, lóföturáka
 og á að giska um ferdugt, en ekki
 hóto eg sérstaklega eftir iðliti
 hans í smáatriðum

4. - Einu manna sem hringdi, kam
 inn í lífina á ~~þ~~ svipurum sína
 og 'eg og talati hann stutt.
 Ekki man eg eftir þessum manni
 í smáatriðum Eða klafabundi hans

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

A. 11. jan. 1977.

Í dag fór ég undirritaður, ásamt Ivari Hannessyni, lögreglu-
manni, til Keflavíkur. Ræddum við þar við Hrefnu Björgu Óskars-
dóttur til heimilis að Hringbraut 45, Keflavík, sími: 2305,
f. 16/7 1959 nafnr: 4344-7394. Tilefni samræðnanna var, að
fyrir liggja upplýsingar frá lögreglunni í Keflavík, um að Hrefna
hafi verið í Hafnarbúðinni í Keflavík, að kvöldi þess 19/11 1974
ásamt tveimur mönnum.


Hrefna sagði að það væri rétt að hún hefði verið í Hafnar-
búðinni, að kvöldi þess 19/11 1974, ásamt tveimur piltum, þeim
Jóni Guðna Péturssyni, sem nú væri látinn, og Jóhanni Guðfinnssyni
frá Grindavík.

Hrefna sagðist hafa verið í Hafnarbúðinni umrætt kvöld, ca.
frá kl. 21:30 til 23:30 og hefði hún setið þar við borð ásamt
þessum tveimur piltum. Hún sagðist muna eftir að þrír menn hefðu
komið inn í Hafnarbúðina til þess að hringja og að þeir hefðu
allir komið inn í sitthvort skiptið. Hrefna sagðist ekki muna
nákvæmlega eftir þessum mönnum til þess að geta gefið góða lýsingu
á þeim, en sagði að einn þeirra hefði verið ca. 20 ára gamall í
bláum jakka hvítteinóttum. Annar hefði verið í brúnum leður-
líkisjakka að hana mynnti, en ekki kvaðst hún geta gefið neina
lýsingu á þriðja manningnum.

Hrefna sagði að þessir menn hefðu allir hringt í Hafnar-
búðinni og að einnig hefðu komið þar fleirri menn inn, sém hún
kvaðst ekki hafa séð, frá borði því sem hún sat við. Hún sagðist
ekki hafa veitt athygli eða séð tvo menn koma saman inn í Hafnar-
búðina þetta kvöld, en það gæti þó verið þar sem hún hefði ekki
séð allá það fólk, sem kom þangað. Hrefna sagði að hún treisti
sér ekki til þess að þekkja mennina aftur, sem hún veitti athygli
eða sá hringja í Hafnarbúðinni, þar sem svo langt væri síðan.


Sigurbj. V. Eggertss.
lögreglum.

Samkvæmt upplýsingum frá rannsóknarlögreglunni í Keflavík,
lést, Jón Guðni Pétursson, Sólvallagötu 44, Keflavík, af slysförum
þann 8/3 1976 í Keflavík.


Sigurbj. V. Eggertss.
lögreglum.

1088

Rannsóknarnefndin Reykjavík.


R. 20/11 1977.

Í dag fór ég undirritaður, ásamt Ívari Hannessyni, lögreglumanni, til Grindavíkur. Ræddum við þar, við Jóhann Guðfinnsson til heimilis að Suðurvör 4, f. 10/3 1951 nafnr. 4968-5750. Tilefni samræðnanna var, að fyrir liggja upplýsingar frá lögreglunni í Keflavík, um að Jóhann hafi verið í Hafnarbúðinni í Keflavík, að kvöldi þess 19/11 1974, ásamt fleirum.

Jóhann sagðist hafa verið vélstjóri á m/b Arney KB- 50 sem lagt hafi upp afla í Keflavík veturinn 1974 til 1975. Hafi hann oft farið upp í Hafnarbúðina, eftir að búið var að landa afla þeim er skipið kom með að landi og sagðist hann hafa verið í Hafnarbúðinni þann 19/11 1974 ca. frá kl. 21:00 til 23:00 og þegar auglýst hefði verið eftir fólki því sem þar hefði verið þetta kvöld, sagðist Jóhann hafa gefið sig fram við lögregluna.

Jóhann sagðist hafa setið við borð í veitingasalnum við austur vegginn ca. fyrir miðjum salnum og hafa snúið baki að afgreiðsluborðinu og þá um leið ^{frá} ~~á~~ þeim stað, þar sem síminn er. Ekki sagðist Jóhann hafa veitt neinum manni athygli, fremur venju. Hann sagðist þó halda að einhver ókunnug andlit hefðu komið inn í Hafnarbúðina, þetta kvöld, en hann sagðist ekki treista sér til þess að gefa lýsingu á þeim mönnum og ~~ásekkji~~ alls ekki að þekkja þá aftur.

Jóhann kvaðst hafa verið í Hafnarbúðinni ásamt Hrefnu Óskarsdóttur og einum skipsfélaga sínum Jóni Guðna Péturssyni.


Sigurbj. V. Eggertss.
lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

14.1.1977. Kristján Viðar Viðarsson gæslufangi, f.21.4.1955, tilh.Grettisgötu 82, Reykjavík, hefur fyrir skömmu afhent Haraldi Árnasyni rannsóknarlögreglum.penna, sem Kristján segist hafa tekið af líki Geirfinns Einarssonar í kjallara að Grettisgötu 82, í Reykjavík, aðfararnótt 20.11.1974.

Kristján segist ekki geta munað í hvaða vasa umræddur penni hafi verið.

Þessi framburður Kristjáns Viðars, kemur fram í skýrslu, sem undirritaður skráði, dags.13.1.1977 er Kristján var spurður um klæðnað Geirfinns ofl.og í skýrslu er Haraldur Árnason rannsóknarl.m.skráði, dags.14.1.1977.

Umræddur"penni"er svartur teikniblýantur með lausu blýi í.

"Penninn"er sem fyrr segir svartur að lit úr plastefni áttkantaður, en sívalur að neðan og þar í þverrákir. Að ofan er takki, sem losar um blýið þegar honum er þrýst niður, en takkann má draga upp og í neðri enda takkans er blýyddari.

Á efrihluta"pennans"er vasaklemma, sem má losa af, krómuð á lit og á oddi"pennans"er krómaður oddhólkur og þar í fjórir krómaðir griparmar, sem halda blýinu.

Í"pennanum"er blý með hörkunni HB og er blýið brotið í tvo hluta. Áletrun er á efrihluta "pennans" project 5613, öll lengd "pennans"er 15,3 sm.

"Penninn"er að sjá aðeins boginn.

Í Tæknideild rannsóknarlögreglunnar voru teknar ljósmyndir af "pennanum"og fylgja þær skýrslunni.

Ivar Hannesson
Lögreglum.
Ivar Hannesson

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

14.1.1977. Í dag fór undirritaður til Keflavíkur, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglum. Ræddum við þar við, Guðnýju Sigurðardóttur f.19.12.1948 og son hennar, Sigurð Jóhann Geirfinnsson f.13.8.1964, tilh. Hólabraut 10, Keflavík, sími 923157.

Við spurðum þau hvort Geirfinnur hefði verið með penna í fórum sínum er hann fór að heiman þann 19.11.1974, eða hvort þau hefðu vitað til þess, að hann hefði átt einhvern penna.

Þau sögðust ekki hafa vitað til þess, að Geirfinnur hefði verið með penna er hann fór að heiman þann 19.11.1974, en hinsvegar gæti svo hafa verið.

Guðný sagði, að oftast hefði Geirfinnur verið með penna kræktan innan í seðlaveskið, þegar hann á annað borð var með penna og þá einkum í vinnunni og einnig sagðist hún muna eftir að hafa séð einhverntíma penna kræktan í ermvasann á úlpu Geirfinns, en sagðist halda að það hefði hún ekki séð nema þá í eitt, eða tvö skipti.

Hún sagði, að Geirfinnur hefði stundum komið heim með penna frá Ellert Skúlasyni, en það hefðu verið ódýrir kúlupennar. Þá sagðist hún muna eftir, að Geirfinnur hefði átt kúlupenna, merktan Heklu h/f, en langt væri síðan, eða löngu áður en Geirfinnur hvarf.

Sigurður sagðist ekki muna eftir neinum penna og stundum hefði faðir hans fengið lánaðan hjá honum blýant með strokleðri í endann.

Við sýndum þeim pennann, sem Kristján Viðar hefur afhent og tvo aðra penna einnig, sem líkir eru pennanum frá Kristjáni og sögðust þau bæði vera viss um, að þau hefðu aldrei séð neinn af þessum pennum.

Ivar Hannesson
Lögreglum

Ivar Hannesson

14.1.1977. Í dag fór undirritaður, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglum, að hitta Þór Ingimarsson tækjastjóra f.20.8.1949, tilh. Hátúni 8, Keflavík sími 92-1628.

Þórður var þá við vinnu hér í Reykjavík.


Við spurðum Þórð hvort hann hefði vitað til þess, að Geirfinnur Einarsson hefði verið með þenna í fórum sínum um kvöldið þann 19.11.1974, eða hvort hann hefði vitað til þess, að Geirfinnur hefði átt þenna.

Þórður sagðist enga hugmynd hafa um það hvort Geirfinnur kynni, að hafa haft þenna í fórum sínum þetta kvöld.

Þórður sagði okkur, að þeir hefðu stundum fengið kúlu-þenna hjá vinnuveitandanum, en það hefðu verið ódýrir þennar, en ekki sagðist hann þó muna **nákvæmlega** hvernig þennar það hefðu verið.

Við sýndum Þórði þennann, sem Kristján Viðar hefur afhent og tvo aðra þenna einnig, sem líkir eru þennunum frá Kristjáni, en Þórður sagðist vera viss um, að hann hefði engan þennanna séð áður.

Ivar Hannesson
lögreglum.



15.1.1977. Ég hefi í dag rætt við Ellert Björn Skúla-
son framkv.stj.f.9.10.1935, tilh.Grundarvegi 21, Ytri-Njarð-
vík sími 92-1880.

Ég ræddi við Ellert um pennann, sem Kristján Viðar hefur
afhent. Ellert sagðist ekki vita til þess, að starfsmenn
hans, hefðu fengið slíka skrúfblyanta og sagðist ekki minnst
þess, að hafa séð slíkan skrúfblyant hjá fyrirtækinu.

Hann sagðist hafa afhent starfsmönnum mjög ódýra
kúlupenna til þess, að nota við innfærslur í vinnubækur.

Ellert sagði, að rekstrarstjóri hans, Jakob Sigurðsson
gæti svarað þessu örugglega, en Jakob væru nú erlendis en
vantanlegur á næstu dögum.


Ivar Hannesson
Lögreglum.



17.1.1977. Í dag hafði samband við Karl Schütz, Magnús Leopoldsson framkv.stj.Klúbbsins og upplýsti, að stúlka, sem afgreiddi á einum af börum hússins, gæti gefið einhverjar upplýsingar um mann, sem verzlað hefði við hana, rétt fyrir hvarf Geirfinns Einarssonar.

Magnús sagði, að stúlka þessi hét, Sigríður Malmberg tilh.Sörlaskjóli 94, Reykjavík.sími 15490.

Ivar Hannesson
Lögreglum.



18.1.1977. Í dag ræddi ég við Sigríði O.Malmberg f.10.3.1932, nafnr.7646-4308, tilh.Sörlaskjóli 94, Reykjavík sími 15490, en Magnús Leopoldsson hefur komið því á framfæri við K.Schütz, að Sigríður hefði einhverjar upplýsingar í sambandi við Geirfinnsmálið.

Sigríður sagði mér, að eftir að farið var að auglýsa eftir Geirfinni Einarssyni og fram hafði þá komið, að Geirfinnur hefði verið í Klúbbnum þann 17.11.1974, hefði hún munað eftir manni, sem hún hefði afgreitt þá nokkru áður, en ekki sagðist hún þó geta fullyrt að það hefði verið þann 17.11.1974.

Sigríður sagðist sjá um vínbar í veitingahúsinu Klúbbnum á 1.hæð hússins í suð-vestur horni.

Hún sagði, að um væri að ræða mann, sem komið hefði að barnum til hennar og verslað.

Ekki sagðist hún muna hvað maðurinn hefði verslað, eða hvort maðurinn var ölvaður.

Ekki sagðist hún heldur muna neitt eftir útliti þessa manns. Sigríður sagðist muna örugglega, að maðurinn hefði greitt með ávísun, en sagðist ekki muna hvort hann hefði sjálfur skrifað ávísunina, en allavega hefði hún óskað eftir því, að maðurinn sannaði hver hann væri er hann skrifaði framsal á ávísunina.

Hún sagðist muna, að maðurinn hefði heitið einhverju sjaldgæfu nafni, að hún héldi, Geirfinnur og sagði hún í því sambandi, að eitthvað hefði nafn hans borið á góma og maðurinn þá svarað eitthvað á þá leið, "að hann væri ekki síðasti Geirfuglinn" Þetta sagðist hún muna örugglega.

Sigríður sagðist ekki muna eftir fjárhæð á ávísuninni, en sig rámaði í, að hún hefði verið á bleði frá banka í Keflavík.

Ivar Hannesson
Lögreglum.

Ivar Hannesson

Í lögregluskýrslu sem tekin var af Sævari M. Ciesielski 9. des. 1976, segist hann hafi haustið 1974 nefndan einhvern "Geira í Keflavík" sem hefði með sprátttsölu að gera eða væri einhverskonar milliliður með smýglað áfengi.

Af þeim sökum hefur verið gerð ítarleg leið að manni þessum og 13. jan. s.l. fór undirritaður til Keflavíkur ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni ranns.lögreglum. Þar töluðum við við John Hill ranns.lögreglum. og með hans aðstoð tókum við niður nöfn á öllum í Keflavík og nágrenni þar sem nafnið Geir eða Geiri kom fyrir(T.d. Ásgeir, Þorgeir, Valgeir og því um líkt)

Samtala reyndist þarna vera um 47 mön að ræða er athuga þurfti. John Hill tók að sér að athuga nákvæmlega hvort nokkur af mönnum þessum væru granaðir um misferli í sambandi við áfengi og þá sérstaklega á árinu 1974 og næstu árum þar á undan, en það voru skrár frá árinu 1974 sem farið var yfir er þetta var kannað.

J. Bjarnason
ranns.lögrm.

19. jan. 1977 barst til rannsóknarlögreglunnar skýrsla um málið frá John Hill ranns.lögreglum. þar sem hann greinir frá niðurstöðum sínum á rannsókninni. Skýrslan fylgir máli þessu.

Rvík 25. jan. 1976.

Jónas Bjarnason
ranns.lögreglum.

Nr. Lagt fram í Sakadómi

Keflavíkur/Gullbringusýslu

RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í KEFLAVÍK/ GRINDAVÍK/GULLBRINGUSÝSLU

Skýrsla

Miðvikudaginn 19. jan. 1977.

Tekin af: J.H.

Ég undirritaður hef að undanfögnu kannað feðfylgjandi nafnalista, semkv. ósk á Jónasar Bjarnasonar, rannsóknarlögreglum. í Reykjavík, sem vinnur í svokölluðu Geirfinnsmáli.

Um: Athugun á nafnalista fyrir rannsóknarlögregluna í Reykjavík.

Ég hef farið yfir umræddan lista, ásamt öðrum lögreglumönnum í lögregluliði Keflavíkur, án þess þó að þeir vissu um raunverulegan tilgang með þessu. Útilokuðum við flest nöfnin á listanum, þ. a. s. menn sem við þekktum. Þó getum við ekki aftekið með öllu að einhver þessara manna gæti komið til greina, en þó er það mjög ólíklegt.

Grunaðir:

Nokkur nöfn á listanum þekktum við ekki, en óhætt er að fullyrða að þessi nöfn hafa ekki komið á skýrslur hjá lögreglunni í Keflavík, vegna sprúttölu eða áfengis-smygls. Hér er um að ræða eftirtalda aðila. Valgeir Borgarsson, Hólagötu 7, Njarðvík, f. 3/2 1935. Vinnur í Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Ásgeir Ólafsson, Kirkjubraut 6, Njarðvík, f. 2/7 1937. Sjómaður að atvinnu, en ekki vitað á hvaða skipi eða bát hann er. Geir Þorsteinsson, Sjávargötu 21, Njarðvík, f. 22/6 1951. Vinnur hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, líklega í verslun þar. Körfubolta- maður hjá Ungmennafélagi Njarðvíkur. Hefur líklega flutt til Njarðvíkur árið 1973 og þá úr Reykjavík, að haldið er. Ásgeir Svan Vagnsson, Kirkjuvegi 42, Keflavík, f. 16/7 1955. Nú til heimilis að Hafnargötu 22, Keflavík. Maður þessi er með gervihendi, líklega þá hægri. Geirmundur Sigvaldason, Sóltúni 15, Keflavík, f. 15/10 1953. Þessi maður hefur talsvert umgengist pílta í Keflavík, sem hafa orðið uppvísir af fíkniefnaneyslu, en er sjálfur ekki á skrá hjá lögreglunni í Keflavík, sem slíkur.

Settir í varðhald:

(framh.)

1097

Aðeins einn maður á fyrrgr. lista hefur verið orðaður við áfengissölu, svo vitað sé. Hér er um að ræða Valgeir Ólaf Helgason, Reykjanesvegi 12, Njarðvík, f. 13/1 1937. Maður þessi var leigubifr.stjóri að atvinnu og var þá talsvert orðaður við áfengissölu. Nú mun hann starfa í Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Almennt á Suðurnesjum er hann kallaður "Valli Helga".

Þetta tilkynnist yður hér með herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst.



John Hill, rannsóknarlm.

Keflavík 20. jan. 1977.

Undirrituðum hefur borist ósk um athugunar á einu nafni enn og er það nafn Stefáns Geirs Karlssonar, f. 15/1 1945. Nafnnúmer: 8352-2291. Samkv. íbúaskrá Keflavíkur 1973 og 1974, þá bjó nefndur Stefán Geir að Tjarnargötu 20, Keflavík. Þar býr faðir hans, Karl Jónsson, en hann er eigandi að Isbarnum í Keflavík. Sími hjá nefndum Karli er 1353.

Stefán Geir var talinn mikill fíkniefnaneytandi er hann bjó í Keflavík. Einnig átti hann í talsverðum útistöðum við lögregluna, en ekki er vitað til að hann hafi verið kærður fyrir áfengissölu eða áfengissmygl. Eiginkona Stefáns Geirs er Magnea Reynaldsdóttir, f. 25/4 1945. Nanfn. 6228-1480. Talið er að hún hafi einnig verið fíkniefnaneytandi. Stefán Geir er nú kennari við fjölbrautaskólann í Keflavík, en býr að Víðihvammi 1, Hafnarfirði.

Virðingarfyllst


John Hill, rannsóknarlm.

1977

Keflavík 25. jan. 1977.

Undirritaður hefur undanfarið kannað afrit af skýrslum
hjá lögreglunni í Keflavík, nokkur ár aftur í tímann.
Ekki hefur komið í ljós að nafn neins manns á meðfylgjandi
lista, sé eða hafi verið tengt spíramáli, eða slíku. Ekki
hefur neitt frekar komið í ljós í máli þessu, en það sem
að framan greinir.

Virðingarfyllt

John Hill

John Hill, rannsóknarlögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

20.1.1977. Í dag fór undirritaður til Keflavíkur, ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglum.

Þar var rætt við Guðnýju Sigurðardóttur f.19.12.1948, tilh.Hólabraut 10,Keflavík sími 92-3157.

Við spurðum Guðnýju sérstaklega um blóðkort Geirfinns, hvort hún hefði séð kortið og hvort það væri enn til.

Guðný sagðist hafa séð hjá Geirfinni blóðkort, en hann hefði ævinlega borið blóðkort á sér og nær öruggt væri, að blóðkortinu hefði verið í veski hans.

Hún sagðist muna, að blóðflokkur Geirfinns hefði verið O Rh plús.

Ivar Hannesson
lögreglum



BLÓÐBANKINN

6/1 '77
B. J. Jónsson

Nafn	Geirfinnur Einarsson	+	Dags.
Aldur	f. 7/9 '42		21/4/70/PP
Heimili	Vallargata 24, Keflavík		
Nr.	RK- 3192	1093 -A	
Sendandi			

SAS
JH.

BLÓÐBANKINN

- Flokkur *0 0*
- Rh *D+ Rh+ D+*
- Aðrir flokkar
- Rh-titer
- Coombspróf

Aths. Endurfl. 26/6/74.

11896000

BLÓÐBANKINN

6/1 '77
Geirfinnur Einarsson

Vélritað upp eftir bréfi Guðjóns Skarphéðinssonar, en bréfið fylgir frumriti.

Föstudagskvöld síðla 21. 1. 1977

Hr. yfirrannsóknarlögreglumaður Grétar Sæmundsson.

Undirritaður átti reyndar von á þér hingað í kvöld, en því var víst ekki slegið föstu. Eftir á að hyggja, þetta er að vísu með formerkjum "creativ thining". Þú sem rannsakari hjartna og nýrna hefur væntanlega tekið eftir hvað mér varð starsýnst á í vorri ferð í dag. Nei, jæja þá skal ég segja þér það. Það voru tröppurnar út úr húsinu bakdyramegin. Svona tröppur eru ekki algengar. Mér finnst ég hafi farið þarna inn sennilega ekki getað beðið einn í bílnum úti og komið inn að miðstöðvarkötlunum tveim sem þarna standa. Um það atriði hvort ég hafi komið upp í herbergið þori ég ekki að segja neitt, en tröppurnar eru mér minnisstæðar, vegna þess að ég var þannig á mig kominn að ég komst ekki af sjálfsdáðum upp þær. Þ.e.a.s. áttaði mig ekki á svona skarpri hægri beygju sem gera varð til að komast áfram leiðar sinnar. Gott ef S. leiddi mig ekki upp þær. Síðan mun ég hafa ekið bílnum-

Grétar Sæmundsson
Grétar Sæmundsson lögreglum.

út úr sundinu og sennilega laft honum einhversstaðar við nærliggjandi götur, gott ef ekki í einhverju porti. Síðan mun S. hafa tekið lyklana og fylgt mér að Fíatinum, sem hefur þá sennilega staðið við Vatnsstíg. Ég man óljóst eftir einhverjum huggunarorðum sem hann var að láta falla við mig um að þetta væri allt í lagi o.s.v.fr. Einhvers staðar í grennd við Úðafoss, ég man ekki við hvaða götu hún er, þar finnst mér Vw hafi verið lagt.

Mér þótti réttara að hripa þetta niður, en þetta er birt án ábyggðar af hálfu undirritaðs.

Guðjón Skarphéðinsson

p.s.

það er eitthvert ólag á pennanum
enda er þessi pappír ekki boðlegur.

Sami


Grétar Samundsson lögreglum.

Jöndagskvöld síðla

2// 77

Hr. yfirvannschmarle'grellumaður

Þráttar samleika.

Vandirítætur átti myndir var á þri hringi í
 kvöld, en þú var út ekki elgrið þá. Eftir á
 huggja, þetta er að vera með þannar, um "vealdia
 þinning." þú sem rannakari hjartana og mjóka hefur
 vatvartalesa tekid eftir kvöld mi vanit skatansigt
 á í vanni ferit í dag. Ekki, þessa þá ekal í
 sessi þú það það varu höppurum út in
 hinni bakdyrnesjin. Svona höppur eru ekki
 algengar. Ekki þinn et af hefi þess þanna inn
 semlega ekki setud ledid ein á lítum ríki
 upkandi in á miðstöðverkötllum þessum
 þanna esda. Nú það stóði kvant í þessum
 þá þessum þessu þessu ekki á sessa meitt, en
 höppurum eru með minni þessum, nema þessu
 es var þannig á mið þannin að ég komst ekki
 af stöðvöldum upp þess. þ. e. a. s. áttid mig
 ekki á svona ekannar þessu þessu sem esna
 vand til á kvant afra leidda sinnan.

Þótt ef S. leiddi mig ekki upp þess.

Síðan mun es hefi ekid lítum

út in sundinu og semilega læst hann
 einhverri eða við marlaggið di orðum,
 gott ef ekki í einhverri partí. Síðan mun
 S. hafa dekið lyklu og dyggt mér
 að þá Fiskinnun, sem hefur þá semilega
 seðid við Vatnabú. Ég mun áljóð
 eftir einhverjum hugguánda sem
 var vor að láta falla við mig en
 að þetta væri allt í lagi o. sv. þr.
 Fiskinnun Fiskinnun seðid í gæddu
 Vefass, es man ekki við hvaða göðu
 hin er, þar þínét mér VW hafa verið læst.

Mér þótti réttara í hrifa
 þetta myndu, en þetta er línt á
 ályngdan af höfni undirritaðs.

Guðfinn Skarphírn

P.S.

þú er mitt besta dæg í þessum
 eða er þessi þúppin ekki bæðlegur.

Sami

Sunnudaginn 23. jan. 1977, er undirritaður ásamt Jóni Halldórssyni ranns.lögreglum. fór með Sævar M. Ciesielski til Keflavíkur þar sem hann greindi frá atburðarásinni í dráttarbrautinni, það ég hann að benda mér á stað þann sem M.Bens sendaferðabifreiðin stóð við að kvöldi þess 19/11. 1974 er hann sá hana fyrst í Keflavík. Sævar benti á Aðalstöðina sem er í suðurjaðri Keflavíkur. Þarna sagðist hann nokkurnvegin alveg viss að bifreiðin hefði verið.

Ég það hann að sýna okkur stað þann er þeir hefðu verið í Keflavík sama kvöld, þar sem hann sagði farþegunum í V.W. bifreiðinni að beygja sig niður. **M**

Hann svaraði því til að það hefði verið einhverstaðar á aðalgötunni. Hann gæti ekki nákvæmlega bent á staðinn.

Ég það hann einnig að sýna okkur "Sjoppuna sem hann hefði farið inn í umrætt kvöld og ætlað að hringja en hætt við það.

Hann benti okkur á "Sjoppuna" sem er við Aðalstöðina og sagðist telja það öruggt að þetta væri sú rétta. Hann hefði ~~í~~ í fyrstu talið það vera "Sjoppu" skammt frá lögreglustöðinni, en nú muna betur að svo hafi ekki verið heldur hafi hann einu sinni er hann kom með Erlu til Keflavíkur í gjaldeyrisheit farið inn í þá "sjoppu" til að hringja. Þessu hafi hann ruglað saman í fyrstu.

Ég spurði Sævar enn einu sinni hvort hann væri öruggur um að ekki hefði verið tekið bensín í umræddri ferð.

Hann sagði sig ráma óljóst í að tekið væri bensín þarna í Keflavík og þá við Aðalstöðina. Hann sagðist halda að Guðjón hefði séð um það.

Jónas Bjarnason
ranns.lögreglum.

Mánudaginn 24.1. 1977 talaði undirr. ásamt Grétari Sæmundssyni við gæslufangann Sævar M. Ciesielski í fangelsinu við Síðumúla og báðum hann að skýra okkur nákvæmlega frá atburðum er hann og félagar hans báru lík Geirfinns Einarssonar inn í kjallarann á Grettisgötu 82 aðfaranótt 20. nóv. 1974.

Áminntur um sannsögli kvaðst hann mundi reyna að gera sitt besta í því, en þar sem langt væri um liðið gæti hann ekki verið viss um smáatriði.

Hann greinir svo frá að hann telji sig muna það örugglega rétt að þeir hafi allir þrír verið við, eða hjálpast að við að bera líkið inn í kjallarann bakdyramegin og sett hann inn í þvottahúsið sem sé á móti geymslunni sem það var síðar sett inn í.

Sig mynni að það hafi verið ~~myrkur~~ ljóslaust í þvottahúsinu og hann hafi á eftir verið á ganginum fyrir framan og horft inn í það og séð þá féлага sína vera að setja eitthvert dökkleitt efni utan um eða yfir líkið, sem legið hafi á gólfinu. Ekki kveðst hann geta áttað sig á hverskonar efni þetta var hvort það var tau, eða annarskonar dúkur.

Kristján Viðar hafi opnað hurðina á geymslunni annað hvort hafi hann sparkað henni upp eða spennt hana upp með því að ýta á hana. Ekki segist hann muna hvernig líkið var borið yfir í geymsluna en mynnast þess að hafa tekið þátt í því. Þar hafi það verið lagt hálfvegis á grúfu upp á drasl til hægri handar, en vinstri vanginn hafi snúið upp og hann séð andlitið. Hann kvaðst hafa séð blóðugar skrámur eða rispur á vinstri vanganum, en ekki aðra áverka.

Er ég seinna talaði við Kristján/um ^{segir Sævar} að flytja líkið hafði ég orð á því hvort ég ætti ekki að koma með plast ~~skrá~~ til að setja utan um það. Hann sagði það óþarft þar sem hann hefði efni til þess.

Er ég kom í geymsluna var búið að setja eitthvað utan um það þannig að ég sá ekki andlitið. Þá færðum við líkið yfir í þvottahúsið. Kristján kom með eitthvað efni, mig minnir að það hafi verið brúnleitt. Þetta var ekki plast. Í þvottahúsinu settum við þettað utan um líkið og bundum síðan um með snæri. Ekki man ég kvaðan snæri þetta kom og ekki get ég sagt um hvort það var úm hamp eða næloni.

Hann er sérstaklega spurður um hvort blætt hafi úr vitum líksins eða það verið mikið blóðugt.

Hann svarar því til að ekki hafi hann séð blæða út vitum þess og ekki hafi hann séð annað blóð en storku á vinstri vanga.

Jónás Bjarnason
Jónás Bjarnason
 ranns. lögreglun.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

24. 1. 1977.

Kl. 17:20 er mættur í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar sem vitni í máli þessu Sigurður Óttar Hreinsson iðnnemi til heimilis að Kleppsvegi 4 hér í borg sími 82541, fæddur 25. 3. 1956 í Rvk, nmr. 7871-7602.

Mætta er kunnugt um vitnaskylduna og aðspurður skýrir hann frá eftirfarandi: Frá því í júlí 1974 og fram yfir næstu jól, bjó ég heima hjá frænda mínum Kristján Viðari Viðarssyni og ömmu okkar, að Grettisgötu 82 hér í borginni. Á þessum tíma og er ég þess fullviss, að það var í nóvember, þá kom Kristján Viðar að máli við mig og bað mig að aka einhverju fyrir sig, sem hann ekki nefndi hvað var. Þetta gerðist ábyggilega heima hjá honum annaðhvort um hádegisbilið, eða að kvöldi.. Ekki get ég dagsett þennan atburð, því en vel getur verið, að þetta hafi verið þann 18. 11. 1974, enda tel ég svo vera.

Kristján Viðar talaði um, að ég hefði umráð yfir bifreiðinni kvöldið eftir, sem þá mun hafa verið þann 19. 11. 1974. Honum var kunnugt um, að ég hefði aðstöðu til þess að fá lánaða sendi-bifreið, enda hafði ég haft akstur slíkarar bifreiðar að atvinnu fyrr á árinu. Þá bifreið átti Jón Þorvaldur Waltersson. Ég hafði samband við Jón Þorvald og fekk leyfi hans til þess að fá bifreiðina á umræddum tíma, svo fremi, að hún væri þá ekki í vinnu. Ekki nefndi Kristján Viðar svo ég muni hvert ég átti að koma með bifreiðina, en ég taldi víst, að ég ætti að koma að Laugavegi 32, þar sem Kristján Viðar hélt til að mestu.

Mér var kunnugt um, að ökumaður bifreiðarinnar á þessum tíma átti heima í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og bifreiðin stæði þar rétt hjá væri hún ekki í notkun. Ekki man ég fyrir víst hvort Jón Þorvaldur setti nokkur skylyrði fyrir láni bifreiðarinnar, en þó hefur hann vafalaust uppálagt mér að láta ökumann hennar vita, ef ég táká bifreiðina. Það lét ég aftur á móti undir höfuð leggjast. Ég hafði enn í mínum fórum lykil til þess að gangsetja bifreiðina, en dyrum hennar var ekki hægt að læsa, svo opna þyrfti þær með lykli. Ég þurfti því ekki aðstoð eins eða neins til þess að komast inn í bifreiðina og gangsetja hana.

Bifreiðina fann ég rétt við Skólavörðustíg 9, nánar til-

tekið í Grættisgötu fast við Skólavörðustíg. Ég fór þar inn í bifreiðina, gangsetti hana og ók henni áleiðis að Laugavegi 32, þar sem ég taldi víst, að Kristján Viðar væri. Oft er erfitt um bifreiðastæði á Laugaveginum í grend við nr. 32 og var svo þetta kvöld, allavega stöðvaði ég bifreiðina á Vatnsstíg rétt neðan (norðan) við Laugavegin, vinstra megin miðað við akstur-
stefnu, en ég ók inn á Vatnsstíginn frá Laugavegi. Þessi bifreið, sem hér um ræðir, var Mercedes-Benz sendibifreið árgæð 1970, að mig minnir, gul að lit með svarta stuðara og skrásetningarnúmerið R-40045. Engir gluggar voru á bifreið þessari, utan framrúðan og gluggar á báðum hliðardyrum fremst á bifreiðinni. Baksýnis-
speglar voru beggja megin á bifreiðinni.

Þegar ég stöðvaði bifreiðina á Vatnsstígnum, þá var klukkan á milli 21:00 og 21:30. Ég var nýbuinn að stöðva bifreiðina og ætlaði að fara að stíga út úr henni til þess að hafa samband við Kristján, þegar hann kom hlaupandi að bifreiðinni. Ég fór því ekki út úr henni. Kristján Viðar kom einn að bifreiðinni og talaði við mig. Hann tjáði mér nú, að ég ætti að aka til Keflavíkur. Ekki vildi hann segja hverra erinda ég ætti að fara, það ~~myndi~~ myndi ég sjálfur sjá, ef af einhverju yrði. Í það minnsta sagði hann eitthvað á þessa leið. Ekki kvaðst Kristján Viðar koma í bifreiðinni með mér, heldur sjá sér sjálfur fyrir fari til Keflavíkur, en sagði mér að stöðva bifreiðina í Keflavík, þar sem malbikað yfirborð Hafnargötunnar ~~endaði~~ endaði. Með það fór hann frá bifreiðinni hjá mér og ég lagði af stað til Keflavíkur.

Ekki man ég fyrir vísikhvaða leið ég ók héðan út úr borginni, en mig minnir, að ég hafi beygt til hægri inn Hverfisgötu og síðan um Laugaveg og svo til hægri inn á Krisnglumýrarbraut. Úr því ekur maður svo til ~~bená~~ af ~~egum~~ augum til Keflavíkur, í það minnsta þar maður ekki að beygja inn á aðrar götur eða vegi, nema af Hafnarfjarðarvegi inn á Reykjanessbraut til vinstri rétt hérna megin við Hafnarfjörð.

Ég ók sem leið lá í gegnum Keflavík og stöðvaði við endan á malbikuðu yfirborði Hafnargötunnar, ~~ens~~ og Kristján Viðar hafði fyrir mig lagt. Þar beið ég svo í bifreiðinni í ca. 10-20 mínútur, eða þar til Kristján Viðar kom til mín. Hann kom fram með hlið bifreiðar minnar, en ^{EKKI} ~~man~~ ég til þess að ég yrði var við neina bifreið, sem hann kynni að hafa komið í. Aftur á móti gæti slík bifreið vel geta hafa verið stöðvuð aftan við mína, án þess ég tæki eftir því.

Kristján Viðar gaf mér nú nánari fyrir-mæli um hvert ég

skyldi aka og var það áfram og til vinstri. Þar var autt svæði eða plan ofan við nokkuð stórar byggingar. Kristján Viðar sagði mér svo að aka niður með byggingunum hinumegin og eins langt niður að sjó og ég treysti mér. Ég gerði eins og fyrir mig var lagt, ók upp fyrir bygginguna og niður með henni hinu megin. Ekki ók ^{EG NEMA} ca. hálfa leið niður með byggingunni og sneri þar sendibifreiðinni við. Aðeins held ég, að ég hafi svo ekið henni aftur á bak, en drap síðan á vél hennar og opnaði aðeins rifu á glugganum í dyrunum ökumennamegin. Ljós bifreiðarinnar slökkti ég og var þá mjög dymmt þarna í kring, að mér fannst. Þegar ég ók niður með byggingunni, þá sá ég glitta í skip, sjó og bryggju frá ljósum bifreiðarinnar, en lengra niður eftir treysti ég mér ekki að aka, en sem svarði um það bil hálfa leið niður með byggingunni. Þá virtist mér enn vera nokkur spölur niður að bryggjunni og sjónum. S. l. sunnudag sýndi ég hvar ég staðsetti bifreiðina.

Ég sat nú þarna í bifreiðinni aftur í ca. 10-20 mínútur og beið, enda gerði ég ráð fyrir, að Kristján Viðar myndi hafa eitt-hvert nánara samband við mig. Meðan ég beið þarna þá heyrði ég mannamál, sem virtist koma að neðan, það er af svæðinu milli bifreiðarinnar og sjávarins.. Ekki heyrði ég orðaskil, en mér virtist herra talað, en í venjulegum samræðum og einhver æsingur var í röddunum. Ekki gat ég greint hve margir þarna væru að tala. Hvað þarna fór fram í grend við bifreiðina, get ég ekki nánar sagt um, því ég fór ekkert út úr bifreiðinni til þess að aðgæta það. Ég er ekki frá því, að ég hafi litið í baksýnis-spegilinn, en í honum sá ég jekkert fyrir myrkri. Kristján Viðar kom aftur til mín og fram með bifreiðinni, eins og í fyrra sinnið. Mér virtist hann vera móður, eins og hann hefði verið á hlaupum, eða eitthvað æstur. Þá sagði hann við mig eitthvað á þá leið, að þetta væri allt í lagi, ég gæti farið, því ekkert yrðri úr þessu. Ekki útskýrði hann það nánar og vissi ég aldrei hvað það var, sem ég átti til Keflavíkur að sækja þetta kvöld. Þegar ég kom til Keflavíkur þetta kvöld, þá held ég, að klukkan hafi verið eitthvað yfir 22:00. Um það get ég annars ekki fullyrt.

Ég ók nú aftur sömu leið frá þessum stað og ég hafði á hann komið og beinustu leið hingað til borgarinnar.. Hér í borginni ók ég fyrst að Umferðarmiðstöðinni og setti þar eldsneyti á bifreiðina í stað þess, sem ég hafði eytt í ferðinni. Næst ók ég að Grettisgötu 82 og lagði bifreiðinni þar öfugu megin götunnar, það er vinstra megin við akstursstefnu. Slíkt er algengt þarna vegna skorts á bifreiðastæðum. Nú fór ég inn í húsið og lagði

1107

mig til svefns í herbergi Kristjáns Viðars, en þar svaf ég að öllu jöfnu og Kristján Viðar einnig, þegar hann var heima. Nokkru síðar, ég held, að komið hafi verið fram undir morgunn, þá vaknaði ég við, að Kristján Viðar var kominn og spurði ég hann hvert erindið hefði eiginlega verið til Keflavíkur og hvað hefði komið fyrir. Sævar Giesielski varð ég ekki var við, hvorki þá um nóttina, eða fyrr um kvöldið. Kristján Viðar svaraði mér á þann ver, að það skipti ekki máli og mér kæmi það ekki við, þar sem ekkert hefði orðið úr neinu. Frekar var ekki um ferðina rætt, hvorki þá, eða nokkurn tímann síðar.


~~Mér varð þó komið til Keflavíkur og ég hafði tekið hana og er því mjög vafasamt, að ökumaður hennar hafi nokkuð orðið var við, að henni hafi verið ekið um nóttina.~~


Aður en ~~þá~~ ég fór af stað til Keflavíkur, þar á staðnum, eða eftir ~~þá~~ komuna hingað til borgarinnar aftur, varð ég aldrei var við neinn annan en Kristján Viðar. Hitt er annað ^{að} ég hafði á tilfinningunni, að einhverjir fleiri væru með í ferðinni og var þess fullviss, þótt ég ekki vissi hverjir þeir væru.

Meðan ég beið á síðari staðnum í Keflavík, en ég hef gert mér ljósa grein fyrir því, að það var í Dráttarbraut Keflavíkur, þá varð ég aldrei var við ferðir neinnar annarar bifreiðar þar. Ég er viss um, að það var aldrei neinni bifreið ekið þar framhjá minni bifreið. Mannaferðir varð ég ekki var við, aðrar en þær, sem ég hef hér skýrt frá.

Morguninn eftir nokkru fyrir kl. 08:00 skilaði ég bifreiðinni á sama stað og ég hafði tekið hana og er því mjög vafasamt, að ökumaður hennar hafi nokkuð orðið var við, að henni hafi verið ekið um nóttina.

Yfirheyrslu lauk kl. 18:50.


E. N. Bjarnason
lögreglum.

Upplesið staðfest:

Sig. Óttar Hreinsson

Þýðing / re-

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

Reykjavík,

1) Atriði sem styrkja játningar.Varðar:

Kristján hefur borið,

- a) að í geymslu hússins á Grettisgötunni hafi verið stór leðurlíkisdúk. Efnið í dúknum hafi verið þunnt.

Dúk þessum hefði verið vafið utan um Geir - finn og síðan hefði verið bundið um og hnytt fyrir með hvítum (ljósum) nylonþræði.

- b) Ennfremur að hann (Kr.) hafi tekið með sér skóflu úr kjallara hússins, ca. meters hárrí, þegar þau lögðu af stað með líkið upp í Rauðh.
- c) Að Kristján hafi spyrnt upp hurðinni að geymslunni og dyraumbúnaðurinn gefið eftir.

2) Rannsóknarleiðir:

- a) Kanna þarf hvort amma Kristjáns kannast nokkuð við leðurlíkisdúk þennan.
Kannast hún við ljóst (hvítt) nylonsnari?
- b) Taka skófluna í gæzlu, sanna að þetta sé umrædd skófla.
- c) Komast þarf að því hvort dyraumbúnaður að geymsludyrnum sé svo laus að verið geti að hann gefi eftir, sé spyrnt í hurðina. (Eða er kannski búið að lagfæra hurðina?)

RANNSÓKNARNEFNDIN REYKJAVÍK.

R. 24. 1. 1977.

Í dag talaði ég við Ingiríði Finnsdóttur, f. 25.1.1906, til heimilis að Grettisgötu 82, R.

Ingiríður er móðuramma Kristjáns Viðars Viðarssonar og var hún spurð um atriði, sem fram komu í framburði Kristjáns í skýrslu hans dagss. 14.1.1977.

Leðurlíkisdúkur, eða annað álíka, er geymt var í geymslu Ingiríðar:


Ég man ekki eftir, að dúkur, eða annað efni væri þarna í geymslunni. Það gæti þó vel verið, en geymslan er full af dóti, sem hefur safnast á mörgum árum og ég man ekki lengur allt sem þar er geymt.

Hvítt nylonsnæri eða band:

Ég man ekki sérstaklega eftir nylonsnæri, sem geymt var í kjallaranum. Þó minnir mig, að afgangur hafi einu sinni verið af þvottasnúrum sem settar voru í þurrkhúsið og voru úr nyloni. Ég man þó, að ég tók yfirleitt til haga, alla snærisspotta sem ég fann og geymdi þá í plastpoka í geymslunni.

Ljós í vaskahúsi:

Það eru allmörg ár, síðan ég lét laga raffleiðslur í kjallaranum og lét þá taka loftljósið burtu og var þá sett innstunga í staðinn. Ástæðan fyrir þessu var, að aðrir sem gengu um kjallarann voru gjarnir á að skilja vaskahúsljósið eftir logandi og lét ég þá gera þetta, en það hefur verið um árið 1970. Ég hefi ekki þörf fyrir þetta ljós, þar sem ég nota vaskahúsið aðeins að degi til.



H. Arnason.

R. 24.1.1977.

Í dag skoðaði ég dyrabúnað á geymslu, tilheyrandi íbúð Ingiríðar Finnsdóttur, þar sem Kristján Viðar Viðarsson er til heimilis. Var þetta gert, vegna framburðar Kristjáns, þar sem hann segist hafa spyrnt upp geymsluhurðinni, þegar hann, Sævar Ciesielsi og Guðjón Skarphéðinsson, komu með lík Geirfinns Einarssonar úr Keflavík. Einnig talaði ég við Ingiríði, en skoðunin var gerð með hennar leyfi og var hún viðstödd.

Hurð og dyrakarmur er mjög illa farinn og erfitt að greina eina skemmd frá annari. Við athugun kemur þó í ljós, að greinileg sprunga er í dyrakarmi, þar sem lokjárn ef fest í hann. Nær sprunga þessi u.þ.b. 40 sm. upp- og niðurfyrir lokjárninu og bendir allt til þess, að hún hafi myndast við að hurðinni var spyrnt upp.

Aðspurð sagði Ingiríður, að það hafi oft komið fyrir, að Kristján spyrnti upp hurðinni, þótt hann vissi hvar lykilinn væri að finna og hafi hún oft orðið að lagfæra hurðina. Sagði hún, að síðast er hún lét lagfæra hurðina, hafi hún verið búin að vera lengi þannig, að ekki þurfti nema að ýta þétt á hana til að hún opnaðist. Ekki sagðist hún þó muna hvenær viðgerð fór síðast fram á hurðarbúnaðinum.



H. Arnason.

1111

25. 1. 1977 kl. 09:30 er mættur til yfirheyrslu í Fangelssinu í Síðumúla, Guðjón Skarphéðinsson, gæslufangi, til heimilis að Rauðarárstíg 32, Reykjavík, fæddur 19. 6. 1943 að Marðar-núpi, A.-Húni.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

Haustið 1974 hafði ég ekki hitt Sævar í um 2 mánuði þar til 14. 11. er hann kom til að sýna mér Land Rover bifreiðina. Eftir það kom hann á vinnustað minn einu sinni eða tvisvar, til að hitta mig. Hann talaði um væntanlega utanlandsferð sína. ~~Ekki man ég hvert hann var.~~ Eg er nú viss um að í þessi skipti var ekki minnst á Keflavíkurferð.

Svo sem ég hef áður sagt, vissi ég ekkert um fyrirhugaða Keflavíkurferð fyrr en 18. 11. 1974. Þann dag eftir vinnu kl. 17:00 fór ég á Mokka. Þar hitti ég Sævar og Erlu. Þau óku mér heim á Ásvallagötu 46 á Land Rover bifreiðinni. Sævar kom inn, en Erla beið úti að mig minnir. Sævar bað um að fá lánaðan síma og fékk það. Ég hlustaði ekki á hvað Sævar sagði í símann, enda var það venja mín að hlusta ekki á símtöl manna eins og Sævars. Ekki veit ég hvert hann hringdi, en mig rámar í að hann hafi sagt, "hvað er símanúmerið hjá honum?" Þá spurði hann mig hvort ég væri með nokkuð til að skrifa á og ég man að ég lét hann hafa miða. Mig rámar í að hann hafi látið mig hafa miðann aftur og þá hafi símanúmer verið á honum. Sævar sagði við mig að geyma miðann og stakk ég honum í vasann. Eftir að Sævar hafði hringt a. m. k. 2 símtöl fór hann að spyrja, hvort ég vildi koma með sér til Keflavíkur, til að hitta mann. Í þessu sambandi talaði hann um mann, sem hann hefði hitt og þyrfti að hitta aftur í Keflavík. Ég man að í þessu sambandi nefndi hann Klúbbinn og skildist mér að hann hefði hitt manninn þar. Ekki talaði hann um hvenær hann hefði hitt manninn. Auðskilið var á Sævari að gróðabrall var á bak við þessa ferð. Á þessum tíma nefndi hann ekki spíra en þarna

1112

var greinilega um þukur að ræða og því auðskilið að þetta var utan við lögin. Ég man ekki til að Sævar hafi beðið mig að leggja fram peninga í sambandi við ferðina, það gæti þó verið, þótt ég muni ekki eftir því. Allavega hafði ég enga peninga handbæra, reyndi ekki að afla þeirra og lagði enga peninga fram í sambandi við ferðina. Sævar lagði að mér að koma með í ferðina, en ég lofaði því ekki, en sagðist mundu sjá til. Mig minnir, að þarna hafi verið talað um að hann gæti hitt mig kvöldið eftir á Lambhóli, en Sævar talaði um að fara til Keflavíkur kvöldið eftir þann 19. 11. 1974. Ég er viss um að þessar viðræður okkar Sævars fóru fram á heimili mínu að Ásvallagötu 46 á tímabilinu milli kl. 17:00 og 18:00. Ég tel mig geta fullyrt, að við höfum verið aðeins tveir í íbúðinni. Sævar stoppaði stutt eða varla meira en um 10 mín.

Daginn eftir, þann 19. 11. 1974 fór ég að heiman frá mér á Fíat bifreið tengdamóður minnar, að Lambhóli við Starhaga til Rafns Guðmundssonar. Kl. mun þá hafa verið um 20:00 til 20:30. Ég var búinn að dvelja talsverða stund hjá Rafni áður en Sævar kom þangað. Mig minnir að Rafn hafi verið einn heima. Ég hef áður talað um að Vilhjálmur Steindórsson (Villi sjómaður) hafi verið þar staddur. Þar mun ég hafa ruglað saman skiptum og mun ég hafa hitt hann annað sinn hjá Rafni. Ég get þess að á S.l. vetri eftir að Geirfinnsmálið komst aftur í hárnæli, þá spurði ég Rafn, hvort verið gæti að ég hafi komið til hans kvöldið 19. 11. 1974 og að ég hafi hitt Sævar þar. Hann svaraði, "Hver man það?" Ég tel að ég hafi verið búinn að dvelja hjá Rafni í 30 til 45 mín. er bankað var. Rafn fór til dyra og sagði mér að samtali væri við mig. Ég fór fram og man ég að Rafn hálfi stjakaði mér út, en það lá eitthvað illa á honum. Ég man ekki eftir að talað hafi verið um Keflavíkurferðina innan dyra, né heldur man ég að annað hafi verið rétt. Ég hef áður sagt, að þarna hafi verið maður með Sævri og Erlu. Þetta atriði er ég ekki viss um og getur verið að þar rugli ég einhverju saman og að þau

hafi komið tvö ein. Sævar bað mig að koma með honum í Keflavíkurferðina, en ekki sagði hann mér meira um tilgang fararinnar. Sævar fór með mér í Fíat bifreiðinni, en Erla ók Vw bifreiðinni, sem þau höfðu komið á. Sævar talaði um í bifreiðinni að hann treysti ekki Erlu til að aka og bað mig um að aka í Keflavíkurferðinni. Ég man að ég var með úrtölur og sagðist ekki mega vera að því að fara. Ég töl mig hafa ekið frá Lambhóli til vinstri vestur Egissíðu, Hægri norður Hofsvallagötu og inn á Ásvallagötu, þar sem ég stöðvaði við hornið á Bræðraborgarstíg. Mig minnir, að Erla hafi komið á Vw bifreiðinni og stöðvað hinumeginn við hornið á Bræðraborgarstígnum við sjoppuna. Ég hafði þarna í huga að taka allteins ekki þátt í ferðinni. Ekki man ég eftir frekari orðaskiptum okkar Sævars og hvort hann sagði mér nokkuð meira um fyrirætlanir sínar. Ekki man ég hvað réði ákvörðun minni en þarna tók ég ákvörðun, að fara með honum í þessa ferð. Þarna mun hafa ráðið að nokkru forvitni mín og einnig greiðasemi við Sævar. Ég fór ekki inn heima hjá mér og man ég ekki til að að hafi verið gert. Þarna kom til álita hvar ætti að skilja Fíatbifreiðina eftir, þar sem ég hafði ákveðið að taka að mér að aka Vw bifreiðinni til Keflavíkur. Mig minnir að þarna hafi Sævar farið yfir í bifreiðina til Erlu.

Það varð svo ofan á að ég æki Fíat bifreiðinni á Vatnsstíg, eða í grennd við hann. Ég man ekki alveg fyrir víst hvar ég skildi við bifreiðina, en minnir helst að það hafi verið á sjálfum Vatnsstígnum. Þegar ég kom á Vatnsstígn^{sá ég}inn/Vw bifreiðinni, þar sem hún stóð ofarlega á Vatnsstíg skammt frá Laugavegi. Var hún hægra megin á götunni og snéri framendi til norðurs að sjónum. Sendibílnum man ég óljóst eftir þarna á Vatnsstígnum. Hann snéri framenda einnig til norðurs, en stóð vinstramegin á götunni nokkurnvegin á móts við Vw bifreiðina að mig minnir. Mig minnir helst að ég hafi lagt Fíat bifreiðinni nokkru framan við Vw bifreiðina sömu megin. Ég gekk upp götuna að Vw bifreiðinni og minnir mig að veðið hafi verið eftir mér. Minhverjar tafir urðu á að við færum af stað og man ég að sendibifreiðin fór á undan okkur.

Ég tók þarna við akstri Vw fólksbifreiðarinnar. Hún var ljósblá að lit. Í henni var útvarp og að mig minnir kassetthljómburðartæki. Ekki man ég eftir neinu öðru sérstæðu við þessa bifreið. Ég treysti mér ekki til að nefna skráningarnúmer á bifreiðinni, þar sem það yrði hrein ágiskun. Ég hef áður sagt, að þetta væri bifreið frá Bílaleigunni Geysi. Þetta atriði get ég þó ekki fullyrt, þar sem ég sá það ekki ótvírætt og var ekki sagt frá því, en ég vissi að Sævar hafði skipt við þá bílaleigu og bifreiðin leit út eins og bifreiðir frá þeirri bílaleigu.

Sem áður sagði ók ég bifreiðinni. Sævar sat í framsæti, Erla í aftursæti til vinstri að mig minnir og Kristján Viðar í aftursæti til hægri. Ég get þess að ég tók lítið eftir þessum manni, sem mun vera Kristján Viðar. Ég hef séð hann við samprófun en treysti mér ekki til að fullyrða að það hafi verið hann sem var í bifreiðinni. Mér hefur verið sagt að hans' játning liggi fyrir um þetta atriði og get ég ekki dregið hana í efa. Ég þekkti Kristján Viðar ekki fyrir þennan tíma og eftir þessa nótt sá ég hann ekki fyrr en hjá lögreglunni.

Ég ók sem leið lá út úr borginni áleiðis til Keflavíkur. Á leiðinni suður, nánar til tekið á hæðinni fyrir suðnan Hafnarfjörð, spruði Sævar hvort sagist til sendibifreiðarinnar og svaraði sér svo sjálfur að þarna væri hún. Átti hann við bifreið sem sást alllangt framundan á móts við Álverið. Mér var þarna fyrst ljóst að sendibifreiðin var í samfloti með okkur. Farþegarnir í afturæstinu voru hljóðir á leiðinni, en Sævar talaði mikinn hluta leiðarinnar og talaði ég eitthvað við hann. Ég man lítið eftir umræðum okkar Sævars utan það, að Sævar talaði um að sýna manninum, sem við ætluðum að hitta, fulla hörku, ef með þyrfti. Ég man að Sævar hafði á orði að láta manninn jafnvel hverfa. Ég ræddi þetta við Sævar þannig að ég var sammála því sem hann sagði. Ég fullyrði að þessi ummæli Sævars tók ég sem markleysu og samþykkti þau með það í huga. Síðar áttaði ég mig á, að það sem Sævar sagði um að

sýna manninum fulla hörku og jafnvel að láta hann hverfa, kunnir Sævar að hafa meint í fullri alvöru.

Ég man að áður en við ókum inn í Keflavík, þá kom Sævar auga á sendibifreiðina þar sem hún var kyrrstæð. Ég held að það hafi verið á staðinu við Fitjanesti, en ég er ekki alveg viss um þetta atriði. Þetta gæti hafa verið nær Keflavík. Að fyrirsögn Sævars ók ég upp að sendibifreiðinni. Sævar fór út til að tala við ökumann hennar og man ég að hann hallaði höfðinu út um hliðargluggann. Ég sá höfuð mannsins á hlið og sá ég strax að ég þekkti hann ekki. Ég tók eftir, að hann var hrokkinharður, með skollitað hár og grannleitur. Ekki veit ég hvað þeim Sævari fór á milli..

Eftir þetta ók ég beint í gegn um bæinn að fyrirsögn Sævars. Þegar við fórum fram hjá bíóinu var fólk þar á ferli og sagði Sævar farþegunum að beygja sig niður, sem þeir gerðu. Ég tel að hlé hafi verið í bíóinu. Miða ég þar við að fólkíð var staðbundið í grennd við bíóið og einnig hitt að tíminn getur passað að við höfum verið þarna kl. rúmlega 22:00. Við höldum beint áfram í gegn um bæinn og í útjaðri hans beygði ég til vinstri. Á þeirri götu í grennd við hús, sem merkt er Pípu-gerð Ahaldahús, rámar mig í að hafa ekið inn á milli húsa, þó ekki langt. Þar fóru tveir úr bifreiðinni, en ég snéri svo við og ók aftur til baka niður undir beygjuna. Mig rámar í að þá hafi ég séð sendibifreiðinni ekið fram með rauða langa húsinu áleiðis út í Dráttarbrautina. Á þessum tíma vissi ég ekki um tilvist Dráttarbrautarinnar, né hvar hún var. Eftir nokkra bíð komu farþegarnir aftur, en við Erla höfðum beðið í bifreiðinni. Þá var kominn einhver æsingur í Sævar. Þar réði einhverju að ég var kominn með bifreiðina of nærri lögreglustöðinni og ekki var búið að hitta manninn, sem við áttum stefnumót við og hann sennilega farinn af stefnumótsstaðnum. Eftir þetta ók ég til baka eftir aðalgötunni og beygði svo til vinstri að bensínstöð, sem þar er, en þá hafði komið upp sú spurning hvort nægjanlegt bensín væri á bifreiðinni.

Ég man ekki betur en ég hafi sjálfur segt bensín á bifreiðina. Eftir þetta var ekið þessa götu áfram í átt að sjónum og beygt til hægri. Hugsanlega stoppað þar til að gá að mannönnum sem við ætluðum að hitta, en þetta atriði man ég ekki alveg fyrir víst. Ég ók svo áfram og aftur inn á aðalgötuna og beygði þar til vinstri. Þar ók ég að sjoppu, sem bensíntankar eru við, en ég hef nú þekkt þá sjoppu aftur, sem sjoppuna við Aðalstöðina. Sævar fór inn í sjoppuna og þegar hann kom til baka talaði hann um að ekki hefði verið hægt að hringja. Ekki get ég fullyrt hver ástæðan var, en ég man að í sjoppunni var töluvert af fólki. Ég man að í þessari sjoppu keypti Sævar eitthvað, sígarettur og ef til vill fleira. Eftir þetta var ekið til baka og aftur beygt til hægri og stöðvað í grennd við Hafnarbúðina. Á þessum tíma vissi ég þó ekki um tilvist Hafnarbúðarinnar. Farþegi úr aftursætinu fór út til að hringja, það er að segja Kristján Viðar. Sævar talaði við Kristján Viðar um erindið, sem ég man ekki að greina frá, en mig rámar í að hafa verið spurður um miða, sem Sævar hafði áður látið mig fá og ég hef sagt frá, og að ég hafi afhent miðann þarna. Kristján Viðar fór brott og er hann kom aftur hafði hann orð á að maðurinn kæmi. Ég man að Sævar fór eitthvað frá bifreiðinni, en ég veit ekki hvort hann fór með Kristjáni Viðari alla leið.

Mig minnir að ég hafi fært bifreiðina eitthvað til og þegar ég hef nú síðar reynt að átta mig á staðháttum þarna, þá tel ég að hún hafi staðið nokkuð nærri Kaupfélaginu. Eftir til-
tölulega skamma stund kom maður að bifreiðinni og Sævar fór út til að helpa honum inn. Maður þessi settist í aftursætið.

Hér er gert hlé á yfirheyrslunni kl. 11:30.

Yfirheyrsla hófst aftur kl. 12:55.

Maður þessi mun hafa verið Geirfinnur Einarsson. Ég hef séð

myndir af honum síðan og kem ég honum ekki fyrir mig, en það er ekki að marka, þar sem ég tók ekki það vel eftir andliti mannsins. Ekki heyrði ég nafn mannsins nefnt, en ég dreg ekki lengur í efa, að það hafi verið Geirfinnur Línarsson, sem þarna var um að ræða.

Eftir að Geirfinnur var kominn í bifreiðina var ekið eitthvað um báinn áður en ekkið var í Dráttarbrautina. Ekki kann ég að greina hvar ég ók þá. Sævar talaði við Geirfinn og minnir mig að aðrir hafi lítið blandast í þær umræður. Ég man ekki einstakar setningar úr umræðum þeirra, en ég man að talað var um spíra og segja má að þeir virtust hvor um sig vera að fiska eftir upplýsingum hjá hinum. Ég man að Sævar var með peninga í höndum og bauð Geirfinni þá gegn því að fá spíra eða upplýsingar um spíra. Geirfinnur gat ekki eða vildi ekki veita þessar upplýsingar. Ég man að eitthvert þras varð út af peningunum, en ekki man ég hvað varð um þá.

Ekki man ég hvers vegna ég ók aftur í Dráttarbrautina, en tel að mér hafi verið sagt það og vísað til vegar. Ég tel mig hafa ekið inn á planið norðan við Dráttarbrautarhúsið. Ekið niður með því og stöðvað á móts við stefni bátanna til hægri svo sem ég sýndi á staðnum s.l. sunnudag. Staðsetningu man ég ekki alveg nákvæmlega. Samkomulag hafði ekki náðst með þeim Sævri og Geirfinni og fórum við út úr bifreiðinni í samilegum friði. Áður en ég fór út stöðvaði ég vél bifreiðarinnar og slökkti ljósin. Ég fór út vinstra megin en þeir hini hægri megin. Átök hófust ekki strax og komið var út. Ekki man ég að lýsa orðaskiptum þarna, en verið getur að ég hafi tekið einhvern þátt í samræðunum undir það að við stöðvuðum. Eftir að ég kom út úr bifreiðinni man ég að Geirfinnur veittist að mér í orðum þannig að ég varð ofsalega reiður. Ekki man ég hvað hann sagði, en þegar ég reiðist svona, þá man ég lítið eftir því sem ég segi eða geri. Mig rámar í að Geirfinnur hafi ætlað brott og að ég hafi tekið í öxlina á honum utanverða til að stöðva hann af. Við lentum þá í tuski og minnir mig að ég

hafi náð á honum hálstaki og hélt ég hönnum föstum þó örugglega ekki lengi. Hálstakinu hélt ég þannig að ég var með olnbogann undir hökunnni á honum. Verið getur að ég hafi skellt honum til jarðar og minnir mig að hann hafi dasast við þetta, en það sem á eftir fór er svo óljóst í minni mínu að það yrði nánast skáldskapur að lýsa því. Ég man ekki að lýsa þætti Sævars og Kristjáns Viðars í átökunum og ekki man ég að lýsa mínum þætti nánar. Ég man ekki til að þarna hafi barefli verið notað, það kann þó að vera fyrir því. Ég man að ég skynjaði svo að Geirfinnur Íá á jörðinni og hreyfðist ekki meir. Taldi ég þá að hann væri látinn. Hann lá á bakinu og hallaðist á vinstri hlið, höfuð hans snéri að mér. Ekki tók ég eftir neinum áverkum á honum. ~~Ég sagði til um dánarorsök~~ Ég get ekki sagt til um dánarorsök, en mér er ljóst að hann lét lífið í átökum við okkur þrjá. Ég gekk ekki úr skugga um hvort hann væri látinn. Er mér varð ljóst hvað gerst hafði, þá varð ég miður mín og ráfaði ég frá. Ég fór fram fyrir stefni bátsins, sem var nyrst í Dráttarbrautinni. Þá sá ég framan á sendibifreiðina, þar sem hún stóð til hliðar við þennan bát að norðan í líkri stöðu og ég sá bifreiðina s.l. sunnudag, en þá þekkti ég bifreiðina aftur. Tók ég eftir að búið var að mála rauðar rendur á hliðar hennar, en þær voru ekki áður. Þá hafði framstuðarinn verið málaður rauður, en mig minnir að hann hafi verið svartur. Þinnig man ég að hún var á R númeri, en var það ekki lengur, er ég sá hana á sunnudag.

Mér hefur ekki með nokkru móti tekist að rifja upp það sem gerðist fyrr en ég var staddur á hæðinni fyrir ofan Hafnarfjörð. Ég veit ekki hvenær Erla fór brott, né hvernig líkið var sett í bifreiðina og hver minn hlutur hefur verið í því. Þegar ég man næst eftir mér þá var Sævar að tala um að nú væri ég samsekur um morð. Ég var utan við mig og hváði, en hann sagði þá, "sástu ekki hvað við gerðum við manninn?" Sævar sat í framsæti, en Kristján Viðar í aftursæti. Um það er ekki að efast að lík Geirfinns var í bifreiðinni, en hvernig því

var fyrir komið man ég allsekkji. Ég man að við töluðum um hvað ætti að gera við líkið. Mig minnir að annaðhvort hafi verið talað um að koma því fyrir úti á Álftanesi, eða ekið hafi verið eitthvað í áttina þangað og svo hafi verið fallið frá því. Fleiri staðir voru nefndir í þessu sambandi. Mig minnir að ég hafi nefnt hitaveitustokkinn fyrir ofan Reykjavík og einnig að ég hafi nefnt ípróttavöllinn í Kópavogi, en á báðum stöðum hafði ég unnið. Ekki varð samkomulag um hvað gera ætti við líkið. Það varð niðurstaðan að ekið var til Reykjavíkur. Minnst ég þess að við höfðum ótta af að aka í gegn um Kópavog, þar sem lögreglan var oft að stöðva þar umferð.

Ég ók sem leið lá og er ég kom að mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar stakk ég upp á að beygja til hægri og aka austur Miklubraut, en ég fékk því ekki framgengt. Ekki man ég hver réði ferðinni, eða sagði mér fyrir hvert skyldi aka. Á fyrrgreindum gatnamótum beygði ég til vinstri og ók vestur Miklubraut, um Miklatorg, norður Snorrabraut og sem leið lá inn í sundið milli Grettisgötu og Njálsgötu. Ég man ekki hver átti uppástunguna að fara með líkið þangað, né hvenær það kom til tals.

Síðastliðinn föstudag var farið með mig í kjallarann á Grettisgötu 82 og einnig var farið með mig inn í íbúðina sem Kristján Viðar bjó í á þessum tíma. Þá rifjaðist upp fyrir mér að ég hafði komið þar aðfaranótt 20. 11. 1974. Ég man ekki til að ég hafi aðstoðað við að taka líkið úr bifreiðinni og ekki aðstoðaði ég við að bera það inn í kjallarann. Þegar ég var orðinn einn í bifreiðinni fór ég út og inn í kjallarann á eftir hinum. Ég man eftir að hafa rekið mig utan í miðstöðvarkatlana, sem eru í kjallaranum. Ég kom í dyrnar á þvottahúsinu og sá á bakhluta Sævars og Kristjáns. Þá voru þeir að setja eitthvað utan um líkið sem lá upp á bekknum, undir glugganum gegnt dyrunum. Ég sá líkið ekki greinilega, en það fór ekki á milli mála, að

það var líkið sem þeir voru að fást við á bekknum. Ég er nokkuð viss um að líkið hafi legið á bakinu á bekknum og úr dyrunum séð var höfuðið til vinstri en fætarnir til hægri. Ég sá ekki í snðlit líksins þarna. Mig minnir að það sem breitt var yfir líkið hafi verið grænt á litinn, en nánari lýsingu hvað það var á ég bágt með að gefa. Ég aðstoðaði þá hina ekkert með líkið þarna inni og varð ég ekki var við að það væri fært neitt af bekknum.

Ég man ekki til að hafa farið upp í íbúðina og held ég að ég hafi stoppað mjög stutta stund þarna. Ég fór út bakdyrameginn aftur og man ég eftir að ég gekk á vegginn beint á móti dyrunum, en áttaði mig ekki strax á að þröppurnar voru til hægri. Sævar fór með mér út og fórum við saman í bifreiðinni, en ætlunin var að leggja henni. Ég man að við fórum mjög stutt og minnir mig að ég hafi lagt bifreiðinni í porti rétt hjá Úðafossi. Mig minnir að Sævar hafi gengið með mér eitthvað áleiðis niður á Vatnsstíg þar sem ég tók Flátinn og Ók heim. Sævar gekk með mér eitthvað áleiðis niður á Vatnsstíg og man

Man ég að hann var að tala til mín hughreystingar orðum og sagði að þetta væri allt í lagi og hann skyldi sjá um það sem eftir væri. Ég man ekki betur en ég hafi látið Sævar hafa lyklana að bifreiðinni, þarna um nóttina áður en við skildum.

Daginn eftir þann 20. 11. 1974 eftir vinnu kl. 17:00 fór ég á Mokka. Ég sat á langa bekknum meðfram norðurveggnum og Bragi Bergsteinsson var einhvernstaðar í grenndinni. Ég var að lesa grein í Þjóðviljanum um útför Þórbergs Þóraðrssonar. Þá kom Sævar inn og vék sér að mér og hvíslaði að mér eitthvað í þá veru, að nú væri bara að þegja. Sævar var eitthvað að snúast þarna inni, en settist ekki hjá mér. Ég stóð upp og fór út og kom þá Sævar á eftir mér. Þá minnir mig, að Sævar hafi beðið um að fá skóflurnar lánaðar, eða þá að hann sagði mér að hann væri búinn að taka þær. Ég hef áður skýrt frá, að ég hafði tvar skóflur að láni á þessum tíma. Önnur var með löngu skafti og kúptu blaði. Hana átti Einar Jónsson, en hin

var stunguskófla, sem ég hef enn ekki getað rifjað upp hver átti. Sævar skilaði skóflunum ekki fyrr en síðar í þessari viku. Ég hafði sett skóflurnar inn í geymsluna, sem er undir tröppunum, en síðar varð ég var við að ~~þannu skóflun~~ ^{skóflurnar} ~~vou komnar~~ inn í garðinn þar sem þær áttu ekki að vera. Ekki er víst að Sævar hafi sett hana þar heldur hafi börn borið hana til. Ég man ekki til að ég hafi afhent Sævri skóflurnar né heldur að ég hafi tekið við þeim af honum.

Ég tók örugglega ekki þátt í að koma líkinu fyrir og ég man ekki til, að Sævar hafi sagt mér hvað gert var við líkið, að öðru leyti en því, að verið getur að hann hafi sagt, að búið væri að koma því fyrir. Ákveðinn stað nefndi hann ekki.

Það kann rétt að vera, að Sævar hafi nefnt við mig eftir að við fórum út af Mokka, að rétt væri að blanda Klúbbmönnum í málið. Ég man ekki hvort ég svaraði þessu ~~neikvæð~~, enda fannst mér hugmyndin fávísleg. Enda átti ég engan þátt í að blanda óviðkomandi mönnum í þetta mál. Ég bendi á að þegar ég heyrði talað um þetta mál manna á meðal og talað var um að Klúbbmenn væru við málið riðnir þá þar ég æfinlega blak af þeim og get ég nefnt vitni að þessu, ef á þarf að halda.

Ég man ekki til að hafa séð sendibifreiðina eftir að við komum til Reykjavíkur um nóttina, né heldur ökumann hennar.

Mig minnir, að við höfum verið staddir í Bankastræti eftir að við komum út af Mokka og þá hafi Sævar talað um skóflurnar, og þá frekar spurt hvort hann mætti taka þær.

Skýrsla sú sem ég hef hér gefið er rétt eftir því sem ég best man. Mér er ljóst að frásögnin í þessari skýrslu er ekki alstaðar í fullu samræmi við það sem ég hef áður sagt í málinu. Þar sem misræmi er, tel ég þessa skýrslu réttari, og það sem ég hafi áður sagt og ekki er rétt, hafi verið vegna rangminnis. Vera má að mér takist síðar að rifja upp ýmiss

atriði, sem mér hefur hér ekki tekist að rifja upp enn."

Yfirheyrslu lauk kl. 18:45.

Upplesið staðfest,

Vottur:

Jónas Bjarnason
Jónas Bjarnason

Guðjón Skarphéðinsson
Guðjón Skarphéðinsson

Grétar Sæmundsson
Grétar Sæmundsson lögreglum.



1126 - A

FÆÐINGARVOTTORÐ

Hér með vottast, að Kristján Víðar Víðarsson
er fædd(ur) 21 apríl 1955 skirð(ur) 16 september 1955
Fæðingarstaður Reykjavík
Foreldrar Víðar Arnarsson og
Elsa Ása Kristjánsdóttir

Vottorð þetta er gefið út samkvæmt skýrslu prests eftir kirkjubók þjóðskrá.

Gjald kr.
Greitt:

Reykjavík,



1977

Hagstofa Íslands fyrir lönd Þjóðskrárinnar.

P. Andersen.

1130
FÆÐINGARVOTTORÐ

Hér með vottast, að Ósla Bolladóttir
er fædd(***), 19. júlí 1955 skirð(***), 17. janúar 1956
Fæðingarstaður Reykjavík
Foreldrar Boddi Gunnarsson
Þóra Ósla Ólafsdóttir

Vottorð þetta er gefið út samkvæmt skýrslu prests eftir kirkjubók þjóðskrá.

Greitt kr.
Greitt:

Reykjavík, 24. janúars 1977

Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar.

F. h. h.

Pjetursdóttir

1135

FÆÐINGARVOTTORÐ

Hér með vottast, að Sovann Marino Ciesielski
er fædd(ur) 6 júlí 1955 skirð(ur) 22 apríl 1956
Fæðingarstaður Stóra-Roß, Stóra-Núpsprúvall, Arnarssprúdamí
Foreldrar Michael Ciesielski
Sigrúnjóna Ó Guðjónsdóttir Ciesielski

Vottorð þetta er gefið út samkvæmt skýrslu prests eftir kirkjubók þjóðskrá.

Greitt kr.
Greitt:

Reykjavík, 17. Mars 1977

Hagstofa Íslands fyrir Ráð Þjóðskrárinnar.

J. Guðjónsdóttir

114i

FÆÐINGARVOTTORÐ

Hér með vottast, að Guðjón Óskarphestinsson
er fædd(ur) 19 júní 1943 skirð(ur) 24 október 1943
Fæðingarstaður Martarnipur Hinnarátshjóna.
Foreldrar Óskarphestinn Pétursson og
Sigurlaug Guðjónsdóttir

Vottorð þetta er gefið út samkvæmt skýrslu prests eftir kirkjubók þjóðskrá.

Gjald kr.
Greitt:

Reykjavík, 24 júní 1977

Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar.




25.1.1977. Í dag fór undirritaður á fund Ólafs Bjarnasonar prófessors f.20.1.1914, nafnr.6745-6718, tilh.Brekkugerði 26, Reykjavík sími 36752 og v.s.19506. Eg hafði meðferðis verk-efni frá Karli Schütz, þar sem óskað var álits prófessors við rannsóknarstofu Háskóla Íslands, varðandi eftirtalin atriði:

- 1.Hvert væri öruggt merki þess, að maður væri látinn.
- 2.Hverju gætu menn tengdir Geirfinnsmálinu, örugglega hafa komist að við rannsókn á líki Geirfinns.
- 3.Hvenær hefst stirðnum, hvenær losnar lík úr stirðnum og hvenær byrja líkblettir að myndast.
- 4.Beðið um álit, hvort hægt sé að drepa mann með hálstaki og beðið um álit á hálstaki.

Þá fylgdu og með upplýsingar um atburðinn í Keflavík, flutninginn á líki Geirfinns til Reykjavíkur og geymslu á líkinu í Reykjavík.

Nánar er getið spurninganna og upplýsinganna í meðfylgjandi ljósriti.

Ivar Hannesson
Lögreglum.



Verkefni:

Þaða þarf við prófessor rannsóknarstofu Háskóla Íslands og fá álit á eftirfarandi atriðum:

1. Hvert er að hans álit, öruggt merki um, að maður sé látinn?
2. Hverju gátu menn, tengdir Geirfinnsmálinu, örugglega hafa komist að, við rannsókn á líki Geirfinns?
3. Hvenær hefst stirðnum og hvenær losnar lík úr stirðnum? Hvenær byrja líkblettir að myndast?
4. Er að hans álit, hægt að drepa mann með hálstaki? Hvert er hans álit á hálstaki og hvað lengi telur hann, að halda þurfi hálstaki til að drepa mann?

Varðandi þessi atriði, er rétt að láta getið, að komið hefur fram við yfirheyrslur, að átök hafi átt sér stað í Keflavík og Geirfinnur Einarsson beðið þar bana.


Menn tengdir málinu hafa sagt, að þeir hafi þreifað inn á brjóst og tekið á púlsi og þá talið Geirfinn látinn.

Líkið hafi verið sett inn í bifreið í sitjandi stellingu, eftir um 1/2 klukkustund, ekið til Reykjavíkur, en sá tími mun vera um 45 mín. Líkið síðan borið inn í geymslu í húsi hér í borg og geymt þar í 2 sólarhringa.

Hiti í geymslunni mun hafa verið mikill, eða allavega góður stofuhiti. Þar var líkinu pakkað inn og flutt síðan eftir 2 sólarhringa (Hafði verið innpakkað í geymslunni.)

26.1.1977. Í dag skilaði Ólafur Bjarnason prófessor meðfylgjandi skýrslu, þar sem hann svarar spurningum þeim, sem um getur í skýrslu undirritaðs, dags. 25.1.1977.

Ólafur sagðist ekki geta skilgreint hálstakið á annan veg, en hann gerir og taldi, að nær alveg sama væri, hvort tekið væri kverkataki með höndum, eða tekið hálstaki aftan frá í handarkrika.


Ivar Hannesson
Lögglumi


REYKJAVÍK 26.1. 1977

Síðara hluta dags þriðjudaginn 25. þ.m. kom Ívar Hannesson rannsóknalögreglumaður til mín undirritaðs og óskaði þess að ég svaraði 4 spurningum, sem hann afhenti mér vélritaðar á blað ásamt nokkrum skýringum.

Svör mín fara hér á eftir:

- Ad 1). Skilgreining öruggra andlátsmerkja er ef til vill eitthvað mismunandi eftir löndum. Í Danmörku svo dæmi sé nefnt, eru örugg andlátsmerki talin:
1. Líkstirðnun, 2. líkblettir, 3. rotnun.
Úrskurður læknis um það hvort maður hafi andast byggist hinsvegar að öllum jafnaði á því hvort hjartsláttur hafi stöðvast og öndun hætt. Fljótlega eftir andlátið byrjar líkamshiti að lækka, uns hiti hefur náð umhverfis hitastigi. Að öllum jafnaði sannreynir læknir einnig að ósjálfráð viðbrögð við ýmis- konar ertingu (sársauka, ljósi) séu upphafin. Ákvörðun heiladauða hjá manni sem liggur í öndunarvél á sjúkrahúsi verður ekki rædd hér, enda mun það falla utan þess sviðs sem hér um ræðir.
- Ad 2). Sé átt við það hvort maðurinn væri látinn er vafasamt að menn þeir sem hér um ræðir hefðu getað sannreynt með öruggri vissu að hjartsláttur væri hættur. Þó er það ekki útilokað. Hafi þeir aldrei séð líkbletti áður, er óvíst að þeir hefðu áttálf á útliti þeirra. Hinsvegar hefðu þeir átt að geta sannreynt líkstirðnun í útlimum, ef þeir kannast við það ástand. Lykt vegna rotnunar hefði heldur ekki leynt sér, ef svo langt væri liðið frá andláti að hún væri komin fram þegar viðkomandi aðilar voru að fást við lík Geirfinns. Ólíklegt er að viðkomandi menn hefðu getað áttálf sig á minniháttar ytri áverkum, enda þótt þeir gætu haft mikla þýðingu við athugun sérfræðings á mögulegum orsökum á dauða Geirfinns (t.d. merki á hálsi um að kyrking hafi átt sér stað). Hafi hinsvegar verið um að ræða meiri háttar áverka t.d. á höfði eftir barsmið, ekki átt að leynd sér, enda þótt vafasamt sé að mennirnir hefðu getað gert sér grein fyrir því hvort áverkarnir í raun og veru hefðu leitt til dauða, nema þá að þeir hafi verið mjög miklir, eins og t.d. opið höfuðkúpabrot.
- Ad 3). Líkstirðnun byrjar venjulega að myndast 2-5 klukkustundum eftir andlát. Stirðnunin byrjar fyrst í augnlokum og kjálkavöðvum. Stirðnunin færir sig síðan smátt og smátt yfir á aðra andlitsvöðva, hálsvöðva, efri hluta búks, efri útlimi, neðri hluta búks og ganglimi. Stirðnun er að venju fullmynduð 8-12 tímum eftir andlát og helzt í 1-3 dægur. Síðan hverfur líkstirðnun í sömu röð og hún myndaðist.

Ad 4). Kverkatak er alþekkt sem orsök að dauða (kírking)
Hvort kverkatak leiðir til dauða er að sjálfsögðu
undir ýmsum aðstæðum komið. Sé kverkatak það öflugt
að öndun sé algjörlega hindruð, er talið að 2-3 mín.
líði frá því öndrun hindrast algjörlega og þar til
viðkomandi missir meðvitund, en 4-5 mín. þar til
dauða ber að höndum. Sé um að ræða kröftugan mann
sem getur veitt verulega mótspyrnu, getur að sjálf-
sögðu líðið mun lengri tími frá því að kverkatak
er beitt og þar til köfnun á sér stað. Þekkt er að
slíkt kverkatak getur í einstöku tilfellum valdið
skyndidauða vegna ósjálfraðra viðbragða taugkerfis-
ins.



Ólafur Bjarnason
prófessor dr. med.

Til Sakadómaraembættisins
c/o Ívar Hannesson rannsóknalögreglumaður.

26.25. 1. 1977.

Við tæknilega rannsókn á vörurými sendibifreiðarinnar I-840, sem framkvæmd var af Ragnari Vigni Deildarstjóra komu í ljós blóðleyfar. Ragnar fór með sýni til nánari rannsóknar í Þýskalandi og reyndist hér um mannsblóð að ræða, en ekki var hægt að greina það nánar. Blóðleyfar þessar fundust fremst í vörurými bifreiðarinnar hægra ~~me~~ megin, þar innan við dyr, sem notaðar eru til þess að ferma og afferma bifreiðina.

Í nóvember 1974 bar þessi sendibifreið skrásetningarnúmerin R-40025 og þá var eigandi hennar Jón Þorvaldur Waltersson. Ég undirritaður hef nú talað við Jón ~~Walters~~ Þorvald og tjáði hann mér, að eitt sinn hefði hann blóðgast á fingri, er hann var að vinna fremst í vörurýminu. Það hefði verið um skurð að ræða, sem nokkuð hefði blætt úr. Blóðleyfar á þessum stað í bifreiðinni gatu því verið af þessum orsökum. Um þetta vildi Jón Þorvaldur og gat ekki fullyrt.

E. N. Bjarnason
E. N. Bjarnason
Lögreglum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík

26.1.1977. Í dag var þess óskað, að undirritaður kannaði hjá starfsmönnum Dráttarbrautar Keflavíkur, hvort ljós hafi logað á athafnasvæði Dráttarbrautarinnar þann 19.11.1974.

Ég hafði samband við Arna Björgvinsson skrifstofum.f.21.10.1953, nafnr.0505-9933, tilh.Kirkjuvegi 49, Keflavík sími 92-1805 og v.s.92-2054.

Arni sagði að tveir ljóskastarar, væru á verkstæðishúsinu, sem er vestan við athafnasvæði Dráttarbrautarinnar og væru kastararnir á járngrind, litlu hærrí en þakbrún hússins.

Hann sagði, að annar kastaranna lýsti á skrifstofuhúsnæði Dráttarbrautarinnar, sem er sunnan athafnasvæðisins, en hinn á svæðið norðanvert og þá einkum á garðana, sem bátar eru á.

Arni sagði, að ljóskastarar þessir hefðu verið settir upp haustið 1971, eða 1972 og ávalt logaði á þeim um nætur og hefði svo örugglega verið þann 19.11.1974.

Í skýrslum rannsóknarnefndar, kemur fram, að Haukur Guðmundsson rannsóknarl.m.í Keflavík, kannaði þetta þann 2.2.1976 og er getið um það á bls.261.

Ég undirritaður kom í Dráttarbrautina í nóvembermánuði 1976, seint um kvöld og sá umrædda ljóskastara. Ljóskastararnir gáfu þá ekki mikla birtu á athafnasvæðið.

Ivar Hannesson
Lögreglum.



28.1.1977. Í dag ræddi ég við Jakob Sigvalda Sigurðsson rekstrarstjóra, f.3.1.1935, nafnr.4858-7623, tilh.Kirkjubraut 1. Innri-Njarðvík, sími 92-6002.

Jakob er rekstrarstjóri hjá Ellert Skúlasyni.

Ég spurði Jakob spurninga, varðandi penna, sem starfsmenn hjá Ellert hefðu fengið. Hann sagði, að starfsmennirnir hefðu fengið óáýra bírópenna, sem þeir hefðu átt að nota við innfærslur í vinnubækur.

Jakob sagðist að spurður ekki vita til þess, að Geirfinnur, eða aðrir starfsmenn, hefðu fengið teikniblýanta og hann sagðist ekki hafa séð teikniblýant þann, sem Kristján Viðar hefur afhent rannsóknarlögreglunni.

Ivar Hannesson
lögreglum.

Ivar Hannesson



1152

FÆÐINGARVOTTORÐ

Hér með vottast, að Sigurður Ottar Sveinsson
er fædd(ur) 25 mars 1956 skirð(ur) 16 september 1956
Fæðingarstaður Reykjavík
Foreldrar Sveinn Tósson
Stella Esther Kristjánsdóttir

Vottorð þetta er gefið út samkvæmt skýrslu prests eftir kirkjubók ~~þjóðskrá~~

Greitt kr.
Greitt:

Reykjavík, 24 1977

Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar.

J. Petersdóttir



11.1.1977. Í dag var undirrituðum, ásamt Ívari Hannessyni rannsóknarl.m.falið það verkefni, að mæla tíma og vegalengdir á milli staða þeirra, sem fram hafa komið við rannsókn Geirfinns- málsins og aðilar viðriðnir málið, hafa gefið rannsóknarmönnum upp.

Við þetta verkefni vorum við á bifreið R-1400, sem er Volvo fólksbifreið í eigu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík.

Við tímamælinguna notuðum við tvær skeiðklukkur og stillanlegan vegmæli bifreiðarinnar til mælinga á vegalengdum milli staða. Við stilltum klukkur og vegmæli við brottför af hverjum stað og lásum af við komu á næsta stað.

Akstursleiðir milli staða völdum við sjálfir, að okkar mati, sem eðlilegastar milli staða, þar sem ekki liggur fyrir hvaða leiðir hafa verið eknar. Í tímamælingunni er ekki gert ráð fyrir þeim tíma, sem farið hefur í stans á hverjum stað,

Verkefni þetta framkvæmdum við á tímabilinu frá kl.20,30 til kl.24,00. Fylgir hér á eftir skrá yfir vega- og tímalengd milli staða og akstursleiðir:

Frá Kjarvalsstöðum, að Grýtubakka 10.

Vegalengd, 6,9 km. Aksturstími, 9 mín. 57 sek.

Akstursleiðir: Austur Flógagötu, suður Lönguhlíð, austur Miklubraut, suður Reykjanesbraut, austur Álfabakka og Arnarbakka, vestur Grýtubakka og að húsi nr.10.

Frá Grýtubakka, að Hjallavegi 31.

Vegalengd, 5,6 km. Aksturstími, 7 mín. 54 sek.

Akstursleiðir: Austur Grýtubakka, vestur Arnarbakka og Álfabakka, norður Reykjanesbraut og Elliðavog, suður Skeiðarvog, norður Langholtsveg, vestur Dyngjuveg, norður Hjallaveg og að húsi nr.31.

Frá Hjallavegi 31, að Ásvallagötu 46.

Vegalengd, 5.5 km. Aksturstími, 7 mín. 27 sek.

Akstursleiðir: Norður Hjallaveg, suður Ásveg, norður Kamsveg, suður Dragaveg, vestur Austurbrún, Brúnaveg, Sundlaugaveg, Borgartún og Skúlagötu, suður Kalkofnsveg, vestur Tryggvagötu, suður Ægisgötu, vestur Túngötu, suður Hofsvallagötu, vestur Ásvallagötu að húsi nr.46.

Frá Ásvallagötu 46, að Lambhóli v/Starhaga.

Vegalengd, 2,0 km. Aksturstími, 3 mín. 29 sek.

Akstursleiðir: Vestur Ásvallagötu, suður Bræðraborgarstíg, austur Hringbraut, suður Hofsvallagötu, austur Egissíðu og að Lambhóli.

Frá Lambhóli v/Starhaga, að Ásvallagötu.

Vegalengd, 1,7 km. Aksturstími, 2 mín. 29 sek.

Akstursleiðir: Frá Lambhóli, vestur Egissíðu, norður Hofsvallagötu, vestur Ásvallagötu og að húsi nr. 46.

Frá Ásvallagötu 46, að Vatnsstíg 3.

Vegalengd, 3,3 km. Aksturstími, 5 mín. 21 sek.

Akstursleiðir: Vestur Ásvallagötu, suður Bræðraborgarstíg, austur Hringbraut, vestur Laufásveg, norður Barónsstíg, vestur Laugaveg og norður Vatnsstíg að húsi nr. 3.

Frá Vatnsstíg 3, að sjoppu við Aðalstöðina í Keflavík.

Vegalengd, 47,3 km. Aksturstími, 33 mín. 15 sek.

Akstursleiðir: Norður Vatnsstíg, austur Skúlagötu, suður Snorrabraut, austur og suður Reykjanesbraut, suður Hafnarjarðarveg og Reykjanesbraut og að Aðalstöðinni í Keflavík.

Frá Aðalstöðinni, að Hafnarbúðinni.

Vegalengd, 500 m. Aksturstími, 1 mín. 8 sek.

Akstursleiðir: Norður Hafnargötu, austur Víkurbraut og að Hafnarbúðinni.

Frá Hafnarbúðinni, að Pípugerðinni, Vesturbraut 10.

Vegalengd, 1,6 km. Aksturstími, 2 mín. 56 sek.

Akstursleiðir: Austur Víkurbraut, norður Hrannargötu, vestur Vatnsnesveg, norður Hafnargötu, vestur Vesturbraut og að Pípugerðinni.

Þarna fórum við úr bifreiðinni og gengum, sem leið lá og niður á athafnasvæði Dráttarbrautarinnar, fyrir vestan og norðan húsin og alveg niður á bryggju og aftur þaðan til baka og þá fórum við, sem leið lá, en nú fyrir austan húsin og að gatnamótum Vesturbrautar og Hafnargötu, þar sem talið er að VW. bifrahafi þá staðið.

Göngutíminn frá Pípugerðinni og niður á bryggju, 3 mín. 15 sek.

Göngutíminn frá bryggju og að gatnamótunum, 2 mín. 15 sek.

Frá gatnamótum, Vesturbrautar og Hafnarg, að Aðalstöðinni.
 Vegalengd, 1,4 km. Aksturstími, 2 mín. 4 sek.
 Akstursleið: Suður Hafnargötu.

Frá Aðalstöðinni, að Hafnarbúðinni.
 Vegalengd, 500 m. Aksturstími, 1 mín. 8 sek.
 Akstursleiðir: Norður Hafnargötu, austur Víkurbrauð og að
 Hafnarbúðinni.

Frá Hafnarbúðinni í Dráttarbrautina.
 Vegalengd, 1,8 km. Aksturstími, 3 mín. 9 sek.
 Akstursleiðir: Austur Víkurbraut, norður Hrannargötu, vestur
~~Vatnsnesveg~~ Vatnsnesveg, norður Hafnargötu og í Dráttarbraut. Við ókum beint
 að húsunum við Dráttarbrauðina, upp með húsunum að sunnanverðu
 fyrir mestan og norðan húsin og stöðvað á opnu svæði við
 norður enda húsanna.

Fram hefur komið í skýrslu (G.S.) að hugsanlega hafi verið
 ekið beint frá Lambhóli v/Starhaga og að Vatnsstíg 3. Þessa
 vegalengd mældum við sérstaklega og reyndist hún vera;

Frá Lambhóli v/Starhaga, að Vatnsstíg 3.
 Vegalengd, 3,9 km. Aksturstími, 6 mín. 6 sek.
 Akstursleiðir: Frá Lambhóli, austur Starhaga, suður Suður-
 götu og að Flugvallarafleggjara, norður Suðurgötu, austur Hring-
 braut, vestur Laufásveg, norður Barónsstíg, vestur Laugaveg, norður
 Vatnsstíg og að húsið nr. 3.

Með skýrslu þessari fylgir kort, þar sem merktar eru inn á
 akstursleiðir, sem um er getið í skýrslunni.

Sigurður Víðir Eggertsson
 Sigurður Víðir Eggertsson
 rannsóknarl.m.

Ivar Hannesson
 Ivar Hannesson
 rannsóknarl.m.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

Í framhaldi af mælingum á tíma og vegalengdum milli staða, verður hér gerð tafla um áætlaðan komu og brottfarar tíma á hvern stað og verður þá einnig reiknað með biðtíma á þeim stöðum, þar sem aðilar viðriðirnir málið hafa borðað að stoppað hafi verið. Tekið verður tillit til þess, sem fram hefur komið í málinu, að aðilar hafi verið orðnir of seinir á stefnumótið í Keflavík og því reiknað með stuttum biðtíma á hverjum stað.

Framhefur komið í málinu að áætlaður brottvarartími frá Kjarvalsstöðum hafi verið um kl. 20:40 og verður hér gengið út frá þeirri tímasetningu við upphaf ferðarinnar.

Kl. 20:40 frá Kjarvalstöðum að Grýtubakka 10. Komutími kl. 20:50.

(ekki er þar reiknað með biðtíma, þar sem viðdvöl hefur verið mjög stutt.)

Kl. 20:50 frá Grýtubakka að Hjallavegi 31. Komutími kl. 20:58.

(þar er ekki reiknað með biðtíma, þar sem atla má að viðdvöl hafi verið stutt.)

Kl. 20:58 frá Hjallavegi að Ásvallagötu 46. Komutími kl. 21:08.

(Þar er reiknað með biðtíma í 1. mín.)

Kl. 21:09 frá Ásvallagötu að Lambhóli. Komutími kl. 21:13.

(þar er reiknað með biðtíma í 3. mín.)

Kl. 21:16 frá Lambhól að Ásvallagötu 46. Komutími kl. 21:19.

(þar er reiknað með biðtíma í 2. mín.)

Kl. 21:21 frá Ásvallagötu á Vatnsstíg. Komutími kl. 21:27.

(þar er reiknað með biðtíma í 5. mín.)

Kl. 21:32 frá Vatnsstíg að Aðalstöð í Keflav. Komut. kl. 22:07.

(Áleiðinni frá Vatnsstíg til Keflavíkur, er reiknað með 2. mín., sem farið hafa í að taka bensín á bifreiðina. Ekki er reiknað með biðtíma við Aðlastöðina.)

Kl. 22:07 frá Aðalstöð að Hafnarbúðinni. Komutími kl. 22:08.

(reiknað er með biðtíma í 3. mín. í Hafnarbúðinni.)

Kl. 22:11 frá Hafnarbúðinni að pípugerðinni. Komut. kl. 22:14.

(Hér verður reiknað með skemmri tíma, heldur en framkom við tímamælingu, þar sem fram hefur komið að vegalengdin, sem farin var, er talsvert stýtttri, heldur en sú vegalengd, sem mæld var. Einnig hefur komið fram aðþessi vegalengd, þ.e. frá bifreiðinni í Dráttarbreut og að bifr. aftur, var hlaupin og stýttir það einnig tíman. Reiknað er með biðtíma í 2. mín. og 5.sek.)

Kl. 22:16 frá Hafnargötunni að Aðalstöðinni. Komut. kl. 22:18.

(þar er reiknað með biðtíma í 1. mín.)

Kl. 22:19 frá Aðalstöð að Hafnarbúðinni. komut. kl. 22:20.

Hafa þer það í huga að sekúntur hafa ýmist verið gerðar að mínútu, þ.e. ef þar er um að ræðast 30 sek. eða meira og eins ef þar hafa verið undir 30 sek. hefur þeim verið sleppt.



Sigurður V. Eggertsson.
Lögreglum.

25.1.1977. Í dag var haft samband við John Hill rannsóknar-
lögreglumann í Keflavík og hann beðinn um, að kanna hvað langan
tíma tæki að fara fótgangandi frá Hafnarbúðinni í Keflavík og
að heimili Geirfinns Einarssonar, Brekkubraut 15 þar í bæ.

John kannaði þetta sjálfur og mældi tímann með skeiðklukku.

Hann sagðist hafa gengið frá dyrum Hafnarbúðarinnar og að
dyrum kjallaraíbúðarinnar á Brekkubraut 15. Tíminn hefði verið,
6 mínútur og 36 sekúndur. Leiðin, sem hann gekk, var: Víkur-
braut, Faxabraut og Brekkubraut. John sagðist hafa gengið frekar
greitt.

Ivar Hannesson lögreglum.



13-2-76. Í dag fór eg upp til Bræðranna Ormsson, og talaði þar við símastúlkuna Bryndísi Óskarsdóttir,^{3682o.} tilh. Hraunbæ 7o.

Hún sagðist kannast við Eistein Ingvarsson, sem hefði búið við Laugaveginna fyrir tveim árum síðan, en hann hefði verið með henni í Vogaskóla á sínum tíma, en hefði ekki talað við hann s.l. tvö ár. Hann hefði að því er hann hefði sagt, keypt sér trillu til að fara á skyttirí. Sagðist ekki vita hvernig trilla þetta hefði verið, eða nafn á henni. Eisteinn hefði eftir því er hún frétti, verið tekinn fastur í Spíramálinu, nálægt Álfheimum, en bátinn hefði hann keypt fyrir um þrem árum síðan. Einnig frétti hún að bróðir Eisteins hefði verið tekinn fyrir að sækja spíra. Sagði að Eisteinn hefði átt Bronco bíl með T númeri og svo hefði hann átt Trabant, þegar hann var í vélskólanum 1974.

Sagðist aldrei hafa heyrt talað um að Eisteinn hefði verið á bátnum í Keflavík, eða aðrir.

Sagðist kannast við Björn Björnsson, sem byggði í Keflavík og væri 2. vélstjóri á einhverju loðnuskipi, en hann væri kunningi Eisteins og væri fæddur 1957.

N. Snæhólm.

L.marz 1976

Laugardagskvöldið 28/2 s.l. kom að máli við mig N.N. og skýrði mér frá því, að hann hefði verið staddur fyrir utan Klúbbinn eitthvert föstudagskvöld í ágúst eða sept. 1974 um miðnætti, er hann veitti eftirtekt Siggeir Eiríkssyni, þar sem hann var staddur við eina af kjallaradyrum Klúbbsins við austurhliðina og er N.N.gaf sig á tal við Siggeir, sá hann manninn vera að bera fullan kassa af Vodkaflöskum inn um dyrnar.

N.N. veitti því eftirtekt að innsigli flasknanna var rofið og setti þetta strax í samband við hinn þráláta orðróm um Klúbbinn, að þær veigarnar væru smyglaðar, sem þar væru á boðstólum.

Siggeir hafði hleypt N.N. innfyrir þarna þetta kvöld, en um aðrar dyr.

N.N. er ekki fánlegur til að gefa skýrslu um þennan vitnisburð sinn hjá rannsóknarlögreglu.


Magnús Magnússon

29-3-76. Kom á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar
Guðjón Hauksson, tilh. Lokastíg 10, sími hjá Meitlinum
í Þorlákshöfn, í síldabræðslunni.

Hann skýrir frá eftirfarandi:

Árið 1964 var eg með Moskvitz árgerð 1972
sendiferðabíl R-29493 appelsínugulan. Mig minnir að
það hafi verið skömmu áður en eg heyrði talað um kvarf
Geirfinns, sem eg var að koma úr Keflavík á bílnum á
milli kl. 1500 og 1700 að degi til í mjög góðu veðri,
og þá stanzaði eg við kvenmann sem var gangandi á
austurleið á hæðinni við Stapann, eða á honum, áður en
það byrjar að halla í austur. Það var eg sem stanzaði,
en stúlkan stanzaði mig ekki.

Eg spurði stúlkuna hvert hún væri að fara
og hún sagðist vera að fara til Hafnarfjarðar, svo eg
bauð henni að sitja í og ók í gegnum Hafnarfjörð, um
Strandgötu að mig minnir og lét stúlkuna út við snyrti-
vöru verzlun.

Stúlka þessi var ljóshærð, þybbin, bæði í
andliti og á skrokk. Hún var með stutt hár, eða niður
undir eyru. Um klæðnað man eg ekki, en hún var allavega
í peysu og buxum.

Stúlkan sagðist hafa verið að koma af Keflavíkur-
flugvelli og mig minnir að hún hafi sagt að hún væri
gift Ameríkana. Eg man ekki til að stúlkan hafi verið
í uppnámi, en mér fannst einhver óreiða vera á henni.

Eg varð ekki var við neina grjótnáminu, en eg veit að það voru slíkir bílar á ferð á þessu tímabili
ársins, út af grjótnáminu sem Keflavíkurflugvöllur er með.

Eg man eftir því að á þessu tímabili, var einhver
í Keflavík, með Moskvitz á V-númeri, eldri gerð, sem leit

illa út, og mig minnir að hann hafi verið einhvernvegin ljósblár með svartan leðurtopp. Það var yngri maður, sem var með þennanbíl, sem eg gæti trúað að væri kominn af skrá núna. Lögreglan í Keflavík gæti kanske vitað hver var með bílinn. Manninn þekkti eg ekki, en eg var oft búinn að mæta þessum bíl, sem var vanalega ekið fremur hratt.

Eg held örugglega að það hafi verið þriggja-stafa númer á þessum bíl.

Eftir ljósritinu af mynd af Erlu Bolladóttir, sem eg hef nú séð hér, held eg að það komi ekki til greina að þarna hafi verið um Erlu að ræða, sem eg ók með í umrætt sinn, en mig minnir að eg hafi einhverntíman séð Erlu við Röðul, að kvöldi til. Mér fannst hún vera róleg og þrúð að sjá.

Upplesið, játað rétt. Guðjón "auksson.

N. Snæhólm.

Guðjón Hauksson

Sakadómur Reykjavíkur hefur farið þess á leit við undirritaðan, að gerð verði rannsókn á Erlu Bolladóttur, f. 19.7.1955 til heimilis að Stóragerði 29, Reykjavík. Þegar beðið var formlega um geðrannsókn þessa h. 23. apríl 1976, var Erla vitni í alvarlegu sakamáli og átti erfitt með að rifja upp atburði. Frá því 2. maí sl. hefur Erla verið í gæsluvarðhaldi, en hún hafði gert þá játningu, að hafa orðið manni að bana í sambandi við svokallað Geirfinns-mál. Játningu þessa hefur hún síðan dregið til baka, að eigin sögn.

Erla Bolladóttir er fædd í Reykjavík. Foreldrar eru Bolli Gunnarsson, f. 1918, eða 58 ára gamall öryrki, dvelst nú á Hawai og móðir er Þóra Erla Ólafsdóttir, f. 17.1.´31, 45 ára gömul, búsett í Reykjavík. Foreldrar Erlu slitu samvistum í febrúar 1971.

Erla er þriðja í röðinni af 5 alsystkinum, jafnframt á hún 2 eldri hálfbræður, þeir eru: Einar Gunnar Bollason, 31 árs, fyrrv. kennari og Bolli Þór Bollason, viðskiptafræðingur. Erla er ekki alin upp með hálfbræðrum sínum og hefur haft af þeim lítil afskipti, nema þá helst síðustu 3 árin, að hún hefur kynnst Einar nokkuð, einkum þar sem Einar og faðir hennar fóru að hafa nánari samskipti.

Alsystkini Erlu eru:

Arthur Björgvin, 27 ára gamall, er við heimspekinám í Þýskalandi, kvæntur. Arthur fæddist áður en foreldrar giftu sig og er því alinn upp af móðurforeldrum sínum og þekkir Erla Arthur mjög lítið.

Önnur er Linda Sigrún Bolladóttir, f. 5.7.´54, gift húsmóðir og búsett á Hawai.

Þriðja er Erla.

Fjórdi er Helga Bolladóttir, f. 3.1.´57, nemandi í menntaskólanum við Tjörnina, trúlofuð og býr nú hjá tengdafólki sínu síðan í apríl 1975.

Fimmta er Lilja Bolladóttir, f. 12.9.´59, býr hjá móður í Stóragerði 29.

Erlu er ekki kunnugt um neina ættgenga sjúkdóma. Telur að móðir hafi verið hraust er hún gekk með hana og fæðing muni hafa gengið eðlilega fyrir sig. Telur að foreldrar hafi verið nýflutt frá Bandaríkjunum þegar hún fæddist. Erla var 14 merkur þegar hún fæddist og 56 cm löng. Hún fékk flesta barnasjúkdóma, án nokkurra alvarlega eftirkasta. Telur sig hafa tekið út eðlilegan þroska fyrstu árin, þyngdist að vísu seint, var veikluleg, en samt hraust. Gekk 12 mánaða gömul, var sein til máls, var lengi smámælt. Telur sig hafa verið þægt barn og meðgjörlegt. Þegar Erla var 2 1/2 árs gömul fluttist hún, ásamt foreldrum sínum, til Bandaríkjanna og voru þau búsett þar í 4 1/2 ár, og fluttust síðan til Reykjavíkur, Erla var 7 1/2 árs gömul þegar þau komu hingað til Reykjavíkur.

Erla telur, að samkomulag innan fjölskyldu sinnar hafi yfirleitt verið slæmt og stormasamt. Segir, að samband sitt við móður hafi ætíð verið stirt, man fyrst eftir sér 4ra ára gömul þegar móðir var að skamma hana. Telur sig hafa haft betra samband við föður. Segist frekar hafa getað tjáð honum tilfinningar sínar, bæði þegar hún var minni og síðar, en þó aldrei mikið. Man eftir því, að hafa vorkennt föður þegar móðir var að rífast. Ágreiningur milli foreldra var oft og þá oftast samfara áfengisneyslu, rifist var um peninga og út af afbrýðissemi. Móður sína telur hún vera mikinn smáborgara, segir að hún vilji láta hlutina líta vel út á yfirborðinu, og er viðkvæm fyrir álitum annarra, þolir því illa gagnrýni. Hlustaði oft á skoðanir móður sinnar og áhyggjur, án þess þó að andmæla þeim. Segist aldrei hafa getað tjáð sig við hana, svo nokkurt gagn sé í. Föður sinn, Bolla, segir hún vera hæglátan og geðfelldan mann, en fremur ístöðulítinn. Telur hún að hann hafi verið óreiðumaður í fjármálum, oft skipt um atvinnu. Hún segir hann hafa verið all drykkfelldan. Telur hann vera fremur dulan, hann tali sjaldan, eða aldrei, út um hlutina og sérstaklega ekki það sem honum er óþægilegt og segir hann reyna að loka

augunum fyrir eigin göllum og yfirsjónum. Samband sitt við systur sínar telur Erla að hafi verið fremur stirt, man hún a.m.k. eftir því, að hún og Linda rifust mjög mikið eftir að þau komu hingað til Íslands. Segir hún Lindu vera nokkuð skapharða og mun frekari en hún sjálf. Helgu telur hún hafa verið í sérstöðu, að því leyti, að hún var í uppáhaldi hjá móður og taldi móðir, að Helga gæti aldrei gert neitt rangt. Erla segir samkomulag við Lilju yngstu systur sína hafa verið gott, enda segist Erla hafa verið sterkari aðilinn í því sambandi, stutt Lilju og verið henni hjálpleg á ýmsan hátt, ekki hvað síst þegar samband á milli foreldra var slæmt. Erla settist í Ísaksskóla og var þar í 1 vetur, en síðan fór hún í Hlíðaskóla. Lauk hún fullnaðarprófi þaðan með einkunnina 8.96. Yfirleitt segist hún hafa komið sér vel á meðan hún var í barnaskóla og var fljót að kynna vinkonum, en átti erfitt með að halda sambandi við þær vegna breytilegrar búsetu hérna í Reykjavík. Samkomulag við kennara var gott. Þegar Erla settist í gagnfræðaskóla byrjaði hún í Vogaskólanum, var þar í 1 vetur, settist síðan í verslunardeild í Vörðuskólanum og tók þar próf vorið 1971 með einkunninni 9.05. Landspróf tók hún þaðan 1972, en námsárangur var þá mun verri, fékk þá slétta 5.00. Virðist því sem námsárangri Erlu hafi hrakað að mun eftir skilnað foreldra. Jafnframt fór hún eftir það að lenda í útistöðum við einstaka kennara.

Erla dvaldist 2 sumur í sveit, 10 ára gömul var hún á Djúpuvík á Ströndum, leiddist henni dvölin þar og var hún henni erfið á marga lund, m.a. vegna þess, er hún segir, að bóndinn þar hafi leitað á hana, en ekki kom til kynferðilegs samband. 14 ára gömul var hún síðan á Ríp í Skagafirði, ásamt Lindu systur sinni. Þar segir hún að sér hafi liðið vel. Vann oftast við barnagæslu á sumrin, en vorið 1972 hóf hún vinnu á póstinum hér í Reykjavík, fór síðan að vinna á símanum við skeytaafgreiðslu og ýmiss önnur störf og var þar til í sept. 1973.

Dvaldist þá um 6 vikna tíma í Bandaríkjunum og hóf störf aftur hjá símanum í janúar 1974 við sömu störf og áður og var þar til í október 1974. Dvaldist síðan í Danmörku frá því í des. 1974 til í febrúar 1975. Vann þar smátíma við ræstingu á hóteli, kom síðan aftur til Íslands og vann hjá Jóni Oddssyni lögfræðingi frá því í apríl mánuði og þar til í júní 1975. Hefur síðan ekki starfað á hinum almenna vinnumarkaði.

Kynlífsfræðslu sína fékk Erla þegar hún var 12 ára gömul, í skóla svo og frá vinkonum. Blæðingar byrjuðu hjá henni þegar hún var 15 ára gömul og hafði hún fengið fræðslu viðvirkjandi því hjá móður sinni.

Erla var 17 ára gömul er hún hafði samfarir við karlmann og var þá búin að vera með 21 árs gömlum manni í u.þ.b. 3 mánuði. Þetta var fyrsta nána samband hennar við karlmann. Sambandið slitnaði af sjálfu sér. Segir að sér hafi verið nauðgað þegar hún var 18 ára gömul af geðveikum manni, 4-5 árum eldri en hún sjálf. Skammaðist sín fyrir þetta atvik og vildi ekki kæra hann. Síðan telur Erla að hún hafi ekki haft nán tengsl við nokkurn karlmann fyrr en hún kynntist Sævari Ciesielski í sept. 1973 og var hún með honum í sambúð að mestu leyti næstu 2 árin.

Erla bragðaði fyrst vín 16 ára gömul. Hefur að jafnaði drukkið mjög lítið, kannski bragðað vín einu sinni í mánuði og sjaldan orðið drukkin. Hún reykti hash í fyrsta skipti 17 ára gömul, reykti hash stöku sinnum, en aldrei að staðaldri, líkaði ekki vel áhrifin af því. Aðra vímugjafa hefur hún prófað, svo sem LSD þrisvar sinnum og tekið örvandi töflur samfara áfengisdrykkju þrisvar sinnum, hjartalaga rauðar töflur, veit ekki hvað þær heita, en sennilega er þetta Amphetamín (purple hearts). Segist ekki hafa notað áfengi, eða aðra vímugjafa, allt sl. ár, eða frá því hún kom frá Danmörku 1975.

Sem fyrr segir, þá slitu foreldrar Erlu sambúð í janúar 1971 og var Erla þá 15 og 1/2 árs gömul. Systir hennar, Linda, fylgdi föður sínum og bjó með honum, en Erla og yngri systur hennar fylgdu móður, þó hún hefði frekar kosið að fylgja föður sínum, en hún var ekki orðin 16 ára og því bjó hún hjá móður sinni áfram frá því í janúar og þar til í ágúst 1971, að hún flutti til föður síns, eftir að hún hafði náð 16 ára aldri. Virðist þetta hafa verið erfiður tími fyrir Erlu og hún gengið Lilju systur sinni nærri því í móðurstað á þessum tíma og veitt henni mikinn stuðning. Bjó síðan með föður sínum næstu 2 árin og haustið 1974 festi faðir hennar kaup á húseign í Hafnarfirði, en veiktist stuttu síðar, eða í nóvember 1974. Erla segir sambúð sína með föður sínum hafa verið góða, segir að faðir hennar hafi unnið vel, en drukkið talsvert mikið. Ekki virðist hún samt sem áður hafa fengið mikinn stuðning frá föður sínum heldur virðist hann fremur hafa haft stuðning frá Erlu og Lindu systur hennar. Þessi 2 ár, sem Erla bjó með föður sínum segist hún hafa haft talsverðan félagsskap af kunningjum, bæði piltum og stúlkum, þó virðist hún ekki hafa náð að mynda nein veruleg tilfinningatengsl við neinn aðila, þetta virðist yfirleitt hafa verið mjög yfirborðslegur kunningskapur. Hún segist hafa skemmt sér talsvert, farið á böll og í party.

Erla kynntist Sævari Ciesielski, sem síðar varð sambýlismaður hennar, í september 1973. Skeði það í samkvæmi. Fannst henni þá Sævar vera fremur lítil fyrir mann að sjá, umkomulaus, en fannst hann vera ljúfur og góður í sér. Fyrst í stað var einungis kunningskapur með þeim og varð það síðar úr, að Sævar slóst í för með Erlu og vinkonu hennar vestur til Ameríku, til að heimsækja þar kunningja. Sagði Sævar, að hann ætlaði sér að rukka þar inn peninga sem honum bæri. Vinkona Erlu hætti síðan við förina á síðustu stundu, svo hún fór ein vestur með Sævari. Var hún í þessari Bandaríkjaför frá því í okt. 1973 til 7. nóvember sama ár. Dvöldust þau hjá kunningjum Erlu, svo og skyldfólki Sævars. Í ferð þessari segist

Erla hafa farið að kynnast skuggalegri hliðum á Sævari, fannst henni hann vera mjög taugaveiklaður, hræddur og spenntur. Neyttu þau LSD einu sinni saman og segir hún, að þau hafi þá farið að opnast meira gagnvart hvort öðru og tala um tilfinningar sínar. Man hún eftir því, að Sævar talaði mikið um ofbeldi og það, að það gæti verið nauðsynlegt undir vissum kringumstæðum að koma mönnum fyrir kattarnef. Erla segist hafa spurt hann hvort hann hafi drepíð mann, en fékk ekkert svar. Jafnframt fór að koma upp ósamkomulag á milli þeirra, aðallega vegna þess hversu henni fannst Sævar vera farinn að vera frekur gagnvart sér, hann mátti ekki af henni sjá, sagðist vera hræddur við útlendinga. Fannst henni þetta hvimleitt og vera mjög bindandi fyrir sig. Þau urðu síðan aftur samferða til Reykjavíkur og segir hún, að Sævar hafi verið tekinn fastur á flugvellinum við komuna. Segir hún, að hann hafi setið inni í 4 daga. Leitaði hann síðan Erlu uppi, bar hann sig þá illa, sagðist vera heimilislaus og ætti hvergi inni. Aumkaði hún sig þá yfir hann og leyfði honum að búa hjá sér í Hafnarfirði, þangað sem faðir hennar hafði flust. Ekki sagði hún, að ástarsamband hafi verið byrjað hjá þeim er hér var komið. Faðir Erlu veiktist síðar af heilablóðfalli stuttu eftir að hún kom að vestan og bjuggu þau Sævar þá tvö saman. Um áramótin 1973-1974 taldi Erla sig vera trúlofaða Sævari, enda hafði þá tekist með þeim ástarsamband. Hún byrjaði síðan að vinna aftur á símanum í janúar 1974, hélt Sævari uppi með sinni vinnu, þar eð hann stundaði enga fasta atvinnu, en hana grunaði og taldi fullvíst, að hann stundaði hashölu. Þótti henni mjög erfitt að fylgjast með hans málum þar eð hann talaði um að hann þyrfti að „redda“ hinu og þessu, og var oft að heiman 2-3 nætur í senn, þannig að henni gekk mjög illa að fylgjast með hans ferðum og gerðum. Erla segir síðan Sævar hafa setið inni um 4ra vikna skeið í febrúar mánuði. Hún segir, að á þeim tíma hafi hún komist að því, að hann muni hafa haldið framhjá sér, segist í fyrstu ekki hafa viljað trúa því, en lét síðan sannfærast. Tók hún þá ákvörðun að

reyna að segja skilið við Sævar. Er hann losnaði úr varðhaldinu leitaði hann hana strax uppi og spilaði á meðaumkun hennar, bar sig illa og bað hana um að skjóta yfir sig skjólshúsi þó ekki væri nema í nokkrar vikur. Erla lét tilleiðast, en segir að upp úr því hafi hún farið að finna til nokkurs ótta af Sævari þótt hún gerði sér ekki grein fyrir, hvað það var í raun og veru í hans fari, sem hún var hrædd við. Fór hún oft að fá miklar martraðir, þar sem mikið bar á ofbeldi og hótunum um líflát. Segir síðan, að Sævar hafi smám saman náð meiri tökum á sér, þannig að hann stjórnaði nær eingöngu hennar lífi. Hún lét einangrast, enda virtist Sævar sjá til þess, að hún hefði sem minnst samband við fólk utan síns vinnutíma. Erla leigði síðan á ýmsum stöðum hér í Reykjavík með Sævari, svo sem í Álfheimum og á Hjallabraut. Stundum voru þau í algeru húsnaðishraki og bjuggu þá hjá móður Sævars uppi í Breiðholti. Vorið 1974 segist Erla hafa látið þau orð falla, að ekki væri erfitt að svindla út peninga í sambandi við póstávisanir, en hún segist hafa orðið slíku kunnug í sambandi við starf sitt á símanum. Sagði hún, að Sævar hefði sýnt þessu mikinn áhuga og fengið sig til að svíkja út fé í 2 skipti, all háar upphæðir. Sagðist hún lengi hafa verið treg til, en látið tilleiðast. Segist hún hafa látið Sævar hafa peningana, en segist aldrei hafa spurt hann hvað hann hafi gert við þá, en grunaði, að hann hefði notað þá til fíknilyfjakaupa. Sagðist hún að vísu hafa gert sér grein fyrir, að hún hefði gerst brotleg við lögin með þessu athæfi, en segist ekki hafa tekið það svo nærri sér, þar eð nógir peningar væru fyrir í kerfinu. Virðist hún því hafa gert sér far um að gleyma þessu broti sínu sem best hún gat. Sambúð við Sævar þetta ár segir hún hafa verið mjög erfiða, a.m.k. einu sinni segir hún að hann hafi ráðist á sig, sparkað í sig, m.a. í kynfæri hennar svo að sá á henni. Telur hún, að mest allt árið 1974 hafi hún verið haldin þunglyndi, ótta og hræðslutilfinningu, án þess að gera sér grein fyrir hvað olli þessum tilfinningum. Í desember mánuði 1974 fóru þau Sævar út til Danmerkur, hún fór á undan.

Segir hún, að Sævar hafi hvatt sig til að fara utan, þar eð hún væri eftirlýst hér heima í sambandi við ávísanafalsið. Dvöldust þau í Danmörku, þjuggu m.a. í Christianiu og á hrakhólum við slæmar aðstæður. Flúði hún því heim í febrúar mánuði 1975 og leitaði ásjár hjá móður sinni, dvaldist hjá henni í 10 daga. Þeim samdi ekki vel, svo hún fór af heimili móður sinnar eftir að Sævar kom til landsins. Samkomulag milli þeirra var slæmt og hún sagði honum formlega upp, sökum óreglu- legra lífnaðarhátta hans, og eins vegna þess, að hann vildi ekki fá sér neina fasta vinnu. Næstu vikurnar var hún á hálfgerðum flækingi, dvaldi 1 viku á heimili Vilhjálms Knudsens myndatökumanns og síðan var hún á heimili í Kópavogi hjá Guðmundi Einarssyni verkamanni og konu hans í 6 vikur. Næst fékk hún sér íbúð að Grundarstíg 15 í Reykjavík, reyndi að leyndu dvalarstað sínum fyrir Sævri, en hann hafði ávallt samband við hans öðru hvoru og reyndi að fá hana til að taka sig aftur, var með alls konar hótanir. Gafst hún upp að lokum fyrir ásókn Sævars og tóku þau saman íbúð í Kópavogi h. 1. september. Sagði hún, að hún hefði þá verið orðin þreytt, enda barnshafandi. Um sumarið 1975 segist hún hafa haft svolítið samband við móður sína og systur, en það samband slitnaði aftur eftir að hún fór að búa með Sævri að nýju, en móðir hennar var á móti þessu sambandi þeirra.

Erla segist hafa orðið mun meira ráðandi í sambúðinni við Sævar síðustu mánuðina sem þau þjuggu saman, og einkum eftir að barn þeirra fæddist, sem var stúlkubarn fætt 24.9.75. Segist hún ekki hafa verið eins hrædd við Sævar, hafi tekið á móti honum og haft betur í 2 skipti, sem hann réðst á hana. Í annað skiptið brotnaði Sævar niður og sagði kjökrandi: "konan mín getur lamið mig". Kenndi hún þá í brjósti um hann og hafði sektartilfinningu. A.ö.l. hélt Sævar áfram uppteknum hætti, vann ekki reglulega vinnu og fór tvisvar sinnum utan til þess að "redda" hlutunum.

Erla segir líkamlega heilsu sína hafa verið góða um ævina. Hún hefur aldrei legið á sjúkrahúsi eða gengist undir meiri háttar aðgerð. Hálskirtlar voru teknir þegar hún var 7 ára gömul. Fæðing var erfið þegar hún átti dóttur sína 24.9.75, en hún var komin heim af fæðingadeildinni eftir vikutíma. Við líkamlega lækningaskoðun hjá Erlu h. 14.7.76 kom ekkert í ljós, sem benti til þess að hún væri haldin nokkrum sjúkdómum eða kvillum, nema að því leyti, að háls- og herðavöðvar voru nokkuð stífir (myosis), en orsök fyrir slíku er kronisk spennu. Blóðþrýstingur mældist innan eðlilegra marka, 115/75 og púls var 74/mín. Kerfisbundin skoðun og rannsókn á tauga-kerfi bentu ekki til þess að Erla væri haldin neinum vefrænum sjúkdómum í miðtaugakerfi, eða taugum. Heilalínurit var tekið af Erlu h. 12.7.76. Niðurstaða þess var diffust, hratt rit, sennilega vegna lyfja, en a.ö.l. eðlilegt. Rannsóknir voru gerðar h. 14.7. á blóði og sýndu eðlilegan blóðrauða, eða 13.5g%, sökk mældist 6. Fjöldi hvíttra blóðkorna var einnig innan eðlilegra marka, eða 9004. Blóðurea mældist 19, sem er innan eðlilegra marka. Blóðrannsókn fyrir syfilis mældist neikvæð.

Gylfi Ásmundsson sálfræðingur var fenginn til þess að leggja sálfræðipróf fyrir Erlu og þau voru:

Wechsler, greindarpróf fyrir fullorðna.

Rorschach, persónuleikapróf.

Bender-Gestalt, skynhreyfipróf.

MMPI, persónuleikapróf.

Semantic differential, merkingapróf.

Greindarvísitala Wechslerprófsins reiknaðist 99, mælist því í meðallagi. Bestu þættir bentu til þess að Erla gæti gert betur og eðlisgreind hennar sé í góðu meðallagi. Bestu þættir prófsins reyndust vera almennur skilingur og hugtakamyndun, en reikningur og félagslegt næmi voru mun lakari. Minni hennar mældist vera eðlilegt. Á Rorschach prófinu gat Erla 25 svör, sem sýnir all gott

hugmyndaflug og voru þau fjölbreytt að efni. Svör hennar voru þó ekki að sama skapi í samræmi við raunveruleikann og lituð af sjálfmiðaðri einkareynslu. Rorschach prófið benti einnig til þess að greind hennar virtist vera góð, en nýttist hins vegar illa. Prófið benti jafnframt til þess að hún hefði mjög lélega stjórn á hugmynda- og tilfinningalífi sínu. Tilfinningaviðbrögð hennar í prófinu báru þess vott að um hysterískan persónuleika væri að ræða. Hún virtist reyna að dylja tilfinningaviðbrögð sín með hálf gagnsæjum intellectual hjúp, þess á milli blossa tilfinningar fram á þann veg, að raunveruleikaskyn og hugsun brenglast og talsverðar líkur eru á þokuástandi (dissociative state) með tilheyrandi minnisleysi. Prófið benti jafnframt til þess, að samskipti hennar eru ákaflega sjálfmiðuð hlaðin spennu og reiði, en hún reynir að þóknast öðrum með geðbrigðum, sem rista grunnt og eru ekki í samræmi við innri tilfinningar. MMPI prófið jaðraði við það að vera ógilt, þar eð hún virtist ýkja geðræn vandamál sín, en það benti engu að síður til þess, að Erla væri áberandi óvirk og undanlátsöm gagnvart öðrum, jafnvel svo að jaðraði við masochisma. Prófið var talið staðfesta þá mynd, sem fram kom í Rorschach prófinu, að Erla sé hysterískur persónuleiki, sem geti farið í tímabundið psykotískt (dissociative) ástand. Semantic differential prófið var lagt fyrir Erlu með það fyrir augum að gera könnun á því hvaða tilfinningalega merkingu nokkrar mikilvægar persónur í lífi hennar höfðu fyrir hana. Fram kemur, að það eina sem henni þykir vænt um er barn hennar, hún er mjög upptekin af velferð þess. Hún virtist ennfremur meta sjálfa sig nokkuð mikils, sem bendir ekki til djúprar sektarkenndar, en er í samræmi við persónuleikagerð hennar. Hún lýsir hatri á Sævari, en athyglisvert er, að sú persóna sem líkist honum mest í huga hennar, er faðir hennar. Er ástæða til að ætla, að upplifun hennar á föður sínum hafi átt verulegan þátt í vanmáttugri sjálfsmynd hennar, blönduð fjandsemi og undirgefni, kunni að hafa sett mark sitt á persónuleika og samskipti hennar við karlmenn.

Geðskoðun:

Erla er lág og grannvaxin, fíngerð stúlka, með meðalstórt hjartalaga andlit og stór brún augu, gerir sér far um að vera einlæg í viðmóti og virkar því oft sakleysislega barnaleg í framkomu. Gæti hæglega talist vera 2-3 árum yngri heldur en hún er. Hún er yfirleitt klædd á hversdagslegan, dálítið hirðuleysisleg, en þó í hreinum fötum og með hreint hár, en yfirleitt er það ótilhaft. Erla gerir sér far um að vera samvinnuþýð og nær maður að mynda við hana all góðan kontakt, sem oft er þó talsvert yfirborðskennður. Geðbrigði hennar eru yfirleitt ekki mikil, en eru þó fyrir hendi og spegla þau tilfinningaviðbrögð hennar og geðhrif, sem virðast oft á tíðum ekki rista mjög djúpt, þar er oftast Erla draumkennd á svip og virðist allt að því nær óeðlilega afslöppuð. Hún talar kæruleysislega um fyrrverandi og núverandi erfiðleika, án sýnilegra tilfinninga, nema einstaka sinnum koma tilfinningar hennar skírar í ljós, svo sem örvænting, reiði og vonleysi. Geðhrif hennar hafa því oftast á sér talsvert hysterískan blæ, sem Erla virðist nota sem vörn gegn dýpri tilfinningum og breiða yfir þær með yfirborðskæruleysi og rósemi. Erla talaði yfirleitt hægt og rólega, liggur ekki hátt rómur. Talar alltaf í fullu samhengi og er mjög skýr í frásögn, enda orðaforði góður. Ekki koma fram neinar hugsana-truflanir, ranghugmyndir, eða einkenni um ofskynjanir, sem benda til meiri háttar geðveiki, svo sem ofheyrnir. Skilningur hennar virðist vera all góður, en dómgreind virðist vera nokkuð áfátt, sérstaklega hvað viðvíkur félagslegum þáttum. Minni hennar virðist vera mjög gott í mörgum atriðum, getur hún sagt frá ýmsum atburðum, bæði frá bernsku og seinni árum, í smáatriðum, er mjög örugg með margar tímasetningar. Hins vegar virðast vera miklar gloppur í minni hennar á ýmsa atburði, sem hafa greinilega verið henni erfiðir, og valdið henni tilfinningalegri spennu. Nefnir hún í því sambandi, að hún telji sig

ekki muna eftir að hafa séð föður sinn drukkinn fyrr en hún var 15 ára gömul, þótt hún bæði viti og geri sér fulla grein fyrir því, að faðir hennar hafi notað mikið og drukkíð vín. Segir hún, að sig hafi rámað í að hafa séð föður sinn drukkinn þegar hún var 10 ára gömul, en hún taldi sér trú um, að það væri tóm ímyndun í sér. Segist hún lítið geta gert sér grein fyrir mörgum þeim rimum, sem foreldrar hennar hafa háð þótt hún viti, að hún ætti að muna það. Erla telur, að mest allan tímann, sem hún hafði saman við Sævar að selda og einnig þann tíma, sem hún var að reyna að slíta sambandi við hann, hafi hún verið mjög dauf og hálfsljó. Hún segist hafa verið haldin nær stöðugri óttakennd og einmanakennd, gat illa gert sér grein fyrir og getur ekki enn gert sér grein fyrir af hverju sú óttakennd stafar, nema vegna dularfullrar hegðunar Sævars, tví- ræðum tilsvörum og hálfgerðum ógnunum um að eitthvað illt kynni að henda hana. Erla lýsir ýmsum fælnis (phobiskum) einkennum, sem hún segist lengi hafa fundið fyrir, svo sem að hún er hrædd við að fara ein út á ber- svæði, finnur þá fyrir ótta og einmanakennd, finnst henni svo sem hún sé einhvers konar skotmark, einhver gæti gert sér illt, þótt hún sjái engan, eða eitthvað sem kynni að vinna henni mein. Jafnframt er erfitt fyrir hana að vera í fjölmenni, fær þá innilokunarkennd, einnig finnst henni slæmt að sitja á stól, sem snýr baki að útgöngudyrum. Erla segist stundum hafa haft ofsjónir og jafnvel núna síðustu vikurnar, eftir að hún hefur setið í varðhaldinu, finnst henni hún þá oft sjá fólk, sem hún ber ekki kennsl á, sem er í hróka samræðum. Segist hún gera sér grein fyrir því, að hún er með opin augun, en ef hún ætlar að yrða á fólkið hverfur sýnin. Hún telur sig fyrst hafa orðið vara við eitthvað slíkt þegar hún var 10 ára gömul og var að fara í sveit norður á Strandir. Fannst henni hún þá vera að borða sælgæti, en svo var það allt í einu horfið. Jafnframt segist hún hafa séð mann, sem var henni

mjög vinveittur, sumarið 1974 þegar samkomulag hennar og Sævars var sem verst, gerði hún sér grein fyrir því, að þetta var missýn. Erla telur sig aldrei hafa fengið yfirliðaköst svo hún muni, eða önnur köst þar sem hún missir meðvitund, án þess þó að falla niður um lengri eða skemmri tíma.

Erla var ætíð með fulla meðvitund er rætt var við hana, var vel áttuð á stað og stund og eigin persónu.

Niðurstaða:

Ég tel, að Erla Bolladóttir sé hvorki vangefin né geðveik, og hún hafi heldur ekki neinar vefrænar skemmir í miðtaugakerfi. Hún er í meðallagi greind og haldin persónuleikagöllum (personalitas hysterica). Fleiri þætti má greina í persónuleika hennar, svo sem nokkuð sterka geðvillu, (psychopathia) ásamt mikilli óvirkni (passivity) og þörf fyrir að sjórnast af öðrum og velður þetta nær masochistisku atferli. Tilfinningatengsl við annað fólk rista yfirleitt grunnt í samræmi við það í hversu lítilli snertingu hún er við eigin tilfinningar. Persónuleiki hennar er veikbyggður og varnir því veicar og er því líklegt, að undir tilfinningalegu álagi, geti geðstjórn brotnað niður og viðbrögð orðið óeðlileg og leitt til truflunar á meðvitund (dissociative state). Erla hefur jafnframt verið haldin fælni (phobia) og sefasýki (neurotic hysterica).

Ég tel vera nokkrar líkur á, að Erla geti notfært sér og fengið bót á taugaveiklun sinni með sállækningu (psychotherapy), en hins vegar minni líkur á bata hvað persónuleikagöllum viðkemur með fyrrgreindri meðferð, sem þyrfti þá jafnframt að vera langvarandi.


Asgeir Karlsson
geðlæknir

Reykjavík, 30. júlí 1976

Skv. beiðni Sakadóms Reykjavíkur hefi ég undirritaður framkvæmt geðrannsókn á Kristjáni Viðari Viðarssyni, 5890-2217, f. 21.4.´55, til heimilis að Grettisgötu 82, Reykjavík, vegna áætlaðs hegningarlagabrots, mál Guðmundar Einarssonar og hið svokallaða Geirfinnsmál. Geðathugunin fór fram á tímabilinu 6. apríl til 24. júlí 1976.

Kristján er fæddur í Reykjavík og alinn þar upp hjá móður-ömmu sinni. Faðir hans hét Viðar Axelsson, sjómaður, f. 17.8.´36. Hann fórst með togaranum Júlí 8.2.´59. Móðir hans heitir Elsa Kristjánsdóttir, f. 17.4.´35. Fljótlega eftir að hún giftist föður hans fór að bera á viðkvæmni á tilfinningasviði og var hún meðhöndluð af ýmsum geðlæknum auk þess sem hún lá á Bergarspítalanum og Kleppsspítalanum. Hún mun vera 75% öryrki. Sambúð foreldra hans var erfið og var m.a. drykkjuskap föður hans um kennt. Þau voru oft aðskilin, en munu þó hafa búið saman þegar faðir hans lést. Faðirinn átti stúlkubarn fyrir hjúskap, en ekkert veit Kristján frekar um þá hálf systur sína. Móðir Kristjáns giftist síðar egypta, og skildu þau fljótlega. Með honum átti hún 1 barn. Kristján var þá 7 ára og stóð til, að hann flyttist til móður sinnar og maka hennar, en að sögn Kristján vildi egyptinn ekkert hafa með hann að gera. Móðuramma heitir Anna Ingiríður Finnsdóttir, fráskilin kona, en hún hafði skilið við maka sinn áður en Kristján kom til hennar. Afi og amma hans í föðurætt voru einnig skilin. Kristján getur þess, að mikið hafi verið um vinnhneigð í föðurætt hans.

Kristján hafði lítið sem ekkert af föður sínum að segja þar sem hann var aðeins 3ja ára er faðir hans lést. Aðrir hafa síðan ekki gengið í það hlutverk. Kristján telur, að móðuramma hans hafi komið í stað móður, þó að móðir hans hafi búið hjá þeim all langa stund. Amman var honum eftirlát, leyndi erfiðleikum

hans og gerði lítið úr þeim almennt í viðræðum við aðra (upplýsingar um samskipti Ingiríðar og Kristjáns eru m.a. fengnar hjá heilmilislækni hans, Guðsteini Þengilssyni). Kristján getur þess, að eins lengi og hann muni eftir hafi ríkt all mikil spennan milli móður- og föðurfólks hans. Vildi hann stundum leita til föðurfólks síns, en var meinað, að sögn. Ekki hefur verið um neina föðurmynd eða karlmann að ræða á heimili hans og því hefur uppeldi hans ekki boðið upp á skilyrði til viðmiðunar gagnvart hlutverki karlmanns á heimili. Hann varð fljótt þrjóskur og erfiður, sérstaklega móður sinni og ömmu, og náði snemma undirtökum í uppeldinu. Hann fór meir eftir eigin geðþótta heldur en eftir leiðbeiningum annarra. Hann þroskaðist því seint og takmarkað og hóf fljótlega lífsferil þar sem óhófsneysla á víni og vímuvaldandi efnum ríkti og andfélagsleg hegðun varð æ meir ráðandi. Eftir að amma hans fluttist frá honum úr íbúðinni á Grettisgötu, 1972-73, söfnuðust í íbúð þeirra ýmsir einstaklingar, sem leituðu þar húsaskjól, en veittu í staðinn vinnu og örvandi efni. Nú undanfarið hefur staðið þannig á hjá honum, að hann hefur búið með einum félaganum sínum á gistiheimili hér í borg og hafa þeir stutt hvorn annan í fjáröflun, oft af því er virðist, með ólöglegum hætti.

Kristján gekk í Austurbæjarbarnaskólann, en um miðjan vetur er hann var í 12 ára bekk, fór hann að Jaðri skv. eigin ósk, því flestir félagar hans voru þar. Lauk hann þar 12 ára bekknum, fór svo í Gagnfræðaskóla Austurbæjar og lauk þar prófi í 1. bekk, en var rekinn um miðjan vetur, er hann var í 2. bekk. Ástæðan var, að hans sögn, óstundvísi og rifrildi við einn kennaranna. Kristján telur, að honum hafi samið vel við flesta kennara og skólafélaga. Hins vegar segir Hulda Margrét Waddell í skjali nr. 16, sem lagt var fram í Sakadómi Reykjavíkur þ. 28.4.76 (sjá fylgiskjöl):

"Kristján Viðar þekki ég síðan ég var í barnaskóla, en þá vorum við saman í bekk. Á þeim tíma var ég hrædd við hann, því að hann var kallaður "hrekksvín". Hann hefur síðan ekki verið við nám.

Hann var 11 ára gamall er hann fór að anda að sér eimi af þynni og bensíni í því skyni að upplifa ofskynjanir. Nokkru síðar fór hann að misnota áfengi og frá september 1972 (þá 17 ára gamall) hefur sjúklingur, auk áfengis, neytt all mikils af ávana- og fíkniefnum. 12 ára gamall fór hann fyrst til geðlæknis (Þórður Möller), en nokkru síðar gekk hann til sálfræðings (Sigurjón Björnsson). Meðhöndlunin varð þó fremur skammvinn. Eftir nær hálfis árs drykkju og ofneyslu fíkniefna var hann lagður inn á Kleppsspítalann fyrir tilstuðlan Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Högó var þá fram beiðni um sviptingu sjálfræðis, en því var ekki fylgt eftir. Á Kleppsspítalanum dvaldi hann frá 30.3. '73 til 16.4. s.á. Hann átti þá þegar að baki 11 línga afbrotasögu og voru félagsaðstæður hans afar lágbornar. Tengsl hans við móður voru slæm og við móður-
mumu þannig, að hún hafði gefist upp á sambúðinni og slutt að heiman. Sama dag og hann fór af spítalanum neytti hann vín og fíkniefna og hefur haldið sig mikið við það íðan.

Eftir að Kristján lauk námi, eða frá 15 ára aldri, má segja, að hann hafi engan veginn unnið þannig, að hann hafi getað séð fyrir sér sjálfur. Hann starfaði eitthvað á ýmsum töðum, en fremur stutt á hverjum stað og oft með löngum millibilum. Segja má, að hann hafi síðari árin ekki stundað neina reglubundna vinnu. Þess í stað hefur hann hneigst til að afla sér tekna með afbrotum og leitað eftir félagsskap þeirra, sem hafa getað stutt hann með því að veita honum vín, fíkniefni, mat og eyðslueyri. Aðvaranir, dómar og fangelsisviðtír hafa ekki megnað að stöðva afbrotaferil hans.

Kristján á erfitt með að lýsa sjálfum sér. Hann er nokkuð uppstökkur, en segir, að reiðin renni fljótt af sér. Hann veitir fólk til reiði og lendir í áflogum, án þess að geta gert sér grein fyrir hvers vegna. Hann veit um styrkleika sinn í áflogum og hefur fengið visst orð á sig fyrir að vera harður í horn að taka. Ekki viðurkennir hann að hann finni til kvíða eða öryggisleysiskenndar heldur gerir hann

sér far um að sýnast kaldur og kærulaus. Í viðtölum koma þó fram atvik sem sýna, að andstæðar tilfinningar eru fremur algengar. Kristján Viðar segist vera glettinn og kíminn, reyndar hafi hann oft fengið hrós fyrir þá eiginleika. Hann er minnugur og man oft eftir númerum á lögreglumönnum, sem hann hefur átt samskipti við, jafnvel fyrir mörgum árum. Engin áhugamál koma fram og ekki heldur nein sérstök markmið.

Frásagnir Kristjáns Viðars á verknuðum þeim, sem hann er kærður fyrir, eru nokkuð óljósar. Fyrst í viðtölunum ber hann við minnisleysi og virðist reyna að leggja sig fram um að muna betur. Lýsingar hans á atburðum í máli Guðmundar Einarssonar eru þó mun greinilegri en í Geirfinnsmálinu. Nokkrir atburðir í Geirfinnsmálinu eru þó einnig furðu skýrir. Í báðum ákæruatriðunum koma einnig fram lýsingar þar sem svo virðist sem raunveruleiki og óraunveruleiki blandist saman, þ.e.a.s. að svo virðist sem hugmyndir eða kenndir séu færðar fram sem raunveruleiki. Ég held ekki að þetta sé honum alltaf meðvitað. Ég er þó hér ekki að leggja mat á sannleiksgildi þeirra. Hugsanlegt er, að hann hafi bælt svo mikið það sem raunverulega hefur gerst, að það verði óljóst í endursögn. Hafa ber líka í huga, að hér er um að ræða óreglusaman atvinruleysingja, sem lifir mjög sérstæðu lífi í þjóðfélagi okkar þar sem svo virðist sem hver dagur gangi út á það að afla sér víns eða fíkniefna. Í slíku ástandi er líklegt, að renni saman raunveruleiki og óraunveruleiki. Sjálfur segir hann í lögregluskýrslum frá 7. apríl sl. er hann var að lýsa viðbrögðum sínum og Tryggva Rúnar eftir lát Guðmundar Einarssonar: "Ekki fórum við Tryggvi Rúnar strax að sofa, heldur tókum inn LSD-töflur. Við sofnuðum þó og vöknudum ekki fyrr en seint daginn eftir og þá vorum við einmitt að tala um hvort þessi atburður hefði virkilega átt sér stað, en við vorum undir áhrifum LSD og töldum okkur trú um, að þessi atburður hefði aldrei skeð". Kristján hefur oft sagt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis og lyfja þegar bæði ákæruatriðin áttu sér stað, reyndar segir Sævar Ciesielski í lögregluskýrslum frá 6. janúar 1976: "Ég held, að þeir (Tryggvi Rúnar, Kristján Viðar Viðarsson) hafi báðir verið undir áhrifum áfengis og einhverra lyfja, sennilega örvandi".

E.t.v. er þetta líka það sem Guðmundur sálugi Einarsson mun hafa verið að meina er hann kallaði þá "dópista". Kristján Viðar Viðarsson var með Valium í vasanum er hann var staddur í Keflavík í sambandi við Geirfinnsmálið og tók þær að sögn í bílnum á leiðinni til baka.

Kristján Viðar iðrast þess, sem hefur gerst í sambandi við Guðmund Einarsson. Í hvert skipti, sem rætt var um Guðmund varð hann viðkvæmur, reyndar segir Kristján, að Guðmundur hafi verið skólabróðir hans og kunningi áður fyrr, þó að þeir hafi ekki verið í neinum tengslum um lengri tíma. Hann getur þess, að það hafi hvorki verið ætlun sín, eða nokkur tilgangur fölginn í því að standa að því, sem gerðist í því máli. Tilfinningaviðbrögð hans verða nokkuð óljósari þegar Geirfinnsmálið ber á góma. Þar virðist hann undrandi yfir því á hvern hátt hann hefur tengst því máli eða komist í þá aðstöðu, sem hann er í, er geðrannsóknin fór fram. Þó virðist svo sem einhver breyting hafi gerst með honum um líkt leyti og Geirfinnsmálið átti að hafa átt sér stað. Páll Konráð Konráðsson Þormar segir m.a. í lögregluskýrslu frá 7. maí 1976 um ástand Kristjáns eftir þann dag: "...þá fannst mér Kristján Viðar verða á einhvern hátt hlédrægari en hann átti vanda til". Þess skal getið, að um líkt leyti minnka samskipti Kristjáns Viðars við Sævar og reyndar var Kristján búinn að fá sér annan vin. Það er hugsanlegt, að slík breyting kunni að hafa haft áhrif á framkomu Kristjáns.

Almennt heilsufar Kristjáns hefur verið gott. Einu sinni var gert að ígerð í hálsi. Ekki er vitað til þess að hann hafi legið á sjúkrahúsum vegna líkamlegra kvilla.

Sálfræðileg athugun var gerð af Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi dagana 26. og 27. apríl 1976. Tekin voru tvö próf. MMPI-próf: Niðurstöður þess voru: "Kristján lætur ekki í ljós nein taugaveiklunareinkenni eða geðræna vanlíðan". Ennfremur segir: "...sjálfstraust og starfhæfni virðist óskert".

Enn segir: "Sú mynd, sem fram kemur af persónuleika hans er dæmigerð fyrir andfélagslega persónuleika (sociopathic personality) sem lýsir sér í impulsivri hegðun, grunnu tilfinningalífi, tillitsleysi við aðra og afbrotahneigð". Niðurstöður þessa MMPI-prófs eru því: "Hann er tilfinningalega vanþroska, bráðlyndur og agressivur, hefur mjög óljósa siðgæðisvitund, er eirðarlaus og örlyndur". Hitt prófið er Bender-Gestalt. Niðurstöður þess prófs benda ekki til truflana á heilastarfsemi af líkamlegum orsökum. Greindarpróf voru tekin 2.4.73, er hann lá á Kleppsspítalanum. Niðurstöður þeirra voru, að starfhæf greind hans væri talin í löku meðallagi. Almennar blóðrannsóknir ásamt sérprófum á starfsemi lifrar og nýrna voru innan eðlilegra marka, Lues-próf negativt.

Kristján Viðar er myndarlegur maður á vöxt, en nokkuð föllur, lófar ætíð kaldsveittir. Hann var spenntur, einkum framan af hverju viðtali, slakaði stöku sinnum á spennunni, en var oftast á varðbergi. Hann var opinskár um fyrri atburðarás og heimilishagi, myndaði stundum góð tengsl og sýndi viðkvæmni einkum er talið barst að ákæruatriðunum. Hann virðist rétt meðalgreindur, en þekking fremur takmörkuð og orðaforði einnig, en þó sennilega í samræmi við hugsanagang manns, sem hefur lifað slíku líferni. Erlendis hafði ég rekist á áberandi bil milli tjáningaforms og hugsanagangs fólks úr ýmsum stigum þjóðfélags. Þetta er í fyrsta skipti sem ég rek mig á slíkt bil hérlendis. Svo fjarri hefur líferni og hugsanasvið hans verið. Fangaverðir og rannsóknarlögreglumenn er ég ræddi við höfðu fundið til svipaðs mismunar. Tiltölulega fljótt dró þó úr sérkennum þessum. Nærminni hans virðist gott og fjærminni á köflum sérstaklega gott, þó eins og áður hefur verið lýst, hafi borið á minnistruflunum. Einbeitingarörðugleikar koma nokkuð sterkt fram og eirðarleysi, en stemning hans var allan tímann nokkuð ör. Hann er áberandi tortrygginn, tilfinningaríkur og æsist tiltölulega auðveldlega upp, en jafnar sig fljótt og virðist ekki langrækinn.

Hér er um að ræða 21 árs gamlan atvinnulausan óreglumann, sem er ákærður fyrir þátttöku í hugsanlegu morði Guðmundar Einarssonar og í hinu svokallaða Geirfinnsmáli. Kristján er einkabarn foreldra, sem áttu við mikil vandamál að stríða í sambúð. Hann ólst upp hjá ömmu, sem réði ekki við skapgerð hans, og gerðist hann snemma ódæll og sjálfráða, án þess að bera skilning á, eða hafa dómgreind, til þess að stjórna sér og tilfinningum sínum, svo að vel færi. Líf hans veindist fljótlega inn á afbrot og ofneyslu áfengis og fíkniefna. Hann lauk ekki unglingsprófi og lítið sem ekkert hefur verið um reglubundna vinnu að ræða. Lífsviðurværis aflar hann sér ýmist með afbrotum eða með þjónkukennndri vináttu við kunningja. Hann er ósjálfstæður og tilfinningaríkur og þarf því einnig að leita öryggis til annarra, en tortryggnin hindrar hann í að treysta öðrum fyrir tilfinningum sínum. Þarfir hans eru frumstæðar og því hætt við að honum hyggnari einstaklingar geti gert hann háðan sér og stjórnað athöfnum hans. Svo langt virðist hann hafa komist frá almennu lífern, að það verður nær óskiljanlegt, m.a. gatir vissra erfiðleika í samskiptum hans við annað fólk. Hér er því um að ræða þjóðfélagslega frumstæðan mann með sérkennilegt gildismat og sterka andfélagslega hegðun.

Niðurstaða mín af rannsókninni er, að Kristján Viðar Viðarsson er haldinn drykkjusýki og ofneyslu ávana- og fíkniefna (alcohol addiction, drug dependence). Skapgerð er afbrigðileg þannig, að hann er tilfinningalega vanþroska með sterka andfélagslega hegðun (personality disorders, antisocial personality). Ekki er líklegt, að hin afbrigðilega skapgerð með takmarkaðri stjórn á útrás hvata og tilfinninga sé af veifrænum orsökum (sbr. heilalínurit og niðurstöðu af Bender - (estalt prófi) eða af geðrænum toga spunnið (sbr. MMPI-próf og niðurstöðu geðrannsóknar). Óvíst er hvort geðlækningar muni bera nokkurn árangur og ekki er mælt með meðhöndlun á sjúkrahúsi vegna ástand þessa. Telja má víst, að hann hafi verið undir áhrifum bæði vins og lyfja í báðum ákærutilvikum (í máli Guðmundar Einarssonar og Geirfinnsmáli) og hefur það

ástand að sjálfsögðu dregið úr stjórnun hans á gjörðum sínum og haft áhrif á það sem kann að hafa gerst. Erfitt er að segja til um horfur á ástandi Kristjáns Viðars í framtíðinni, en almenn reynsla hefur sýnt, að slíkt andfélagslegt atferli sem hér er um að ræða, dvíni, eða hverfi alveg með aldrinum, einkum upp úr þrítugsaldri.

Hann er hvorki fáviti né geðveikur (psykotiskur) í skilningi hegningarlaga og er þar af leiðandi sakhæfur, í almennum skilningi. Hins vegar eru málsatvik í báðum íkæruatriðum Óljós og því ekki unnt á þessu stigi málsins að dæma um sakhæfni hans í hvoru þessarra atvika fyrir sig.

Larus Helgason

Samkvæmt beiðni Sakadóms Reykjavíkur, hef ég undirritaður framkvæmt geðrannsókn á Sævari Marinó Ciesielski, f. 6.7.1955, til heimilis að Grýtubakka 10, Reykjavík, vegna meintrar hlutdeildar hans í hvarfi Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar. Geðrannsóknin fór fram á tímabilinu 31. maí til 3. september 1976.

Sævar er fæddur í Reykjavík og að mestu alinn þar upp hjá foreldrum sínum. Móðir hans er Sigurbjörg Guðjónsdóttir, f. 28.5.1930 og er hún að sögn Sævars hreinskilin, heiðarleg og vinnusöm kona. Hún hefur verið nokkuð hrjáð af sykursýki sl. 5 ár, en annars verið heilsugóð. Sigurbjörg býr nú að Grýtubakka 10 í sambúð við Jósep Matthíasson, f. 19.2. '39. Sævar kveðst hafa átt í smærjum við móður sína fyrrum, en yfirleitt mun samkomulag þeirra hafa verið gott, að hans sögn.

Faðir Sævars hét Michael Francis Ciesielski, f. 1922, amerikani af pólsku foreldri. Hann mun upprunalega hafa verið menntaður í viðskiptafræðum, en fékk ekki starf við sitt hæfi og gerðist þá veðurfræðingur. Vann hann á vegum hersins á Keflavíkurflugvelli sem slíkur, er hann kynntist Sigurbjörgu og giftust þau 1951. Þjuggu þau hjón í Ameríku til ársins 1955, en fluttu þá aftur til Íslands. Í fyrstu vann Michael á vegum hersins, en síðar sem verzlunarmaður um tíma og loks slitrótt ýmis verkamannastörf. Að mati Sævars átti faðir hans erfitt uppdráttar hér á landi, náði ekki tókum á tungunni og fékk ekki störf við sitt hæfi. Þá var hann all drykkfelldur og að sögn Sigurbjargar versnaði þetta mjög seinustu 6 ár sambúðar þeirra. Undir áhrifum vins var hann mjög afbrýðissamur og hrottafenginn, átti það jafnvel til að berja konu sína og syni með leðurbelti.

Ódrukkinn var hann að jafnaði hjálpsamur og nærgætinn að sögn Sigurbjargar og báðir synir hans minnst hans með nokkurri hlýju.

Þau hjón skildu árið 1967 og flutti Michael þá til Ameríku þar sem hann lézt í bifreiðaslysi 2 árum síðar. Börn þeirra hjóna eru John Óli, f. 30.6.1952. Hann hefur lokið prófi frá búnaðarskóla, en flosnaði síðar upp úr námi í M.E. Atvinnuferill hans er slitróttur, hann hefur þjáðst af skjaldkirtilssjúkdómi og verið til meðferðar á Kleppsspítala vegna taugaveiklunar og persónuleikaafbrigðis. Sævar er næstelztur. Þá er Anna Björg, f. 21.8.1957 þrúð og heilsteypt persóna. Hún dvelst nú í Englandi sem au pair stúlka. Yngst alsystkinanna er Edna María, f. 18.7.1958, hún mun eiga við skapgerðargalla að stríða, fór sínu fram, taldi illa í skóla og var af þessum sökum komið fyrir hjá vandalausum á Akureyri 14 ára gamalli.

Hálfbróðir þeirra systkina er Jósep Matthías Jósepsson, f. 21.6. 1969, sonur sambýlismanns Sigurbjargar.

Í hjónabandi Sigurbjargar og Michaels mun fjölskyldan oft hafa húið við efnalega bág kjör sökum óreglu föðurins og strjállar vinnu. Af þessum sökum varð Sigurbjörg að vinna utan heimilisins frá því er Sævar var 6 ára, voru þá telpurrar í gæzlu á róluvelli, "en drengirnir lentu á götunni".

Fjölskyldan bjó jafnan í leiguhúsnæði, misjöfnu að gæðum.

Að sögn móður Sævars var hann fæddur fullburða og eðlilegt barn a.ö.l. en því, að annað eista hans seig ekki og var gert að því er hann var 6 ára. Um svipað leyti voru kokeitlar fjarlægðir. Hann var ávallt smáfaxinn og rólegt barn; talinn fremur lítill í sér. Um þroskamörk er sagt, að hann hafi verið fremur seinn til tals, nokkuð

klaufalegur að handleika hluti og snéri þeim oft öfugt, fór til dæmis í öfug stígvél fram til 8 ára aldurs. Þá var hann ekki hreinn til baksins fyrr en 4 ára og varð ekki læs fyrr en 8 ára.

Sævar hóf skólagöngu í Miðbæjarskóla, fluttist ári seinna í Landakotsskóla, en réð ekki við námsefnið og var látinn hætta og færður í Austurbæjarskólann á miðjum vetri. Þar var hann í fyrstu lagður í einelti af bekkjarbræðrum og hélt sig meira í félagsskap telþna. Árið eftir (í 9 ára bekk) fór að bera allmikið á fjarvistum frá skóla og komst móðir hans þá að því, að hann var í slagtogi við jafnaldra er héldu verndarhendi yfir honum og stunduðu þeir saman útivistir, reykingar, slæping á leigubílum og jafnvel búðapjófnaði. Þá munu þeir einnig hafa lyktað af þynni. Í þessum félagsskap munu hafa verið Kristján Viðar Viðarsson og Albert Skaftason er grunaðir eru um aðild að afbrotum þeim er gaf tilefni til þessarar rannsóknar. Árið eftir mun hann hafa haldið uppteknum hætti og móðir hans ráðið lítt við hann. Ellefu ára var honum af þessum sökum komið í skóla að Jaðri á vegum Félagsmálastofnunarinnar skv. beiðni móður hans og veturinn næstan á eftir hafði hann vetursetur hjá móðurforeldrum sínum að Stóra-Hofi í Rangárvallasýslu. Þrettán ára sækir hann aftur Austurbæjarskólann, en það haust var hann erfiður móður sinni og var fjarvistum úr skóla. Af þessum sökum fór hann með móður sinni í viðtal hjá Þórði Möller geðlækni, er taldi hann hafa við aðlögunarvandkvæði að stríða (maladaptatio odescence) og mögulega vera geðvilltan (psychopat). Næsta skólaár dvaldi hann í heimavistar-skóla í Breiðuvík á vegum Félagsmálastofnunarinnar, lauk þaðan fullnaðarprófi og vann fjógsstörf við góðan orðstír að sögn móður hans. Árið eftir hóf hann nám að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, en var vikið úr skóla um jól vegna agabrots. Eftir þetta "flæktist hann um í Reykjavík til vors" (uppl. móður) en hélt þá austur að Stóra-Hofi, þar sem hann var yfir sumartímann.

Fyrsta árið eftir að skólagöngu lauk vann hann stopult, en nær ekkert eftir það.

Samkvæmt upplýsingum móður hans flutti hann að heiman 1971 og kvaðst búa með kunningjum sínum á Brekkustíg. Eftir flutninginn sá hún hann lítið og helzt um helgar næstu 2 árin.

Sævar segir sjálfur, að árið 1972 hafi orðið mikil breyting á lífi sínu, hann eignaðist nýjan kunningjahóp og var það fólk honum eldra og fremra að menntun. Þá tók hann einnig til við að fást við kvikmyndagerð, en þó ekki þannig, að hann hefði framfæri af því. Í þessum nýja félagsskap kynntist hann frekar fíkniefnum án þess hann notaði þau sjálfur. Fór svo, að hann hóf að kaupa og flytja inn fíkniefni, hass og LSD, erlendis frá. Þetta stundaði hann í félagi með öðrum og munu aðrir aðilar hafa útvegað fé í þessi viðskipti. Alls mun hann hafa farið 5 ferðir utan frá haustinu 1973 - janúar 1974 og hefur hann sjálfur greint frá því, að fjórar hafi verið farnar til fíkniefnakaupa.

Í ágúst 1973 kynntist Sævar Erlu Bolladóttur, segir hann að hún hafði þá átt í tilfinningalegum erfiðleikum og hafi kynni þeirra hafizt sökum vorkunnsemi hans til hennar. Bauð hann henni með sér í eins mánaðar ferð til USA í okt. 1973, en eftir þessa ferð voru samvistir þeirra slitróttar, sökum vanstillingar Erlu, unz þau fóru að búa saman í Hafnarfirði 1. febrúar 1974. Nokkrum dögum síðar var Sævar handtekinn og sat í varðhaldi í 20 daga vegna rannsóknar í fíkniefnamáli. Er hann losnaði úr haldi fluttu þau Erla í annað húsnæði. Erla hafði þá starf hjá Pósti og Síma, en í annan stað kom þeim fé af sölu áfengis, er Sævar stal þá um vorið, en einnig með því að svíkja fé tvívegis út úr Pósti og Síma sumarið 1974. Þetta sumar skiptu þau enn um samastað, en um haustið varð samband þeirra stirt og flutti Erla frá Sævri um

tíma. Er þau tóku saman á ný bjuggu þau hjá móður Sævars í u.þ.b. 3 mánuði, eða þar til þau fóru skyndilega og hvort í sínu lagi utan til Kaupmannahafnar í des. 1974. Erla kom síðan heim fremur illa haldin og þunguð, að sögn móður Sævars, í marzbyrjun 1975, en Sævar kom u.þ.b. mánuði seinna. Í maí fékk Erla starf á lögfræðiskrifstofu og fluttu þau þá saman í íbúð í Kópavogi.

Þeim Sævari og Erlu fæddist barn í sept. 1975. Sævar lýsir sjálfum sér sem viðkvæmum manni elskum að skepnum og mönnum. Þá segist hann hafa óbeit á ofbeldi. Móðir hans segir hann vera eirðarlausan, með óreglulegar svefnvenjur. Hún vissi ekki til að hann hefði nein sérleg áhugamál og taldi hann aðeins eiga að vinum gömlu skólafélagana úr Austurbæjarskólanum.

Ég hef oftlega rætt við Sævar um afbrot þau, sem hann er grunaður um aðild að og hefur hann staðfastlega neitað að eiga þar nokkurt hlut að máli. Hann segist geta sannað fjarveru sína kvöld það er Guðmundur Einarsson hvarf og hefur í því sambandi borið við tvennu: annars vegar að hann hafi eytt kvöldinu með vinkonu sinni, Helgu Gísladóttur, og hins vegar að hann hafi farið þetta kvöld austur í Hveragerði að sækja hana er hann átti þar í geymslu.

Varðandi kvöld það er Geirfinnur Einarsson hvarf, segir hann að hann hafi þá verið á heimili Vilhjálms Knúðssen. Sævari hefur verið tíðrætt um framkomu lögreglunnar við sig og segir hana hafa beitt sig þvingunum til þess að skrifa undir játningar.

Um almennt heilsufar Sævars er það að segja, að árin 1971 og 1972 bar nokkuð á kvíða og hjartsláttarköstum hjá honum, hann var skoðaður af læknum (Björn Öundurson, Sveinir Bergmann, Guðmundur Oddsson) og voru einkenni hans ekki talin líkamlegs eðlis heldur andlegs og var geðlæknis meðferð ráðlögð. Slíkri meðferð var hann hins vegar afhuga.

Sálfræðileg athugun var gerð á Sævari af Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi þ. 24.5. - 9.7. '76. Gylfi lýsir atferli hans og viðbrögðum við prófunum þannig: "Geðtengsl voru góð á yfirborðinu, en ómögulegt að ná nokkrum dýpri geðtengslum við hann. Hann reynir stöðugt að manipulera undirritaðan, er tungulipur í betra lagi, reynir að komast hjá því að taka sálfræðilegu prófin, beitir ýmist fyrir sig lempanlegum tón eða hótunum um lögfræðilegar aðgerðir. Samvinna við hann er því brösótt og rannsókn seinleg. Hegðun hans og viðbrögð öll eru dæmigerð fyrir psychopatiskan persónuleika með ákaflega flatt tilfinningalíf."

Lögð voru fyrir eftirfarandi próf: Wechsler, alm. greindarpróf; Bender Gestalt, skynhreyfipróf; Rorschack-, MMPI- og 16PF persónuleikapróf. MMPI-prófið var lagt fyrir tvisvar þar eð óvíst var hvort hann stóð einn að fyrri úrlausninni. Niðurstöður prófanna sýndu, að "ekkert kom þar fram er benti til meiriháttar geðveiki (psychosis) eða vefrænna truflana á greind eða persónuleika. Starfhæf greind er fremur lök (grvt. 84), þótt líkur séu til þess að hann sé greindari að eðlisfari. Einkum er dómgreind hans lítil og íhygli. Við rannsókn á persónuleika koma fram djúpstæðar truflanir, sem lýsa sér í grunnu tilfinningalífi, tillitsleysi við aðra og andfélagslegu atferli. Merki eru um óvissa samsömun, vanmetakennd og óöryggi um karlmennsku sína, sem kann að liggja til grundvallar hegðunarvandkvæðum hans."

Læknisskoðun 30.7. '76 leiddi ekkert óeðlilegt í ljós og almenn blóðrannsókn ásamt sérprófum fyrir lifrar- og nýrnastarfsemi var innan eðlilegra marka. Þá var heilalínurit eðlilegt og Luespróf negativt.

Geðskoðun: Sævar er lágvaxinn, grannur maður með fölan litarhátt. Tengsl við hann voru góð á yfirborðinu, honum líkaði augsýnilega vel að fá tækifæri til þess að tala og hann kom oftast fyrir sem drjúgur og kumpánlegur. Samvinna

við hann var fremur örðug, þar eð honum var gjarnt að vaða úr einu í annað á yfirborðslegan hátt og oft í litlu samhengi. Alla jafna virtist hann var um sig jafnvel tortrygginn og kom það einkum fram er hann ræddi sálfræðiprófin er honum sýndist standa stuggur af. Nokkrum sinnum beygði hann af í viðtali, einkum er rätt var um föður hans og samband hans við Erlu, en hann reif sig jafnskjótt upp og sló brosandí yfir í aðra sálma. Aldrei varð vart neinna truflana á hugsun eða skynjun. Hann virtist í meðallagi greindur, áttun hans, einbeiting og minni virtist allt með eðlilegum hætti.

Niðurstaða: Hér er um að ræða 21 árs gamlan mann, sem grunaður er um aðild að hvarfi og e.t.v. morði Guðmundar Einarssonar, en jafnframt aðild að svonefndu Geirfinnsmáli.


Hann er annar fjögurra alsystkina, alinn upp í fjölskyldu með drykkfelldum föður er átti til að beita fjölskyldumeðlimi líkamlegu ofbeldi. Milli foreldra hans var oft ósamkomulag, jafnvel barsmíðar, efnahagur fjölskyldunnar var ótryggur og varð móðirin af þeim sökum að vinna úti frá því Sævar var 6 ára gamall. Það er vel kunnugt að fjölskyldulíf, sem þetta stuðlar ekki að þróun eðlilegs persónuleika. Á það má einnig benda, að tvö systkina hans eru talin hafa afbrigðilegan persónuleika. Ef marka má heimildir, virðist sem þroskamörk hans hafi verið örlítið í seinna lagi og hefur það einnig fylgni með afbrigðilegum persónuþroska. Snemma bar á andfélagslegri hegðun hjá honum svo sem fjarvistum úr skóla og útivist. Leiddi þetta til vistunar í sérskólum. Ekki báru þessar ráðstafanir árangur, þar sem honum tókst ekki að hasla sér völl á almennum vinnumarkaði, en leiddist í þess stað inn á braut afbrota.

Niðurstaða mín af þessari rannsókn er sú, að Sævar sé ekki fáviti né heldur geðveikur (psychotiskur), en að hann sé haldinn geðvillu (personality disorder, antisocial type). Ekkert hefur komið fram er bent gæti til þess, að

1193

geðvillan stafi af vefrænum orsökum. Sævar er því í almennum skilningi sakhæfur. Um sannleiksgildi frásagnar hans er ekkert hægt að fullyrða, en vísað er til þess, að framburður hans varðandi grunuð afbrot er breytilegur.

Framtíðahorfur Sævars m.t.t. geðvillu hans eru óvissar. Árangur geðlæknismeðferðar, þegar reynd hefur verið við slíku ástandi, hefur verið óviss og er ekki mælt með henni hér. Reynsla sýnir þó, að andfélagslegt atferli verður ekki eins áberandi hjá slíkum mönnum, eða hverfur jafnvel með aldri. Slíkt mun þó fátítt fyrir þrítugsaldur.



Ingvar Kristjánsson
geðlæknir

Til Sakadóms Reykjavíkur

Keflavíkur deild (umboð)

Keflavík 3.8.76.

1) Athugasemd:

Undirritaður heimsótti í dag í fylgd hr. Eggerz, deildarstjóra tollsins Kristján Pétursson og lögreglumanninn Guðmundsson í Keflavík.

Fundurinn var í báðum tilfellum skoðaður sem kurteisheimsókn útlends starfsbróður í lögreglunni. Eftir nokkrar inngangsumræður um tilgang starfs míns á Íslandi beindist talið að morðmáli Geirfinns.

Eftirfarandi atriði eru það sem reyndist athyglisvert:

Kristján Pétursson.

P. var kurteis en mjög hlédrægur. Hann virtist vera í geðshræringu.

Hann gat ekki gefið neinar raunhæfar vísbendingar í G-málinu.

P. kom þó með nokkrar kenningar sem hann rökstuddi ekki nánar.

Hann lagði áherslu á að hann væri ákafur glæparannsóknarmaður (Kriminalist), og ynni að rannsóknarmálum utan vinnutíma sem nokkurs konar (hobby) dægurstyttingu. Eins og væri hefði saksóknari höfðað mál á hendur honum vegna vanrækslu í starfi. Orsökina væri að finna í grein í íslensku blaði sem birtist fyrir skömmu síðan. Hann yrði þess vegna að fara mjög varlega í öllum sínum framburði. Hann væri tilbúinn til þess að aðstoða undirritaðan eða gefa honum vísbendingar ef hann gæti.

P. sagði þó að sér þætti leitt að hann hefði ekki fengið neinar upplýsingar í G-málinu í langan tíma. Hann sagði að undirritaður væri ævinlega velkominn í heimsókn.

Guðmundsson, lögreglumaður.

G. var fyrst mjög hlédrægur en varð smám saman opinskárri og í lokin mjög samstarfsfús. (vinsamlegur.)

Eftir um það bil 15 mínútur kom sakadómariinn í Keflavíki *þóttur*

Hvað Geirfinnsmálið varðar, þá vita báðir mennirnir mjög vel hvers konar maður Geirfinnur var, og hafa góða yfirsýn yfir rannsóknina sem þeir framkvæmdu. Þeir kvörtuðu báðir yfir því að hafa fengið léklega aðstoð yfirmanna sinna bæði hvað fé og mannafla snerti. jafnvel þó að þeir hefðu oft óskað eftir slíkri aðstoð. Eftir dálítinn tíma hafi þeim verið sagt að gefa máli þessu ekki neinn sérstakan ka gaum. Þeir ættu heldur að einbeita sér að öðrum verkefnum. Síðan hefði rannsóknin verið tekin gjörsamlega úr höndum þeirra.

Sem dæmi um það hversu lítinn stuðning þeir hefðu fengið hjá yfirmönnum sínum nefndu þeir að Verðlaunin sem heitið var, kr. 1.000.000 hefði ekkja Geirfinns að hálfu og lögglumenn að hálfu lagt fram.

Síðan voru lagðar fram nákvæmar spurningar varðandi skapgerð G. og til þess að fá sem besta mynd af persónugerð hans og sambandi við ~~xxxx~~.umheiminn. Báðir lýstu Geirfinni sem mjög hlédrægum manni sem ætti ekki til neinar öfgatilhneigingar. Hann hafi ekki einu sinni getað skrifað almennilega svo að kona hans þurfti að sjá um allar skriftir. Hann hefði haft áberandi lítil sambönd við aðra. Aðldrei hefði verið kunnugt um neitt framhjáhald hjá honum né að hann hefði lifað "öðru lífi". Lögglumennirnir halda að það hafi verið útilokað vegna þess hvernig hann var gerður (þröngur).

Sakadómarinn vakti þó athygli á því að Geirfinnur hefði oft borið kvenskartgripi (hringi og karmbönd), sem x væri í algjörri andstöðu við skapgerð hans.

Einu sinni hefði hann orðið mjög vandræðalegur þegar kona hans uppgötvaði hjá honum armbönd einn morguninn. Hann hefur líklega gleymt að taka þau af swér. Hann bar því við að læsingin væri föst.

Ekki væri neitt sem benti ákveðið til þess að Geirfinnur hafi verið kynvilltur. Samt skyldi tekið til greina að kynlíf hans og konu hans hafi ekki alltaf verið í sem bestu lagi.

Ekki benti til þess að ástmaður konu Geirfinns hefði myrt hann til að losna við hann. Rannsóknar- lögreglumennirnir útiloka það tilfinningalega (?) eða af tilfinningu (?)

- 2) Til vinsamlegrar athugunar fyrir Höskuldsson rannsóknardómara.

Undirskrift.

B Nr. VII Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 28/4 1977

G.Br.

GEIRFINNSMÁL

MAPPA : 3

FRUMRIT : Bls. 1001-1318 (1364)

Phobos I
CONFIDENTIAL